

Fornleifakönnun.

Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar



Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS141-01061

Reykjavík 2001

Fornleifakönnun

© *Fornleifastofnun Íslands 2001.*

Forsíðmynd: Syðri-Vík í Héðinsfirði, síðasta bygt ból í firðinum.

Efnisyfirlit

1. kafli. Inngangur	5
2. kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar	6
3. kafli. Fyrri athuganir og saga byggðar	7
4. kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði	14
Skarðdalur	15
Leyningur	15
Hóll	18
Saurbær	24
Ráeyri	31
Skútustaðir	38
Ámá	40
Möðruvellir	41
Grundarkot	42
Vatnsendi	46
Vík	51
Ósbrekka	60
Ósbrekkukot	63
Skeggjabrekka	64
Kvíabekkur	68
Þverá	70
Stóra-Holt	71
Brúnastaðir	73
Illugastaðir	75
5. kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar	76
6. kafli. Niðurstaða - Tillaga um aðgerðir	83
7. kafli. Niðurlag	86

8. kafli. Heimildaskrá

87

Viðauki

Kort 1: Siglufjörður

Kort 2: Siglufjörður

Kort 3: Héðinsfjörður

Kort 4: Héðinsfjörður

Kort 5: Ólafsfjörður

Kort 6: Ólafsfjörður

Kort 7: Skagafjörður

Kort 8: Skagafjörður

1. kafli. Inngangur

Fyrirhugað er að leggja jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Tvær leiðir hafa verið til skoðunar: *Héðinsfjarðarleið*, úr mynni Skeggjabrekkudals þvert yfir Héðinsfjarðardal og niður Skútudal í Siglufirði, og *Fljótaleið*, úr mynni Kvíabekkjardals og niður Holtsdal og úr mynni Nautadals og niður Hólsdal í Siglufirði.

Sumarið 2000 fór Vegagerðin á Akureyri þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á Héðinsfjarðarleið. Um sumarið voru skráðar minjar í Héðinsfirði, í Skútudal í Siglufirði og við mynni Skeggjabrekkudals. Í mynni Skútudals voru athugaðar tvær hugsanlegar veglínur, ein fyrir sunnan og önnur fyrir norðan flugvöllinn. Í Héðinsfirði voru allar þekktar og sýnilegar fornleifar skráðar þar sem tími vanst til þess og menn og tæki voru á staðnum. Um haustið fór Vegagerðin á Akureyri svo fram á að einnig yrði könnuð svokölluð Fljótaleið. Vettvangsvinna vegna hennar fór fram í nóvember en þá varð að hætta vegna stórhriðar og varð henni ekki lokið fyrr en í janúar 2001. Þegar fornleifar á Fljótaleið voru skráðar lá ekki fyrir ákveðin veglína og var því reynt að skrá minjar á öllu því svæði þar sem líklegt þótti að vegurinn gæti komið til með að liggja. Upplýsingar um fyrirhuguð haugstæði lágu heldur ekki fyrir.

Við fornleifakönnun vegna jarðgangagerðar milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar voru heimildir skoðaðar um 535 fornleifastaði í Siglufirði, Héðinsfirði, Ólafsfirði og Fljótum. Hér eru birtar niðurstöður um 218 þessara staða en um hina leiddi heimildakönnun eða vettvangsathugun í ljós að þeir voru langt frá vegarstæðinu og mögulegu áhrifasvæði þess.

Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fornleifum á Héðinsfjarðar- og Fljótaleiðum. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við ábúendur og aðra staðkunnuga á svæðinu. Gengið var eftir fyrirhuguðum vegarstæðum og nágrenni þeirra kannað. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum

við umhverfismat,¹ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um mótvægisáðgerðir. Sædís Gunnarsdóttir gerði svæðisskráningu til undirbúnings vettvangsvinnu sem unnin var af Birnu Lárusdóttur, Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Orra Vésteinssyni og Sölva Birni Sigurðarsyni. Verkið í heild var unnið undir stjórn Orra Vésteinssonar. Sérstakar þakkir fá heimildamenn og starfsmenn Vegagerðarinnar á Akureyri fyrir margvíslega liðveislu.

2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarmínjar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarmínja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Samkvæmt 16. grein þjóðminjalaga teljast til fornleifa hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna mínja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarmínjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessvegur um Mávahlíðarrif*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - Sami: *Skýrsla um menningarmínjar við fyrirhugað vegarstæði Ólafsvíkurvegur og Útnessvegur sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

Fornleifakönnun

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. Þjóðminjalaga segir m.a. : “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.”

3. kafli. Fyrri athuganir og saga byggðar

Fyrirhuguð vegarstæði liggja um lönd þriggja fornra hreppa. Nyrst er Hvanneyrarhreppur, en hann heitir nú Siglufjarðarkaupstaður með sömu ummerkjum. Hreppurinn skiptist í 4

afmörkuð byggðarlög, Úlfsdali, Siglufjörð, Siglunes og Héðinsfjörð auk Hvanndala þar sem aðeins var einn bær. Fyrirhuguð er vegagerð um Héðinsfjarðardal þveran og um Skútudal og Hólsdal í Siglufirði. Sunnan við Hvanneyrarhrepp var Þóroddstaðahreppur, en hann heitir nú Ólafsfjarðarkaupstaður með sömu ummerkjum. Þar er aðeins eitt byggðarlag, Ólafsfjörður og eru fyrirhuguð vegarstæði vestanmegin í sveitinni, við mynni Skeggjabrekkudals og Kvíabekkjardals. Vestan við Hvanneyrarhrepp og Þóroddstaðahrepp var Fljótahreppur sem nú er hluti af sveitarfélaginu Skagafirði. Fyrirhugað vegarstæði fer ekki um byggð í Fljótum heldur liggur um Holtsdal sem er fyrir austan austustu bæjarröðina í Fljótum.

Enginn af fornleifakönnuðum 19. aldar greinir frá fornleifum í nánd við fyrirhuguð vegarstæði í Ólafsfirði, Héðinsfirði, Siglufirði eða í Fljótum. Að vísu hafði Gamalíel Þorleifsson sóknarprestur á Hvanneyri ritað Hinni konunglegu nefnd til varðveislu fornleifa árið 1818 og getið þar um Álfhól í landi Saurbæjar og Finnhóla í landi Hóls sem meintra fornmannahauga, en hann var vantrúaður á það sjálfur og ekki virðast menn hafa tekið upp þráðinn frá honum.

Árið 1996 lét Héraðsnefnd Eyjafjarðar gera svæðisskráningu m.a. í Ólafsfirði og voru þá skráðar upplýsingar um fornleifar í landi Ósbrekkku, Ósbrekkukots, Skeggjabrekkku, Kvíabekkjjar og Þverár. Í hinum fornu Hvanneyrar- (nú Siglufjarðarkaupstaður) og Fljótahreppum hafði hinsvegar engin fornleifaskráning átt sér stað fyrr en athuganir þær sem hér er greint frá voru gerðar. Engar friðlýstar minjar eru á athugunarsvæðinu.

Þó lítið hafi farið fyrir fornleifaathugunum á svæðinu hefur ýmislegt verið ritað um sögu byggðar í Hvanneyrarhreppi. Örnefnaskrár úr hreppnum, sérílagi þær sem eru eftir Helga Guðmundsson, eru fullar af kenningum um þróun byggðarinnar. Þær hefur Sigurjón Sigtryggsson að stórum hluta tekið upp, þó ekki alltaf gagnrýnislaust, í ritverki sínu *Frá Hvanndölum til Úlfsdala*, en þar er að finna mikinn fróðleik um staðhætti og fornleifar sem byggir á eigin athugunum höfundar.

Landnám. Heimildir um byggð á svæðinu, einkum frá miðöldum, eru rýrar. Í Landnámabók er sagt frá Bárði Suðureying og Brúna hinum hvíta sem námu land austast í Fljótum, sitt hvoru megin við Mjóadalsá sem talin er vera sama á og Brúnastaðaá. Brúni á að hafa búið á Brúnastöðum en um bæ Bárðar er ekki getið. Úlfur víkingur nam Úlfsdali og Ólafur bekkur hluta af Ólafsfirði og bjó á Kvíabekk. Þormóður rammi nam Siglufjörð og Héðinsfjörð og bjó á Siglunesi. Þeir Þormóður og Ólafur deildu um Hvanndali og lyktaði það með því að þeir skiptu þeim með sér þannig að hvor skyldi sitt sumar hafa (ÍF I, 244-46). Í Svarfdæla

sögu er getið um Héðinn í Héðinsfirði og er hann sagður hafa verið bróðir Ólafs bekks (ÍF IX, 150).

Af þessu verður lítið sagt um elstu byggð á svæðinu. Ljóst er að þær sagnir sem Landnámuhöfundar styðjast við eru mjög litaðar af örnefnum (Brúni á Brúnastöðum, Úlfur í Úlfsdölum, Ólafur bekkur á Kvíabekk í Ólafsfirði, Héðinn í Héðinsfirði) og því sennilega lítið á þeim byggjandi. Markvert er þó að Hvanndalir og Héðinsfjörður eru greinilega frá upphafi taldir sem jaðarsvæði og má telja líklegt að búskapur þar hafi ekki verið öflugur eða mikill. Að öðru leyti koma bújarðir á athugunarsvæðinu lítið sem ekkert við sögur, hvorki Íslendingasögur né samtíðarsögur. Það er ekki fyrr en á síðmiðöldum sem þeirra fer að sjást merki í skjölum.

Ólafsfjörður. Það er aðeins í Ólafsfirði sem getið er um bæi á 12. öld. Árið 1195 er sagt frá nágrannaerjum bænda á tveimur bæjum í Ólafsfirði sem báðir hétu Brekka og lágu tún þeirra saman og enginn garður á milli að því best verður séð. Talið er víst að það muni vera Ósbrekka og Skeggjabrekka en annar bóndinn var þingmaður Guðmundar dýra á Bakka í Öxnadal en hinir voru vinir Arnodds hins mikla á Kvíabekk. Arnodds er ekki getið annarsstaðar en ljóst er af samhenginu að hann hefur verið sveitarhöfðingi í Ólafsfirði og hefur Kvíabekkur þá þegar verið orðin miðstöð sveitarinnar. Kvíabekkur var orðinn staður í byrjun 14. aldar, og stofnaði Lárentíus Kálfsson Hólabiskup þar spítala fyrir aldraða presta á árunum 1323 til 1331. Sá spítali mun ekki hafa starfað lengi, sennilega aðeins í nokkur ár því að í sömu heimild og sagt er frá spítalastofnuninni er gefið í skyn að eftirmaður Lárentíusar hafi lagt spítalann niður. Eini miðaldamáldagi Kvíabekkjarkirkju er frá 1461 og sést af honum að hún hefur þá verið sóknarkirkja allra Ólafsfirðinga – og má ætla að svo hafi verið frá 12. öld að minnsta kosti, þó kirkja hafi líka verið á Þóroddstöðum. Auk heimalands átti Kvíabekkjarkirkja Hringver og Þverárland – en það orðalag, “Þverárland” en ekki “Þverá”, gæti bent til þess að jörðin hafi þá verið í eyði eins og margar aðrar smájarðir í þessum landshluta á 15. öld. Í jarðatali Hólastóls frá 1449 kemur fram að bæði Skeggjabrekka og Ósbrekka voru þá þegar orðnar eign dómkirkjunnar eins og margar aðrar jarðir í Ólafsfirði.

Eins og víða annarsstaðar var uppsveifla í byggð í Ólafsfirði á seinni hluta 17. aldar og var hjáleigan Skeggjabrekkukot stofnuð um 1690 en hún fór aftur í eyði 1705. Ósbrekkukot fór í eyði 1698 en hafði verið í byggð mun lengur. Þessi kot byggðust aftur á 19. öld og var búið í Ósbrekkukoti samfleytt til 1948. Ósbrekka sjálf hafði hinsvegar farið í eyði 1932. Á Skeggjabrekku var búið til 1970 og á Þverá til 1986 en nú er aðeins búið á Kvíabekk af þeim

jörðum í Ólafsfirði, sem athugaðar voru vegna fyrirhugaðrar jarðgangagerðar sumarið 2000.

Fljót. Í Fljótum voru athugaðar fornleifar í landi þriggja jarða, Stóra-Holts, Brúnastaða og Illugastaða en vegarstæðið liggur um heiðalönd þessara jarða. Brúnastaða er getið í Landnámabók en ljóst er að Holt hefur snemma orðið sveitarmiðstöð í Austur-Fljótum og í lok 12. aldar er þar komin kirkja og þar bjó Jón Ketilsson, goðorðsmaður og höfðingi Fljótamanna. Á 14. öld var Holt í eigu Hólabiskupa og höfðu þeir þar eitt af stórbúum stólsins. Jörðin komst hinsvegar í eigu leikmanna á 15. öld og sést í máldaga Holtskirkju frá 1461 að bændur í Holti voru jafnan seinir til að gjalda kirkju sinni tíund þá sem þeir innheimtu í hennar nafni. Brúnastaða er getið í jarðatali Hólastóls frá 1449 og jafnan síðan en svo virðist sem stóllinn hafi þó aðeins átt hálfu jörðina, því að um miðja 16. öld átti Gottskálk Jónsson í Glaumbæ hinn helminginn. Stóllinn átti þó alla jörðina í byrjun 18. aldar. Illugastaða er getið fyrst í bréfi frá 1464 og voru jafnan bændaeign, nema í nokkur ár fyrir 1550 þegar Jón Arason krækti í jörðina fyrir Hólastól sem þó varð ekki til frambúðar. Eins og í Ólafsfirði sjást merki um aukna hjáleigubýggð í Fljótum á seinni hluta 17. aldar. Þannig var Brúnastaðakot byggt á selstöðu Brúnastaða um 1670 og var búið þar í um 20 ár. Í landi Illugastaða var tómthúsið Björnshús en það fór í eyði skömmu fyrir 1670.

Siglufjörður. Í Siglufirði voru athugaðar fornleifar í landi Skarðdals með Leyningi, Hóls, Saurbæjar og Ráeyrar með Skútustöðum og eru það fjögur af sjö lögbýlum í firðinum sjálfum. Engra bæja í Siglufirði sjálfum er getið fyrir en á síðmiðöldum og koma sum bæjanöfnin fyrir í rekaskrá Hólastóls frá 1374. Þar kemur fram að dómkirkjan átti alla reka fyrir Hvanndölum, Héðinsfirði, Siglunesi og Reyðará, Hóli, Höfnum og Hvanneyri (DI III, 277). Vitað er að stóllinn eignaðist ekki jörðina Hól fyrr en 1486 og því þarf rekaeign ekki að þýða að stóllinn hafi átt landið ofan fjörumáls. Hinsvegar verður að telja líklegt að stóllinn hafi þá þegar átt Siglunes með Reyðará, Höfn og Hvanneyri auk Héðinsfjarðar og Hvanndala sem sennilega hafa ekki verið í byggð eins og síðar verður getið. Siglunes, Höfn og Hvanneyri voru a.m.k. komnar undir stólinn 1449 og allar hinar fylgdu í kjölfarið; Hóll 1486, Skarðdalur 1492, Saurbær fyrir 1525 og Staðarhóll milli 1525 og 1550. Um siðaskipti átti Hólastóll því allar jarðir í Siglufirði, auk Héðinsfjarðar og Hvanndala og raunar vantaði aðeins Engidal upp á að dómkirkjan ætti hverja einustu jörð í hinum forna Hvanneyrarhreppi.

Ekki er ástæða til að ætla annað en að þær jarðir sem hér hafa verið nefndar séu fornar þó þær komi ekki fyrir í sögum eða skjölum fyrr en á 14. og jafnvel 16. öld – slíkt er miklum tilviljunum háð, ekki síst í afskektum héruðum eins og Hvanneyrarhreppi. Sennilegt er að

minjar frá landnámsöld leynist á bæjarstæðum Skarðdals, Hóls, Saurbæjar og Ráeyrar. Öðru máli gegnir með Leyning en þeirrar jarðar er fyrst getið 1473 í sölubréfi um Skarðdal sem þá var seld með kotinu Leyningi. Leyningur var því hjáleiga Skarðdals og hefur verið í byggð á seinni hluta 15. aldar en ef til vill farið í eyði í plágunni síðari 1494. Leynings er ekki getið í jarðatölum Hólastóls á fyrri hluta 16. aldar eða 1569 eða 1575 en er nefnd á ný í kúgildatali frá 1582 og virðist hafa verið í samfelldri byggð síðan og varð seinna lögbýli.

Eins og í Ólafsfirði og Fljótum ber nokkuð á aukningu byggðar í Siglufirði á seinni hluta 17. aldar. 1712 var Skarðdalskot hjáleiga Skarðdals og virðist hún hafa verið byggð á 17. öld og var búið þar allt til 1925. Háagerði var önnur hjáleiga Skarðdals sem byggð hafði verið á gömlu fjárhússtæði um 1680 en fór í eyði um 1695. Þá var Nesjakot hjáleiga frá hjáleigunni Leyningi í byggð á árunum 1660 til 1680 og í landi Hóls voru Hólkot og Hólsstekkur hjáleigur í byggð í nokkur ár í kringum 1680. Í landi Saurbæjar hafði Saurbæjarkot verið í byggð í nokkur ár fyrir 1670. Í landi Ráeyrar fór hjáleigan Skútustaðir í eyði 1694 en ekki er vitað hvenær hún byggðist fyrst.

Á 19. öld urðu allmiklar breytingar á byggð í Siglufirði. 1830 féll skriða á bæinn Ráeyri og færði hann algerlega í kaf og eyðilagði túnið. Fljótlega byggðust upp tvö kot á jörðinni, Efri-Skúta þar sem gamla hjáleiga Skútustaðir var og var búið þar til 1943, og Ráeyrarkot eða Neðri-Skúta niðri við sjóinn. Seinna á 19. öldinni byggðust þar allmörg smábýli og tómthús, fyrst Skriðukot 1861 en flest urðu þau á árunum 1900 til 1920 og myndaðist þá dálítið úthverfi frá Siglufjarðarbæ þarna handan fjarðarins. Þessi byggð dróst mjög saman í kjölfar hins mikla snjóflóðs í apríl 1919 en þá eyðilagðist bærinn í Neðri-Skútu alveg. Nýbýli sem ber nafnið Ráeyri var byggt um 1950 á hinu gamla túni Neðri-Skútu. Aðrir bæir í Siglufirði fóru í eyði skömmu síðar, Skarðdalskot 1925, Leyningur 1926, Saurbær og Hóll 1927 – á Hóli rak Siglufjarðarbær að vísu kúabú allt til 1966 – og Skarðdalur 1941.

Héðinsfjörður. Fyrir utan Héðinn í Héðinsfirði sem Svarfdæla telur bróður Ólafs bekks eru engar vísbendingar um byggð í Héðinsfirði á miðöldum. Hólastóll átti alla reka í firðinum árið 1374 og í ráðsmannsreikningi stólsins frá 1388 kemur fram að það ár höfðu verið fluttir 70 uxar, þrevetrir og eldri, til fjarðarins, væntanlega til sumararbeitar (DI III, 407). Líklegast verður að telja að lausaganga nauta í firðinum hafi aðeins verið möguleg af því að hann var ekki byggður og má vera að stóllinn hafi haldið honum óbygðum einmitt til þess að nýta hann sem nautaafrétt – en til þess er fjörðurinn mjög hentugur þar sem hann er algerlega aflokaður

og gott beitiland á sumrin en jarðbönn mikil á vetrum. Héðinsfjarðar er ekki getið í jarðatölum stólsins frá 1449 eða 1525 og bendir það til að þá hafi ekki verið þar nein regluleg byggð. 1550 bregður hinsvegar svo við að Héðinsfjörður er talinn sem bújörð með fjórum leigukúgildum og landskuld upp á eitt hundrað. Að vísu er merkt á spássíu að jörðin sé í eyði, en leigumáli hefur tæpast verið reiknaður nema hún hafi verið í byggð skömmu fyrr og má af þessu ætla að að minnsta kosti eitt býli hafi verið í byggð í Héðinsfirði frá því um 1530-40 og til um 1570 en Héðinsfjarðar er getið í leigujarða- og kúgildatölum stólsins frá 1569 og 1570. Eftir það er jarðar með þessu nafni ekki getið en í leigujarðatali stólsins frá 1582 eru í staðinn komnar jarðirnar Möðruvellir, Vatnsendi og Vík. Hugsanlega er Vatnsenda getið heldur fyrr því í kúgildatali úr Fljótum frá 1576 er talinn Vatnsendahóll og gæti það verið sama jörðin.

Athyglisvert er að sama landskuld var greidd af Vík eins og Héðinsfirði áður en á Vatnsenda og Möðruvöllum var hún helmingi lægri, og má hafa það sem rök fyrir að Vík sé sami bær og Héðinsfjörður áður. Vík var í það minnsta aðaljörðin í Héðinsfirði, langdýrust og þar var eina kirkja sveitarinnar. Ekki er vitað hvenær Ámá byggðist – það hefur sennilega ekki verið löngu á eftir hinum - en hennar finnst ekki getið fyrr en 1676. 1712 var hún metin jafndýr og Möðruvellir og helmingi meira en Vatnsendi sem bendir til að hún sé ekki mikið seinna tilkomin. Athyglisvert er að ef um nýbýli frá 16. og 17. öld er að ræða þá skera nöfnin sig alveg úr frá nafngiftahefðum þeirra tíma – en Brúnakot, Bakkakot og Grundarkot eru til vitnis um að þær hefðir komu líka í Héðinsfjörð. Nöfnin Ámá, Möðruvellir, Vatnsendi og Vík gætu eins hafa verið gefin á landnámsöld og mætti hafa þetta sem rök fyrir því að þó að Héðinsfjörður hafi verið í eyði á síðmiðöldum þá séu bæjarstæðin eldri og nöfn þeirra hafi enn verið í fersku minni er byggt var á þeim á ný á 16. öld.

Lítið er vitað um byggð í Héðinsfirði á 17. öld og má vera að hún hafi verið heldur sveiflukennnd eins og á þeirri 18. Jarðabók Árna og Páls frá 1712 getur um nokkur eyðibýli í firðinum. Greinilegastar heimildir eru um Brúnakot í landi Víkur en það hafði byggst fyrir manna minni og farið í eyði um 1690. Brúnakot var talið þriðjungur úr landi Víkur og virðist hafa verið orðið nokkuð fast í sessi áður en það fór í eyði. Í jarðabókinni er einnig sagt frá Grundarkoti í Vatnsendalandi þar sem sjáist fyrir tóftabrotum en ekki vissu menn þá hvenær þar hafði verið búið. Þá er getið um Hellisskála út með ströndinni í landi Víkur og átti þar að hafa verið þurrabúð sem tók af í snjóflóði.

Í byrjun 18. aldar lagðist öll byggð í Héðinsfirði af í nokkur ár, Ámá fór í eyði 1702,

Möðruvellir 1705, Vatnsendi 1707 og Vík var í eyði 1709 til 1712. Ámá, Möðruvellir og Vatnsendi byggðust fljótlega eftir þetta en voru öðruhvoru í eyði á 18. öldinni, Vatnsendi lengst eða milli 1725 og 1777 en Ámá frá 1755 til 1769 og Möðruvellir um skeið eftir 1755. Í jarðabók frá 1802 er getið um tvö eyðibýli til viðbótar, Geirhildargarða í landi Ámár og Bakkakot í landi Möðruvalla.

19. öldin virðist hafa verið blómaskeið byggðar í Héðinsfirði. Skömmu eftir aldamótin 1900 var reistur bær á Grundarkoti og var búið þar með stuttum hléum allt til 1949. Tvíbýli var á Ámá um skeið á fyrri hluta 19. aldar en sá bær fór í eyði 1927. Möðruvellir voru hinsvegar fyrstir af lögbýlunum í dalnum til að fara í eyði eða 1903. Á Vatnsenda var búið til 1946 en síðustu ábúendur fóru frá Vík 1951 og lagðist fjörðurinn þá endanlega í eyði. Í Vík hafði þá um langt skeið verið tvíbýli og hafði verið gerð tilraun með vélbátaútgerð þaðan á millistríðsárunum.

Miðað við hve byggðin í Héðinsfirði virðist hafa verið slitrótt kemur á óvart hvað þar eru mörg eyðibýli sem ekki er vitað hvenær búið var á. Ólíklegt virðist að þau hafi verið reist vegna fólksfjölgunar eða góðæris, heldur er líklegra að sum þeirra a.m.k. séu eldri bæjarstæði lögbýlanna. Það gæti átt við um bæði Grundarkot og Bakkakot en ósennilegt verður að telja að nokkur tíma hafi verið búið á Geirhildargörðum. Þá eru Sandavellir mögulegt eldra bæjarstæði Víkur eða bæjarins Héðinsfjarðar, en við þann stað loða sagnir um að kirkjan hafi verið þar. Traustar heimildir eru aðeins fyrir því að Brúnakot hafi verið í byggð samtímis hinum jörðunum á 17. öld. Ekki er útilokað að bæjarstæði Bakkakots, hinar gömlu rústir Grundarkots sem getið er í byrjun 18. aldar og Sandavellir séu allt búsetuminjar frá miðöldum, frá því áður en að Hólastóll komst yfir fjörðinn og gerði hann að nautaafrétt. Um það verður þó lítið sagt nema með fornleifarannsóknum.

4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á Héðinsfjarðar- og Fljótaleiðum. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir á athugunarsvæðinu. Þar sem vettvangsvinna var gerð áður en nákvæmar veglínur lágu fyrir var skráð allmiklu stærra svæði en það sem líklegt er að verði fyrir áhrifum framkvæmda. Sú leið var valinn að merkja inn á loftmyndir Vegagerðarinnar á Akureyri alla þá staði sem skráðir voru, jafnvel þó þeir séu fjarri vegarstæðinu og ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Upplýsingar um þá staði eru í skránni hér að neðan. Með þessu á að vera tryggt að heildaryfirlit um menningarminjar á svæðinu sé til taks og enn fremur að hægt verði að taka tillit til fornleifa verði breytingar á hönnun vegarstæðisins frá þeim tillögum sem nú liggja fyrir.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-010:001). Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Hættumat tekur mið af náttúrulegum aðstæðum, nálægð við framkvæmda- eða athafnasvæði og upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir. «Engin hætta» er þar sem náttúrulegt umhverfi er stöðugt og staðurinn fjarri athafnasvæðum og fyrirhuguðum framkvæmdum. «Hætta» er þar sem staður er á athafnasvæði eða í jaðri framkvæmdasvæðis þar sem ekki er búist við raski en staðurinn gæti engu að síður orðið fyrir skemmdum af vangá eða öðrum ófyrirsjáanlegum ástæðum. «Engin hætta» er þar sem uppblástur, landbrot eða fyrirhugaðar framkvæmdir ógna fornleifum og þær muni hverfa nema gripið verði til aðgerða til verndar (m.a. með breytingu á framkvæmdaáætlunum). Þar sem hættumat er «hætta» eða «mikil hæta» er tilgreint af hverju ógnin stafar. Meðal algengra hættuflokka er «vegna ábúðar» en þar er átt við að nálægð við búrekstur eða þéttbýli ógni fornleifum að meira eða minna leyti. Þar sem fyrirhuguð vegagerð vegna jarðagangagerðar milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar ógnar fornleifum er hættumatið «(mikil)hætta, vegna vegagerðar» en þar sem aðrar framkvæmdir eru fyrirsjáanlegar, sem annaðhvort verða ekki skilgreindar nánar eða eru svo margbreytilegar að þær verða ekki aðgreindar er «(mikil)hætta, vegna

framkvæmda». Hið síðara á einkum við í nágrenni Siglufjarðar þar sem margskonar framkvæmdir eru í gangi og/eða eru yfirvofandi. Staðir sem teljast í hættu vegna vegagerðar milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar eru annðhvort taldir í mikilli hættu – og eru það staðir sem beinlínis lenda undir vegarstæðum – eða í hættu og eru það staðir sem eru nálægt vegarstæðunum en ekki undir þeim.

Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á en hér eru gefnar grunnupplýsingar um menningarminjar á Héðinsfjarðar- og Fljótaleiðum. Minjastöðum er raðað eftir jörðum og farið eftir númeraröð í jarðatali Johnsens, byrjað í Siglufirði, farið þaðan í Héðinsfjörð og Ólafsfjörð og endað í Fljóttum.

Ey-007 Skarðdalur

11 hdr 1712, Hólastólseign frá 1492. 22.9.1473 selur Eyvindur Eyvindsson Eyjólfí Arnfinnssyni "jordina skarddal med kotino leyningi er þar hefer med fylgtt." en Eyjólfur greiddi fyrir 14 hdr. - DI V, 718-19. 10.11.1488 selur Jón Sigmundsson Jóni Þórðarsyni "iordena skardzdal j siglvfirde ... ath serliga til reiknvdvm leyningenvm." DI VI, 643-44 sbr. 654-55. 18.4.1492 gefur Jón Þórðarson Ólafi Hólabiskupi "iordena skardzdal er liggur i siglunes kirkivsokn ... ok þar med þriv kugillde." DI VII, 128. 1525 er Skarðsdalur talinn meðal Hólastólseigna - DI IX, 301. 1550 á Hólakirkja "Med Skardzdal .iiij. kugillde. landskyllld .j. c." DI XI, 862. 1569: "med Skarsdal 3 kugilldi. landskyllld iij ær og xl alner." BG, 260, landsk. 5 ágildi skv. DI XV, 229. 1570: Med Skarsdal .iii. kug." DI XV, 460. [1575]: "med Skardsdal 3 kugildi." BG, 16. 1582: "med Skardzdal iij kugilldi. landskyllld v agillde." BG, 225. 1583: "med Skarddal iij." BG, 231. 1712 Skarðsdalskot hjáleiga jarðarinar og Háfagerði eyðihjáleiga. JÁM X, 5-6. Í eyði frá 1941. 1712: "Enginu spillir grjótrun úr fjallinu og skriður til stórs skaða. Úthagarir eru nægir." JÁM X, 5. 1920: Tún 4,6 ha, garðar 90m². "... engjar séru þar allgrösugar og gefi af sér um 130 hesta og túnið sé allvel grasgefið og fáist af því um 60 hestar." IK: Siglufjörður 1818-1918-1988, 85.

Ey-007:016 náma mógrafir

66°07.832N 18°55.837V

"... og engjum mjög spillt af svarðarbroti firr og nu næsta óskipulegu og sum gjöreidd." segir í örnefnaskrá. Mógrafir, með mótóft í miðju, eru norðaustan og neðan við bæinn, 50-100 m frá Fjarðará, fast sunnan við veginn upp í Siglufjarðarskarð. Túnjaðarinn er um 40 ofar (vestar).

Sléttur grasmói, deiglendur. Allmikið rask er í móanum norðan og austan við mógrafasvæðið.

Grafir eru á allstóru svæði, misþétt, alls um 200x150 m. Stök tóft, sennilega mókofi, er sunnan við grafasvæðið.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Skarðsdalur, 45.

EY-009 Leyningur

10 hdr 1712, Hvanneyrarkirkjueign, áður stólsjörð. 22.9.1473 selur Eyvindur Eyvindsson Eyjólfí Arnfinnssyni "jordina skarddal med kotino leyningi er þar hefer med fylgtt." en Eyjólfur greiddi fyrir 14 hdr. - DI V, 718-19. 10.11.1488 selur Jón Sigmundsson Jóni Þórðarsyni "iordena skardzdal j siglvfirde ... ath serliga til reiknvdvm leyningenvm." DI VI, 643-44. Ekki getið í kúgildatölum Hólastóls 1569 eða 1575 en kemur fyrst fyrir 1582: "med Leyninge ij kugilldi. landskyllld v agillde." BG, 225. 1583: "med Leyninge ij." BG, 231. 1712 eyðihjáleigan Nesjakot, byggð um 1660, í eyði frá 1680. JÁM X, 7. "Leyningur var innsti bær í Siglufirði og stóð vestanvert í firðinum rétt framan við Skarðsdalsá. ... Síðast var búið á jörðinni 1926." BE I, 56. Kenningar eru á lofti um að býlið sem var inni í dalnum hafi farið í eyði um 1400 og Leyningur sé byggður á hluta af landi þeirrar jarðar, eða Leyningur hafi verið hjáleiga frá Nesi. FHÚ II, 516-517.

1712: "Túninu spillir Leyningsá með grjóts og sands áburði. Enginu spillir vatnsuppgangur, sem jetur úr rótina, og skriður úr fjallinu, hvorutveggja til stórs skaða. Úthagarnir eru nægir." JÁM X, 7. 1920: Tún 2,1 ha. "Þar voru allgóðir hagar og allvíðlendar engjar og tún sem árið 1918 var talið gefa af sér 100 hesta af töðu." IK: Siglufjörður 1818-1918-1988, 84

**EY-009:004** tóftir

"Innarlega í Siglufjarðardal, vestan ár, gegnt Hólsseli hefir bær verið á firri öldum. Er það bæjarstaði eitt hið fegursta. Grundir miklar og breiðar, hallandi frá hlíð að á niður, túnefni því ið besta, slett og víðlent mjög." segir í örnefnaskrá HG. "Nafnlausar bæjarrústir eru vestan árinna [Fjarðará], en norðan Selár." segir í örnefnalýsingu. SS: "Innsta ból í Siglufirði hefur staðið innarlega í dalnum, vestan ár. Þar eru allmiklar tóftarrústir, og sér fyrir garðlögum sem sýna að þarna hefur verið stórt tún. ... Allt er ókunnugt um þetta býli, meira að segja er nafn þess í gleysku fallið, enda hefur það ekki verið í byggð síðan um 1400, en gæti hafa fallið í auðn nokkru fyrr. Þegar þetta býli hefur farið í eyði, hafa lönd þessi fallið undir jörð þá, sem hér verður nefnd Nes [013], ef



Tóftir EY-009:004 úr SSV.

til vill í skiptum fyrir hluta af landi Ness og bygginarleyfi fyrir Leyning. Innsti hlutinn, eða allt sem lá framan við Blekkilsá, hefur þó fljótt orðið afréttur og raunar einskis manns land." Innst í dalnum, vestan ár, er nú stór malarnáma en ekki er ljóst hvort hún er enn í notkun. Innan við 30 m ofan eða suðvestan við námuna eru tóftir. Gróin brekka með hólum og hæðum.

"Hefur bærinn staðið upp við vestur hlíðarnar, sem mjög er þar gróðurrikt. ... Svo snemma hefir bíli þetta í auðn farið, að ekki verður fundið nafn þess, þó hér sé því af staðháttum þetta nefn valið [Hlíð]. Mun hér ekki hafa bigð verið eptir Svartadauða (1402) og máske lítil eða engin eptir 1300 löngu síðar þá bílið Leiningur var sjálfstætt orðið og undir það fallin lönd þessi hefir hér selstöð verið og kallast nú Leiningssel [005], sér og tóptir selsins síðst á hinu forna túni, niður frá tóptum bæjarsins. ... Niður túnið liggur hinn forni túngarður, við hann, fremur neðarlega eru fornar tóftir fjárhúsa og réttar, nefnist þar Réttargrund." Alls sjást 4 tóftir á þessum stað, á svæði sem er um 50 x 50 m. Þær eru mjög greinilegar og allsendis óvíst hvort þær hafa tilheyrt nokkru fornbylí, enda gætu þetta vel verið heystæði. Syðsta tóftin er sporöskulaga, 5 x 2 m. 8 m norðvestur af henni er önnur svipuð en stærri, um 7 x 3 m. 10 m ofar í brekkunni er óljós tóft en virðist svipuð að stærð og sú síðastnefnda. 15 m norður af henni er svo lítil tóft, 2 x 3 m. Ástand allra þessara tófta er svipað, þær eru algrónar og hvergi sér í grjóti en samt eru þær skýrar og veggjahæð allt að 1 m. Hugsanlega leynast fleiri tóftir í hólunum umhverfis og vel getur verið að aðrar hafi lent í malarnáminu.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hlíð, 1; Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 5; FHÚ II, 516

**Leyningssel EY-009:005, kvíar úr austri**

EY-009:005 *Leyningssel* tóftir sel

66°06.786N 18°56.359V

"Mun hér ekki hafa bigð verið [004] eptir Svartadauða (1402) og máske lítil eða engin eptir 1300 löngu síðar þá bílið Leiningur var sjálfstætt orðið og undir það fallin lönd þessi hefir hér selstöð verið og kallast nú Leiningssel, sér og tóptir selsins síðst á hinu forna túni, niður frá tóptum bæjarsins." segir í örnefnaskrá "Sunnan við Leyningssúlur og Hákamba er Selskál, úr henni rennur Selá niður í Fjarðará. Norðan árinna eru seltóftir frá Leyningi. Ofan við þær eru Selhryggir en sunnan árinna eru Selhlíðin, en upp af henni Selfjall." segir í örnefnaskrá. Tóftir Leyningssels sjást enn vel innst í Hólsdal vestan árinna, nær beint vestan lítillar stíflu sem þar er. Þegar þetta er ritað nær vegurinn ekki innar í Hólsdalinn en að stíflunni. Slétt og gróin grund undir brattri fjallshlíð, smáhallandi mót austri.

Stærsta tóftin er norðan selsins sjálfs og eru það líklega kvíar. Stærð 11 x 3 m, hugsanlega er hólfíð tvískipt, snýr A-V. Eystri endinn sveigir í átt til seltóftarinnar sem er um 10 m suðaustar. Seltóftin er alls um 8 x 11 m og samanstendur af 3 hólfum eða jafnvel sjálfstæðum einingum. Suðvestast er hólf um 3 x 4 m, norðan við það eru tveir veggir sem mynda hólf, alls um 4 x 4 m en 2-3 m austar er stakt hólf, um 2 x 2 m með op suðaustan megin. Rústir þessar eru algrónar og sést hvergi í grjóti. Veggjahæð upp undir 1 m.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hlíð, 1; Ö-Fjallahring Siglufjarðar, 3

EY-009:006 garðlag túngarður 66°06.770N 18°56.344V

"Niður túnið [við Leyningssel 005] liggur hinn forni túngarður, við hann, fremur neðarlega eru fornar tóftir fjárhúsa og réttar, nefnist þar Réttargrund. Kenna Siglfirðingar mannvirki þessi við Loft Guðmundsson er bjó í Leiningi 176 -7 ..." Garðurinn er nú næstum alveg horfinn en hefur legið fast sunnan við Leyningssel.

Gróin og slétt grund.

Smábunga sést þar sem garðurinn hefur legið, allt að 2 m breið.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hlíð, 1

EY-009:007 heimild um rétt 66°06.763N 18°56.267V

"Niður túnið liggur hinn forni túngarður [006], við hann, fremur neðarlega eru fornar tóftir fjárhúsa og réttar, nefnist þar Réttargrund. Kenna Siglfirðingar mannvirki þessi við Loft Guðmundsson er bjó í Leiningi 176 -7 ..." Réttin og fjárhúsin hafa þá staðið hátt í 100 m austan selsins, nær árbakkanum.

Gróinn árbakki en þó grýttur næst ánni. Flatlent.

Ekkert sést af mannvirkjunum. Óljósar þústir sjást 50-80 m austan seltóftarinnar 005 en óvíst er hvort það eru leifar fjárhúss eða réttar. Rask hefur orðið á árbakkanum, m.a. liggur þar vegur.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hlíð, 1

EY-009:010 *Nesjakot* bæjarstæði bústaður

1712: "Nesia kot, eyðihjáleiga. Bygð í úthögum niður við ána hjer um fyrir 50 árum, en nú í auðn undir 30 ár. ... Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er mestallt í hrjóstur komið. "Þar fyrir norðan [004], með ánni, var Nes og þar nálægt Nesjakot." segir í örnefnaskrá. Í raun eru hvorki heimildir né fornminjar um býlið "Nes" og er það getgáta fræðimanna: "Nes ... hefir verið stuttri bæjarleið utar í dalnum, þó innar Hóli, en beint gegn Sólheimum, sem síðar bigðust og getið er. Stóð bigðin á vesturbakka árinna og miðju láglandi dalsins, en nafnið sjálfvalið því túnið var nes eitt eggslétt enn lækjarkvísl ein skildi frá fögru flæðiengi að vestan. Var stór forn garður sunnan túns og vestan, en brotið hefur áin austurjaðar þess. Snemma hefir hér bigt verið, en í auðn farið fyrir eða brátt eftir 1400. Er talið að snjóflóð úr austurhlíð geti hér fallið ifir ána og hafi það máski því valdið. Virðist og jafnvel hinn forni bær hafi first staðið austarlega á nesinu og er áin nú komin að þeim rústum, en síðar vestar; þar var og endurbigt á 17. öld var þá hjáleigubíli, nefnt Nesjakot, og stóð um 20 ár, eða frá 1660-1680. Tún hefir hér ekki verið stórt en einkar gott og fagurt, en undirlendi mikið, allt hið fegursta engi samfellt. Lönd hefir Nes átt öll innan Skarðsdalsár að löndum Hlíðar; þar með suðurhlíð Skarðsárdals. Nokkrar fornar sauðaréttir voru hér inn frá túni, einnig ein innan við garðinn og hin ingsta við ingri rústir bæjarins; hafa þær þangað fluttist þá í auðn lá; voru fornmenjar hér því í mesta lagi alls 50-60 tóftir, en var nýlega allt niðurbrotið; átti hér garðrækt að hefjast en varð aldrei ..." segir í örnefnaskrá. SS: "Allmiklu utar í dalnum, en samt innar en Hóll, stóð bær, sem efalítið hefur heitið Nes. Það er fornbyli eins og hitt ... Lönd hefir Nes átt öll frá Leyningsá suður til móts við nýnefnt, nafnlaust býli. Á Nesi mun vera snjóflóðahætta nokkur úr austurhlíðinni og yfir ána. Snjóflóð þar hafa náð að hylja rústir bæjarins." Af þessum lýsingum að dæma hefir Nesjakot verið á vesturbakka Fjarðarár, á að giska 200-330 m suðaustan við Leyning. Á þeim slóðum er nú skeiðvöllur og sjást engar fornleifar lengur og er ekki unnt að staðsetja bæjarstæðið nákvæmlega.

Sléttar engjar voru meðfram Fjarðará að vestan alllangt inneftir dalnum. Þær voru ræstar fram á 20. öld.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM X, 7; Ö-Nes, 42; Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 5; FHÚ II, 516-517

EY-009:011 náma mógrafir 66°06.972N 18°56.261V

350 m norður af Leyningsseli [005] og um 50 m vestan við veginn inn Hólsdal er mógröf.

Mýrlendi, að hluta til framræst.

Mjög regluleg og ferköntuð mógröf, alls 1 m djúp. Ummál 7 x 14 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-009:012 tóft


66°07.051N 18°56.320V

Við enda mýrarinnar sem mógröf 011 er í, innan við 100 m norður af gröfinni, er tóft.

Mýri, að hluta framræst.

Sporöskjulaga upphækkun, 4 x 2 m. Hún er algróin og um 0,8 m há. Hugsanlega er þetta heystæði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



EY-009:013 náma mógrafir

66°07.094N 18°56.339V


5-10 m norðan við tóft 012 eru nokkrar mógrafir. Í heimild segir: "Mótak var talsvert í Leyningslandi, og var það einnig leigt kaupstaðarbúum ..."

Mýri, að hluta framræst.

Djúpar og greinilegar mógrafir á svæði sem er allt að 50 x 100 m. Dýpt allt að 2 m. Flestar eru þær samtengdar og sumstaðar aðeins aðskildar með þunnum bökkum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: IK: Siglufjörður 1818-1918-1988, 84



EY-009:014 tóftir 66°07.189N 18°56.363V

180 m norður af mógrafasvæði 013 og um 100 m vestan vegar eru tvær tóftir.

Þurr flatlendi, gæti verið framræst mýri.

Tvær tóftir eða upphækkanir, sú nyrðri sporöskulaga og 3 x 4 m en hin, sem er 7 m sunnar er ferköntuð og 2 x 5 m. Aðeins örklar á grjóti í veggjum nyrðri tóftar, innanmál hennar er mun minna en þeirrar syðri. Hvergi sjást merki um dyraop. Hleðsluhæð um 1,1 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Tóftir EY-009:014, úr vestri.


EY-010 Hóll

10 hdr 1712, Hólastólseign frá 1486. 1712 eru tvær fornar eyðihjáleigur á jörðinni, Hólkot og Hólsstekkur. JÁM X, 7. 1374: á Hólabiskupi "Medr holi oll Reka gogn." - DI III, 277. 31.5.1476 gefur Þórður Jónsson sr. Sigurði Þorlákssyni "hol j siglvfirdi" í löggjöf sína - DI VI, 73, sbr. 85. 18.4.1486 fær sr. Sigurður Þorláksson Ólafi Hólabiskupi "til ævenligrar eignar jordina hool j siglvfirdi ... fyrer þer segter sem hann uard skylldvgur biskupenum ok kirkiunne vppa þav þriu aar er hann var officialis." DI VI, 564-65. 1525 er Hóll talinn meðal Hólastólseigna - DI IX, 302. 1550 á Hólabiskupi "Med Holi .iiij. kugillde. landskylld .x. aurar." DI XI, 862. 1569: "med Holi 2 kugilldi. landskylld x aurar." BG, 260; DI XV, 229. 1570: Med Holi .ii. kug." DI XV, 460. [1575]: "med Holi 2 kugilldi." BG, 16. 1582: "med Hole ij kugilldi. landskylld x aurar." BG, 225. 1583: "med Hole ij." BG, 231. "Árið 1927 keypti Siglufjarðarbær jörðina og rak þar umfangsmikinn búskap og mjólkurframleiðslu með nútímasniði fram til 1966." Þar er nú miðstöð vetrar og sumarþróta og golfvöllur á túninu. BE 1990 I, 57-58.

1712: "Engið spillist víða af skriðum úr fj(a)llinu. Úthagarnir eru nægir." JÁM X, 7.

EY-010:001 Hóll bæjarhóll bústaður 66°07.738N 18°55.222V

"Þar ofan lækjar er annar hærra melur er nefnist Bæjarhóll, stóð og bærinn lengi á suðurenda hans, en síðast á öðrum hólþala litlu ofar skamma stund, þar til um 192? varð jörðin eign kaupstaðarins og lögð öll að eiðirústum." segir í örnefnaskrá. Á túnakorti er túnið sýnt sem tveir hólaranar sem liggja suðaustur-norðvestur. Er bærinn sýndur á efri hólranaum og er því eðlilegast að álykta að bærinn hafi verið færður ofar eftir að túnakortið var gert og hafi því eingöngu verið þar um mjög stutt skeið (sjá 022). Gamli bærinn (001) sem merktur er inn á túnakortið hefur verið um 200 m suðaustan við steinsteypta íbúðarhúsið sem stendur uppi á Hóli. Bærinn stendur á myndarlegum hól en er á kafi í grasi. Ljósastari er í hólnum og einnig rafkassi.



Hóllinn er á kafi í grasi. Honum hefur nokkuð verið umturnað og þó má óljóst sjá greina mannvistarleifar.

Svæðið er raskað og á kafi í gróðri og því eru allar mannvistarleifar mjög ógreinilegar. Þær virðast þó vera í tvennu lagi. Annars vegar má sjá einhverjar leifar um 35 X 35 m að stærð. Ógjörningur er að greina lag þeirra nema helst syðst en þar eru merkjanlegar vegggleðslur sem mynda ca 20-25 X 5-10 m stórt hól en erfitt er að greina mörk þess. Um 3 m austan við þetta svæði eru vegggleðslur sem ekki virðist hafa verið samfastar en um

7 X 7 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hóll HG

EY-010:002 heimild um útihús

66°07.746N 18°55.207V

Um 15 m utan og neðan við gamla bæinn (001) stóð áður útihús merkt inn á túnakort frá 1920.

Húsið hefur verið á bæjarhólnum sem nú er nokkuð umturnaður og á kafi í gróðri. Ekki eru greinanlegar tóftir á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

EY-010:003 heimild um útihús

66°07.748 N 18°55.204 V

Um 20 m utan og neðan við gamla bæinn (001) stóð áður útihús merkt inn á túnakort frá 1920. Útihús þetta hefur verið um 5 m norðvestan við 002.

Húsið hefur líklega verið á eða í jaðri bæjarhólsins sem nú er á kafi í gróðri.

Ekki sjást greinileg ummerki um húsið en hólnum og nágrenni hans hefur nokkuð verið raskað og einnig er svæðið á kafi í gróðri.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

EY-010:004 Hóll bæjarstaði býli


66°07.801N 18°55.291V

"Neðsti hluti hins gamla túns er melrani mjög langur er sniðhall gengur suður og upp og nefnist Langhóll má ætla að bæinn hafi first staðið utarlega á honum eru þar bigðarústir miklar og hægast að vatni; því út með honum að ofan fellur Hólslækur, voru þar síðast lambhús." segir í örnefnaskrá. Um 150 m norðvestan við 001 er merkt útihús inn á túnakort. Húsið hefur staðið utarlega á neðri hólrananum í túninu sem nefnist Langhóll. Engin ummerki eru um hvorugt húsanna nú.

Langhóllinn er á kafi í grasi en hluti hans hefur greinilega verið sléttaður.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hóll HG og Túnakort frá 1920



EY-010:005 tóft óþekkt


66°07.681N 18°55.152V

Tóft, sem merkt er inn á túnakort frá 1917 er í túni um 50-55 m beint austan við 007. Tóftin stendur á sama hólrana og bæinn (001) stóð á. Hólranninn liggur norðvestur-suðaustur og er þessi tóft því suðaustan við bæinn (um 120 m).

Tóftin stendur í vesturjaðri hólranans og er svæðið á kafi í órækt. Milli þessa hólrana og Langhóls er deiglent sund.

Tóftin er á kafi í gróðri. Hún er greinileg á svæði sem er 10 X 8 m að stærð en umhverfis er þýft svæði og því hugsanlegt að tóftin hafi upphaflega verið stærri en sé hlaupin í þúfur. Tóftin gæti hafa verið tvískipt. Op er á vesturhlíð hennar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



EY-010:006 heimild um útihús

66°07.607N 18°55.299V

Tóft er merkt inn á túnakortið rúmlega 260 m suðvestan við 001. Á túnakortinu virðist tóft þessi helst hafa verið í suðurjaðri Langhólsins og þar má enn greina tóft. Lengdin frá þessari tóft og að 001 er þó um 240 m í raun en ekki kom skrásetjari auga á annan líklegri stað í nágrenninu. Tóftin er um 75-80 m ofan við 008.


Tóftin er á kafi í grasi. Hún stendur í suðurjaðri Langhóls, þar sem hann er við að fjara út. Umhverfis hana er nokkuð deiglent.

Tóftin er löng og mjó, 24 X 6 m. Hún virðist samanstanda af tveimur hólfum. Það nyrðra er stærra og greinanlegra en syðra hólfid einungis um 2 X 4 m að innanmáli. Garði gengur eftir stærra hólfinu endilöngu. Reyndar er hann tvískipur þar sem hann liggur fyrst í um 3 m en svo

kemur örlítið op og síðan er um 6 m langur garði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort



EY-010:007 tóft útihús

66°07.683N 18°55.223V

Um 100 m sunnan við 001 eru sjást tóftaleifar. Leifarnar eru í Langhól og eru um 50 m neðan við 005. Tóftin stendur á mjög grösugum hól.

Svæðið er í órækt og er erfitt að greina nákvæma lögun tóftarinnar. Nyrst virðist þó mega greina

6 X 4 m langt ferhyrnt hólf, en sunnan við það tekur við 8 X 7 m hringlaga tóft með mikilli dæld í miðju.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1960

EY-010:008 *Hallberugerði* heimild um býli 66°07.624N 18°55.327V



"Sunnan aðaltúnsins, niður frá enda Langhóls, er stakur hóll með gömlum tóptum, nefndur Hallberugerði, gæti þar og bílið Hólkot [006] verið hafa, því helst virðist hin forna girðing hafa verið sunnan við hól þennan." segir í örnefnaskrá. Neðan við suðurenda Langhóls er lág hæð eða hóll með tóft á. Er það líklega umrædd Hallberugerði. Tóftin er 135 m suðvestan við 005. Hún er nærri því að vera beint innan við 001 og er um 80 m beint neðan við 006.

Hæðin er á kafi í gróðri og því er tóftin ekki jafn greinanleg og annars væri. Ofan við hæðina er skurður en nokkru neðar eru rennilétt tún sem enn eru slegin.

Tóftin virðist hafa verið tví- til þrískipt. Greinileg eru tvö hólf sem að utanmáli eru 10 X 6 m að stærð. Op er á austur útvegg nyrðra hólsins norðarlega og einnig er op milli hólfanna tveggja. Norðan tóftarinnar, fast við hana er þýft svæði þar sem lítur út fyrir að framhald tóftarinnar hafi verið en nú er lögun tófta á þessu svæði óljóst. Umfangið er þó þannig að hugsanlegt er að þar hafi þriðja hólf verið. Tóftin er um 0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hóll HG



EY-010:009 tóft fjárhús

66°07.660N 18°55.118V

Greinilegar tóftaleifar fjárhúss sjást um 45 m suðaustan við 005 og 150-160 m suðaustan við gamla bæinn (001). Tóftin er um 130 m norðaustan við 008 og 90 m austsuðaustan við 007.

Tóftin er á hæð í túninu sem er í órækt. Í tóftinni sjálfri hafa verið gróðursett tvö lítil grenitré. Lítil lækjarfarvegur er fast norðan við tóftina.

Tóftin er 14 X 12 m að stærð. Op hennar eru á vesturvegg. Í raun skiptist tóftin upp í tvö hólf, fjárhúsið sjálft og heytóft að aftan. Fjárhúsinu er skipt upp með

tveimur gördum eftir endilöngu og eru op úr því við garðana yfir í heytóftina sem er aftan við.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-010:010 bæjarstæði býli 66°07.724N 18°55.156V


"Þar ofan lækjar er annar hærri melur er nefnist Bæjarhóll, stóð og bæinn lengi á suðurenda hans, en síðast á öðrum hólþala litlu ofar skamma stund, þar um 192? varð jörðin eign kaupstaðarins og lögð öll að eiðirústum." segir í örnefnaskrá. Um 50-60 m beint ofan við 001 eru greinilegar mannvistarleifar þar sem bærinn hefur líklega staðið einhver ár. Rústin er á kafi í gróðri og illgreinanleg.

Tóftin er á hæð. Hún er á kafi í gróðri og hefur e.t.v. verið eitthvað rutt út. Ofan við tóftina taka nokkrir móar við. Rétt sunnan við tóftina rennur lækur.

Mjög erfitt er að greina nokkurt lag á þeim mannvistarleifum sem þarna er að finna (a.m.k. á þessum tíma árs) Greinilegt er þó eitt hólf, 10 X 8 m en norðan við það er svæði þar sem frekari tóftir hafa greinilegar verið (ca 9 X 10 m) en vestar er einnig svæði þar sem tóftir hafa hugsanlega verið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hóll HG



EY-010:012 *Fimmhólavað* heimild um vað

66°07.894N 18°55.704V

"Niður frá honum gamla túni er melhólaklasi allt niður að á, voru þeir hólur berir og óræktaðir þó innan væru girðingar, en engi tveim megin þeirra, nefnast þeir Fimmhólar, vestur frá þeim á ánni Fimmhólavað ..." segir í örnefnaskrá. Fimmhólar eða Finnhólar eins og þeir eru ýmist kallaðir eru nálega beint neðan við íbúðarhúsið sem enn stendur á Hóli, neðan þjóðvegur. Hólvasvæðið nær niður að Fjarðará. Fimmhólavað var neðan við hólana, beint neðan við bæinn og stutt utan við þann stað þar sem nú er brú á ánni neðan Hóls.

Svæðinu hefur mikið verið breytt við vegagerð og gerð golfvallar í Fimmhólum.

Ekki er greinilegt vað á ánni á þessum stað. Áin er þó fremur breið og grunn þarna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll HG

EY-010:014 Svarðarholt örnefni mógrafir


66°12.680N 18°92.305V

"Út og upp frá túni er stór melhóll með hjallatóptum nefndur Hjallhóll sunnan á honum er hinn forni garður [008], en hverfur út og niður frá honum í engið og einnig skamt suður og upp frá túninu í votlent engi ofan túnsins nefnast hallar grösugir þar upp af Enni en út frá þeim Svarðarholt." segir í örnefnaskrá Ekki er vitað hvar Svarðarholt er nákvæmlega, en það hefur verið 600-700 m sunnan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Hóli. Holtið er utan og ofan við tún en nokkru innar en Stekkjarlækur. Á þessu svæði er enn deiglent. Mógrafir fundust ekki á þessum stað en þær eru víða í landi Hóls (sjá 030 og 032).

Rakt og þýft holt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll HG

**EY-010:015** Hólsrétt tóft rétt 66°07.465N 18°55.900V

"Nokkurn spöl sunnar er Stekkjarlækur; utan og ofan við hann er urðarholtaklasi nefndur Hraun en sunnan lækjar niður á árbakka Hólsrétt er hún ingst aflagðra skilréttá Siglfirðinga enn margar voru hér á dalnum einkum vestan ár, var hún notuð til 1908 þar nefnist og á ánni Réttarvað." segir í örnefnaskrá. Réttin er um 170 m suðvestan við 018 en um 120 m suðvestan við 017. Hún er um 20 m ofan við

árbakka og um 800 m suðvestan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Hóli.

Tóftin er fremst (vestast) á aflíðandi svæði. Austan við réttina er aflíðandi mói til austurs uns undirlendið fer að hækka 150-200 m austur. Fast vestan við er allbrött brekka niður að ánni.

Réttin skiptist í 6 hólf og er um 20 X 10 m að stærð. Hún er enn mjög stæðileg og er mest rúmur metri á hæð. Tóftin er alveg gróin sinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll HG

EY-010:016 Réttarvað heimild um vað


66°07.443N 18°55.918V

"Nokkurn spöl sunnar er Stekkjarlækur utan og ofan við hann er urðarholtaklasi nefndur Hraun en sunnan lækjar niður á árbakka Hólsrétt er hún ingst aflagðra skilréttá Siglfirðinga enn margar voru hér á dalnum einkum vestan ár, var hún notið til 1908 þar nefnist og á ánni Réttarvað." segir í örnefnaskrá Vaðið hefur samkvæmt þessu verið beint neðan réttarinnar 015.

Áin rennur í þrengslum en er hvergi mjög djúp. Sumsstaðar snarbrattir bakkar en sneiðingur upp í mót gegnt réttinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll HG

**EY-010:017** tóft rétt

66°07.494N 18°55.760V

"Nokkurn spöl sunnar er Stekkjarlækur utan og ofan við hann er urðarholtaklasi nefndur Hraun en sunnan lækjar niður á árbakka Hólsrétt er hún ingst aflagðra skilréttá Siglfirðinga enn margar voru hér á dalnum einkum vestan ár, var hún notið til 1908 þar nefnist og á ánni Réttarvað. Litlu ofar, utan lækjar virðist og mjög forn réttarrúst vera á hól litlum og önnur litlu utar dalkalaus mjög forn." segir í örnefnaskrá. Réttin er 700-800 m suðsuðvestan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Hóli. Réttin er um 50 m innan og neðan við 018. Á þeim stað er áberandi hól á vel sléttu, aflíðandi svæði. Hóllinn hefur verið skemmdur og sést aðeins í suðausturhorn réttarinnar og 6-8 m langa veggjarspotta

sinn hvoru megin við hornið.

Umhverfis hólinn er rakt af því er virðist (snjó að hluta yfir), aflíðandi svæði.


Af réttinni sést nú aðeins lítill bútur (8 X 8 m) en greinilegt er að hún hefur verið nokkuð stærri. Stórvirkar vélar hafa greinilega flatt út mest af þeirri tóft sem á hólnum var og sjást nú víða aðeins steinahrúgur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll HG

EY-010:018 tóft rétt

66°07.509N 18°55.693V



"Nokkurn spöl sunnar er Stekkjarlækur utan og ofan við hann er urðarholtaklasi nefndur Hraun en sunnan lækjar niður á árbakka Hólsrétt er hún ingst aflagðra skilréttá Siglfirðinga enn margar voru hér á dalnum einkum vestan ár, var hún notið til 1908 þar nefnist og á ánni Réttarvað. Litlu ofar, utan lækjar virðist og mjög forn réttarrúst vera á hól litlum og önnur litlu utar dalkalaus mjög forn." segir í örnefnaskrá. 650-750 m suðvestan við íbúðarhúsið sem enn stendur á Hóli og 5-10 m innan við skurð sem afmarkar syðstu tún á Hóli er dalkalaus tóftin.

Hún er um 150 m ofan við árbakkann.

Tóftin er í aflíðandi deiglendi. Umhverfis hana hefur á litlu svæði verið plantað nokkrum barrtrjám.

Tóftin er um 13 m á lengd en um 8 m á lengd. Hún er sporöskjulaga og sýnist geta verið forn. Mest er tóftin um 0,4 m á hæð og ekki er hægt að greina op á henni lengur. Ekkert við tóftina minnir á rétt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll HG

EY-010:019 *Hólssel* tóft sel


66°06.776N 18°56.117V

"... nefnist undirlendið milli Stekkjarlækjar og Stóralækjar Stekkjarhólsskiki, en milli síðri lækjanna; Stóralækjarskiki sunnarlega í því er Hólssel, eru þar seltóftir, hústæði o.fl. því engjar eru þar umhverfis og nefnast: Selgrænur." segir í örnefnaskrá. Hólssel er inni á Hólsdal, um 2,5 km sunnan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Hóli. Tóftirnar eru örlítið sunnar en beint á mótis við Leyningsssel. Yfir ysta hluta þessa svæðis liggur vírgirðing niður að á og heldur hún áfram vestan megin ár og upp í fjallsrætur þeim megin. Tóftirnar eru um 100 m ofan við ána, nálega þar sem áin rennur í stífluna.

Fast austan við ána tekur við brattur bakki. Ofan hans tekur við aflíðandi svæði upp að fjallsrótum. Sjálf seltóftin er uppi á hól og er um 12 X 8 m að stærð. Tóftin er tvískipt og er op á suðurvegg hennar. Um 25 m norðaustan við tóftina er önnur einföld (5 X 3 m) og 2-3 m norðvestan við hana sú þriðja sem einnig er einföld. Tvær síðasttöldu tóftirnar eru fremur heystæðislegar. 50-60 m suðvestan við seltóftina á hólnum er fjórða tóftin (6 X 5 m) og stendur hún á brún svæðisins. Vel er hugsanlegt að hún sé einnig heystæði þó svo að hún virðist a.m.k. skiptast í tvennt. 15 m beint suður af þessari tóft er önnur sem er um 6 m á lengd (norður-suður) en fjarar út til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll HG



EY-010:022 *Finnuhólar* örnefni legstaður

66°07.902N 18°55.601V

"Finnhólar 3 samfastar Hæder skamt frá Bænum Hóli fremst í þessum Fyrde; nokkur gamaldags Snót að nafni Finna skal liggja þar grafin, enn hvör um þessa Hóla grant skodar, mun finna sig yfirbevisadan umm, að þeir ómögulega kunna að vera eptir Manna Hondur." segir Gamalíel Þorleifsson í fornleifaskýrslu frá 1818. "Nokkru sunnar með ánni [en Álfrhóll í Saurbæjarlandi], í Hólslandi, eru Finnuhólar og er mælt að þar sé heygð Finna er bjó að Hóli." segir í örnefnaskrá. Finnuhólar eða Fimmhólar eru beint niður undar íbúðarhúsinu sem enn stendur á Hóli. Nú liggur golfvöllur um hólana (hóla 7,8, og 9). Um 50-70 m sunnan við syðsta hólinn er vegarslóði og brú yfir Fjarðarána. Á syðsta hólnum er ferhyrnd þúst sem er 3 X 2 m að stærð. Rennisléttur golfvöllur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: FF, 529; Ö-Fjallahringur Siglufjarðar, 3

EY-010:023 garðlag óþekkt

66°07.699N 18°55.095V

Um 110-120 m ofan við 001 og um 80 m ofan við 010 eru leifar garðlags sem liggur norður-suður í hlíðinni og er greinanlegt á a.m.k. 40 m parti.

Garðlagið liggur í hlíðinni ofan við tún, svæðið er nokkuð deiglent.


Garðlagið er vel greinanlegt á um 40 m kafla. Það er um 2 m á breidd en 0,8 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-010:025 *Hólssteckur* bæjarstæði býli

66°07.378N 18°55.794V

"Hólkot og Hólssteckur heita tvær fornar eyðihjáleigur, önnur í heimatúninu, en hin á stekkjarsæði í úthögum, bygðar hvor fyrir sig hjer um fyrir 30 árum um fáein ár. ... Aftur má þessar hjáleigur byggja, og er heimajörðin



því minni." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Nokkurn spöl sunnar er Stekkjarlækur ... Suður frá Stekkjarlæk er undirlendi hans, ásar og melhæðir nokkrar, nefndir Stekkjarhólar, utarlega á þeim var hjábýli reist um 1680 í stekkarstæði og þá nefnt Hólsstekkur, en síðar Sólheimar fá ár stóð það þá, en máski eitthvað á firri hluta 18. aldar þó ei sé kunnugt." segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru uppi á háum hól (mjög bröttum að vestan), sunnan við skógarreit sem er nyrst í Stekkjarhólum. Þær eru um 200 m austan við Hólsá, 2-300 m sunnar en á móts við Geitagerði sunnan túns í Leyningi.

Grasmói á hólunum, mýrlendi neðan við en mói í fjallshlíðinni ofan við.

Ekki mjög fornlegar tóftir sem skiptast í tvær þyrpingar. Sunnar er 4-5 hólfa tóft, 12x8 m að stærð og gæti hafa verið lítill bær. 22 m norðar er þrískipt útihústóft með óglöggum heygardi aftan við, alls 13x7 m og gæti syðsti hlutinn verið hinn upphaflegi stekkur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM X, 7-8; Ö-Hóll HG

EY-010:029 tóft óþekkt 66°07.180N 18°56.010V

Um 1,6-1,7 km suðvestan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Hóli og um 50 m ofan við árbakkann er tóft. Hún er við suðurenda eyju eða skers sem myndast í ánni þar sem hún klofnar í tvennt.

Tóftin er fremst á hæð sem hefst skammt austan við árbakkann. Lítil lækur rennur skammt norðan við. Í kringum tóftina er allþýft.

Tóftin er lág og líkist helst heystæði. Hún er um 10 m á lengd en um 4 á breidd. Vesturhluti hennar er skýrastur. Svo virðist sem tóftin sé tvískipt eða austur- og vesturhlutir hennar hafi verið notaðir á mismunandi tímum.

Hættumat: engin hætta




EY-010:030 náma mógrafir 66°07.350N 18°55.874V

210-220 m sunnan við 015 og um 30 m utar og ofan við 034 eru mógrafir.

Fast austan við ána er brattur bakki en austan hans er aflíðandi svæði þar sem svarðargrafirnar eru

Grafirnar eru um 8 m á breidd en 3-5 m á lengd áður en þær verða ógreinilegar. Þær eru enn blautar og mest um 0,8 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta



EY-010:031 tóft óþekkt 66°06.981N 18°56.070V

Um 100 m norðan við 033 og 60-80 m ofan við ána er greinileg tóft. Um 25 m sunnar en staur sem merkir ljósleiðara í jörðu.

Á þessum stað nær aflíðandi bakkin sem 032 er einnig á hærra upp í hlíðina.

Einföld tóft, hæð mest um 0,4-0,5 m en 8 X 5 m að stærð. Ekki er greinilegur vesturveggur. Tóftin minnir á heystæði.

Hættumat: engin hætta


EY-010:032 náma mógrafir 66°06.946N 18°56.139V

Um 60 m neðan við 033 eru greinilegar mógrafir. Grafirnar eru á sléttum bakka um 20 m austan við ána.

Rakt aflíðandi svæði.

Grafirnar eru mjög misdjúpar. Dýpstar eru grafirnar syðst og nyrst. Grafirnar mynda næstum því kross en eru samtals 13 m (norður-suður) en 10 m (austur-vestur).

Hættumat: engin hætta



EY-010:033 tóft óþekkt 66°06.925N 18°56.072V

270-280 m utan við Hólssel (019) er þúst eða tóft sem hugsanlega gæti verið heystæði. Tóftin er um 150-200 m austan við ána.

Raklendi. Á þessu svæði er aflíðandi slakki en brattara svæði tekur við bæði ofan og neðan hans.

Tóftin er einföld (6 X 5 m) að stærð og mest 0,3 m á hæð. Ekki er greinanlegt op á henni og líkist hún mest heystæði.

Hættumat: engin hætta

EY-010:034 tóft óþekkt


66°07.318N 18°55.882V

Tæpa 250 m suðaustan við Réttarvað [016] og Hólsrétt [015] en fjær árbakkanum, er lítil tóft upp á vallendishól. Gæti verið stekkur.

Vallendishóll en mói umhverfis.


Tóftin er tvískipt, 8 x 3 m en auk þess er hugsanlegt að þriðja hólfíð sé áfast á eystri langhlið. Syðra hólfíð er mun minna en hið nyrðra, um 2 x 3 m. Tvö op virðast vera á norðurvegg en gætu líka verið rof. Tóftin er 8 x 3 m að stærð en mest tæpur metri á hæð.

Hættumat: engin hætta

**EY-011 Saurbær**

10 hdr 1712. Hólastólseign. 15.3.1377 leysir Gísli Gíslason 18 hundruð í jörðinni Reykjum sem hann hafði gefið til legs sér og gefur [sennil. Hólakirkju] í staðinn "jordina saurbæ j sighthlufirdi. ok þar med tuau kugilldi." og 10 kúgildi að auki - DI III, 316. 1525 er Saurbær talinn meðal Hólastólseigna - DI IX, 301. 1550 á Hólakirkja "Med Saurbæ .iiij. kugillde. landskyllid .x. aurar." DI XI, 862. 1569: "med Saurbæ 4 kugilldi. landskyllid x aurar." BG, 260, DI XV, 229. 1570: Med Saurbæ .iiii. kug." DI XV, 460. [1575]: "med Saurbæ iiij kugilldi." BG, 16. 1582: "med Saurbæ iiij kugilldi. landskyllid x aurar." BG, 225. 1583: "med Saurbæ iiij vtangardz." BG, 231. 1712 Saurbæjarkot eyðihjáleiga. "Þetta er lögbíli gamalt, en ekki á firstu öldum reist, eru þar engar girðingar fornar, utan akur eða fjárgerði lítið sunnan við tún, mun eldra en bigðin. Um 1377 er hér smábíli líklega bigt nálægt 1300 í vesturjaðri Ráeirarlands og hefur þá fengið vesturhluta Ráeirardals, en síðar lönd Hóls fyrir fjarðarbotni; lækkaði og mat Ráeirar við bigð þessa og síðar Hóls, því meir sem bíli þetta ógs ..." Ö-Saurbær HG. "Býlið stóð utan í Saurbæjarásnum fyrir mynni Skútudals skammt innan við suðausturhorn fjarðarins." Í eyði frá 1927. BE 1990 I, 58.

1712: "Engið spillist stórlega af vatnsaga, sem hetur úr rótina og gjörir svarðleyri foruð í slægjulandinu. Úthagarnir eru nægir." JÁM X, 8 1920: Tún 3 ha. "Túnið náði niður í mýrina þaaar sem nú er flugvöllur og þótti fremur óslétt og votlent." BE 1990 I, 58



Bæjarhóll í Saurbæ EY-011:001, úr norðvestri.

EY-011:001 Saurbær bæjarhóll bústaður
66°08.025N 18°54.496V

"Bærinn stóð skamt inn frá suðausturhorni fjarðarins vestan í lægri hæðartungu er útgengur vestar Ráeirarár og nefnist Saurbæjarás ..." segir í örnefnaskrá. Fast neðan við girðinguna sem girðir túnsvæðið frá skógarreit er bæjarhóllinn. Hann er um 30 m utan við lækjarfarveg sem liggur niður mitt túnið. Bærinn er um 80-100 m ofan við veg.

Bæjartóftin stendur efst í deiglandu túni. Nú er túnið

orðið þannig að í því skiptast á rök svæði með lágu grasi og þýfðar hæðir með grænu, fremur lágu grasi. Ofan við túnið er grasi vaxin hæð eða melur þar sem örtilitl skógrækt er.

Bærinn stendur á bæjarhól, efst í túni. Um túnið liggja nokkrir litlir lækjarfarvegir en liggur sá stærsti nálega um túnið mitt og er bæjarhóllinn um 30 m utan við hann. Bæjarhóllinn er 1,5-2 m að hæð og um 35 m á lengd en (ef með eru talin útihús utanvið) en um 20 m á breidd. Bæjartóftin sjálf er sámilega greinileg þó veggir hennar séu mikið hrundir og grónir. Hún virðist hafa verið um 18-20 m á breidd en 10 m á lengd. Tóftin hefur líklega verið 5 hólf þó ekki sé hægt að útiloka að sjötta hólfíð hafi verið á bakvið þar sem nú er mjög þýft. Það virðist þó fremur vera hrun úr veggnum. Nokkrar grjóthleðslur má sjá innandyra á tóftinni en hún er um 0,4 m á hæð. Op á hólfunum eru á vesturvegg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Saurbær HG; Túnakort 1920

EY-011:002 heimild um hálfkirkju

66°08.011N 18°54.519V

"... var hér kirkja eður bænhús á 16. öld - máski áður á Staðarhóli ..." segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar kirkjan á Saurbæ hefur staðið og engar sagnir eru uppi um staðsetningu hennar. Kirkjan hefur þó líklega verið í námunda við bæjarstæðið og hnitin voru tekin um 20-30 m sunnan við bæjarhóllinn á hæð sem þar er í túni.

Hæð í sléttuðu túni.

Engin ummerki sjást um kirkjuna.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Saurbær HG

EY-011:003 tóft útihús

66°08.037N 18°54.494V

Um 5 m utan (og örlítið neðar) en bæjarhóllinn er sjást leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1920. Húsið er um 2-3 m neðan við girðingu sem girðir túnið á Saurbæ af.



Tóftin stendur efst í nokkuð röku túni. Nú er túnið orðið þannig að í því skiptast á rök svæði með lágvöxnum grasi og þýfðar hæðir með grænu, fremur ræktarlegu grasi. Ofan við túnið er grasi vaxinn hæð eða melur þar sem örlítil skógrækt er.

Tóftin er mjög hrunin og virðast veggir að nokkru leyti hafa hrunið inn í tóftina. Hrundar grjóthleðslur sjást á stöku stað. Tóftin er 8 X 6 m að stærð og virðist vera tvískipt. Op er á vesturvegg tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

EY-011:004 hleðsla útihús

66°08.031N 18°54.511V


Um 8 m vestan við bæjartóftina (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1920. Sléttað hefur verið úr þessari tóft og er svæðið á kafi í gróðri. Þó má greina hleðslur úr húsinu á einstaka stað. Húsið hefur staðið á hólbrún bæjarhólsins neðan við bæinn.

Tóftin er á hól, úr henni hefur verið sléttað en svæðið er þýft og á kafi í gróðri. Hleðslur sjást hér og þar.

Ekki er hægt að greina samfelldar hleðslur á löngum parti og að auki gerir mikill gróður málið erfiðara. Beint neðan við nyrðri hluta bæjarins má þó greina húshorn sem er 2 x 5 m að stærð og eru grjóthleðslur greinanlegar að utan. Hæð hleðslunnar er 0,2 m.


Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920



EY-011:005 Ærhúsgerði tóft fjárhús

65°07.964N 18°54.489V




Ærhúsgerði EY-011:005 úr norðri.

"ist í enda túnsins sem að mestu er á löngum lágum holtrana er hólballi sem kofarúst nefnist Ærhúsgerði. Þar norður af er fjarðarbotninn og ganga inn úr honum síki nokkur, nefnist hið austasta Ærhússíki ..." segir í örnefnaskrá. Um 115-120 m innan við bæjartóftina (001) og um 15 m neðan við túngarðshornið eru leifar fjárhúsa sem merkt eru inn á túnakort frá 1920. Fjárhústóftin er í jaðri mels (á hæð) sem vaxinn er grasi og er nokkuð þýfður. Neðan við melinn (hæðina) er rakt svæði. Tóftin er 11 X 11 m að stærð. Þil hefur að öllum líkindum verið fyrir vesturvegg hennar. Tvö hólfanna snúa fram en eitt hólf snýr þvert á þau að aftan. Tóftin er 0,4 m á hæð. Grjóthleðslur eru að innanverðu. Rétt ofan við tóftina er grjótdreif.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920 og Saurbær HG



EY-011:006 tóft útihús

66°08.068N 18°53.448V

Um 80 m norðaustan við bæjartóftina (001) er tóft útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1920. Tóftin stendur um 20 m ofan við girðingu sem girðir af tún í Saurbæ en 15-20 m neðan við aðra skógræktargirðingu og því í eins konar hólfí.

Tóftin stendur á lágri hæð en umhverfis hæðina er rakt svæði sem er örlítið lægra. Um 15 m ofan við tóftina er hins vegar melur sem er vaxinn lyngi og grasi.

Tóftin er á kafi í hávöxnu grasi. Hún er 10 X 10 m að stærð og er þrískipt. Op er syðst á vesturvegg hennar. Hún er alveg gróin og engar grjóthleðslur eru

greinanlegar í henni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

EY-011:007 tóft útihús

66°08.166N 18°54.486V


Um 240-260 m norðvestan við bæjartóftina og um 15-20 m neðan við þjóðveg er tóftir útihúsa sem sýnd eru á túnakorti frá 1920. Tóftirnar standa á hól sem gjarnan var kallaður Hjallhóll.

Þjóðvegurinn liggur í raun yfir hluta Hjallhóls. En neðan við hann er hóllinn á kafi í grasi. Neðan hólins taka við kílar og engjasvæði en ofan hans (og þjóðvegur) eru grasi grónar brekkur.

Tóftin er á kafi í gróðri. Hún er 16 X 10 m að stærð, og virðist skiptast í 4 hólf. Að framan er tvö hólf hlið við hlið sem eru með op til vesturs. Í syðra hólfinu gengur garði eftir endilöngu. Vestan við þessi tvö hólf eru önnur tvö. Það nyrðra liggur norður-suður og líkist helst hlöðu en sunnan við það er ógreinilegra hólf sem er hringlaga. Engar grjóthleðslur voru greinanlegar enda tóftin á kafi í gróðri. Hleðslur hennar voru 0,6-0,7 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920



EY-011:008 Saurbæjarkot bæjarstæði býli

66°07.968N 18°54.610V

"Saurbæjar kot, eyðihjáleiga í heimatúninu, hefur í eyði legið undir eður yfir 40 ár, en var bygð nokkrum tíma þar fyrir. ... Aftur má hjer byggja, en þó er það til rýrðar við heimajörðina." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Vestan bæjar, neðan ássins fellur Saurbæjarlækur út í hið vota engi en vestan við hann vestast af túni er hólrani með tóftarleifum er nefnist Langhóll er líklegt að þar hafi verið hjábílið Saurbæjarkot [008] ... og vera má að þar hafi bærinn first verið en síðar færður upp í ásinn, en ördugt er þar til lækjarins ..." segir í örnefnaskrá. Ekki eru aðrar hugmyndir um bæjarstæði Saurbæjarkots uppi en það hafi verið á s.k. Langhól sem er næsti

Saurbæjarkot EY-011:008 úr austri.


hóll neðan við bæjarstæðið. Hefur kotið þá verið mjög nálægt bænum. Syðst í Langhól eða raunar fast sunnan við hann eru alveg signar og grónar tóftarleifar.

Tóftirnar eru á hæð í túninu en umhverfis hana er rakt láglendi.

Tóftirnar eru nú nær algjörlega hlaupnar í þúfur en svo lítur út sem þarna hafi verið sémilega myndarlegar tóftir áður. Tóftasvæðið er 12-14 X 12-14 m að stærð en ógerningur að greina lögun tóftanna nú.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM X, 8 og Saurbær HG



Tóft EY-011:009 úr austri.

EY-011:009 tóft 66°07.982N 18°54.601V

Um miðjan Langhól eru rústir útihúss. Tóftin er nálega beint neðan við 005 (um 80 m). Tóftirnar eru nálægt því að vera í jafri hins eiginlega Langhóls. Sunnan við hann kemur 8-10 m langt sund og svo Saurbæjarkot (008). Umhverfis Langhól sem er grasi gróinn, er deiglendi.


Tóftin er mjög sigin og gróin. Hún er vaxin mosa. Aðeins er greinilegt eitt hólf 3 X 4 m en sunnan við það er þýft svæði og er vel hugsanlegt að þar hafi verið framhald.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Saurbær HG

EY-011:010 tóft útihús

66°08.019N 18°54.499V



Um 5 m sunnan við bæjartóftina (001) eru tóftir útihúss. Tóftin er um 30 m norðvestan við 023.

Tóftin stendur efst í nokkuð röku túni. Nú er túnið orðið þannig að í því skiptast á rök svæði með lágvöxnum grasi og þýfðar hæðir með grænu, fremur lágu grasi. Ofan við túnið er grasi vaxinn hæð eða melur þar sem örlítill skógrækt er.

Veggir hússins eru hrundir og grónir. Af þeim sökum er nákvæm lögun tóftarinnar eilítið óljós en þó er hægt að greina grófa lögun. Tóftin virðist hafa verið 10 X 6 m að stærð og vera tvískipt. Op er á suðurvegg hennar. Norðurendi tóftarinnar er séstaklega óljós.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Saurbær HG

EY-011:011 heimild um akur


66°07.842N 18°54.519V

"Þetta er lögbfli gamalt, en ekki á firstu öldum reist, eru þar engar girðingar fornar, utan akur eða fjárgerði lítið sunnan við tún, mun eldra en bigðin." segir í örnefnaskrá. Sunnan við túnið tekur við svæði sem nokkuð hefur verið raskað sökum lagningu hitaveitu. Ekki kom skrásetjari auga á akurgirðingar á þessu svæði enda líklegt að þær hafi orðið að víkja í framkvæmdum síðustu áratuga.

Á þessu svæði skiptast á móar og rök svæði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Saurbær HG



EY-011:012 Saurbæjarhjallar tóft hjallur

66°08.141N 18°54.742V

"... þar litlu vestar [en Ærhússíki] Saurbæjarsíki og tangasíki á tanga milli þeirra eru b??rústir nefndar Saurbæjarhjallar, skamt vestur er Hólssíki ..." segir í örnefnaskrá. Síkjunum hefur nú mikið verið raskað og þau skemmd vegna lagningu flugbrautar. Um 20-30 m austan við flugbrautina og 20-30 m sunnan við girðingu sem liggur milli þjóðveggar og flugbrautar neðan við tún á Saurbæ er hleðsla sem heimildamaður taldi helst geta verið leifar af Saurbæjarhjalla.

Hleðslan er á mjög röku svæði milli þjóðveggar og flugbrautar. Í kring eru síki og mýrar.

Hleðslan er 5 m á lengd en 1,5 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Saurbær HG

EY-011:013 Álfhóll örnefni legstaður

66°08.082N 18°55.210V

"Álfhóll hierum 60 Fadma umm máls enn 7-8 ál á Hæd lóðrett, hann stendur á sliettum árbakka fyrir nedan Bóndabæin Saurbæ fyrir framan þar sem Síorin endar, einhvör Fornaldar Madur ved Nafn Alfur skylde þar vera heygdur: J hvörtveggi þessa stadi var á nærstlidnu Hausti reint að grafa, enn ecki gátu menn orðid varir vid neinar Fornmeniar." segir Gamalíel Þorliefsson í fornleifaskýrslu sinni frá 1818. "Vestan við Hólminn ist á láglandinu, austan ár, er hóll einn stakur nefndur Álfhóll, hefur því fastlega verið trúað að haugur væri ..." segir í örnefnaskrá HG. Norðan brúnarinnar er Álfhóll. Sagt er að þar sé heygdur Álfur bóndi, er búid hafði í Saurbæ." segir í örnefnaskrá. Álfhóll er um 40 m vestan við flugvallarbygginguna og fast austan við Fjarðará. Á hólnum er vindpoki og hringsjá og á henni er minnismarki um Álf sem í hólnum á að hvíla.

Hóllinn er grasi gróinn og örlítið þýfður. Umhverfis hóllinn er mýrlendi nema þar sem landslagi hefur verið breytt vegna flugvallarmannvirkja.

Álfhóll er um 4 m á hæð og um 40 m í þvm. Hvompa er austan í hólnum og sagnir eru um að byrjað hafi verið að grafa í hóllinn en þá hafi menn séð ofsjónir og hlaupið til að gæta að þeim og ekki þorað að halda áfram með gröftinn. Á hringsjanni er minnismarki um Álf og á því stendur: "Munnmæli herma, að í fornöld hafi búid á Saurbæ, bóndi sá, er Álfur hét. Ungur fór hann í víking og varð auðugur. Heiðinn var hann og talinn fjölkunnugur. Stundaði Álfur mjög veiðiskap og seiddi, til þess að sér brygðist ei fiskur. Þá hann gerðist gamall, lét hann gera haug mikinn og setti þar í skip sitt. Er Álfur fann dauða sinn nálgast, hvarf hann til haugsins með fjársjóð sinn og lét byrgja síðan. Hann mælti svo um að enginn skyldi hlýða að rjúfa hauginn meðan jaxlar hans væru ófúnir. Haugs Álfs heitir í dag Álfhóll." Þ. Ragnar Jónsson rekur söguna á þessa leið: "Í munnmælum er sagt frá duglegum bónda á fyrstu árum Íslandsbyggðar í Saurbæ ... Bóndinn hét Álfur. Hann lét gera haug mikinn austan við ós Fjarðará. Þangað færði hann skip sitt, og lét refta rammlega yfir. Er hann fann dauða sinn nálgast gekk hann í hauginn með offjár í gulli, silfri og öðrum gersesum. Lagði hann svo fyrir að engum myndi takast að rjúfa haug þennan meðan jaxlar hans væru ófúnir. Munnmæli herma að reynt hafi verið að grafa í hauginn, en ávallt hafi menn orðið frá að hverfa vegna sjónhverfinga sem þeir hafi orðið fyrir."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Saurbær HG; Ö-Fjallahringur Siglufjarðar, 3; ÞRJ Siglufirskir sögubættir, 40-41

EY-011:014 *Stekkjarmelur* örnefni stekkur

66°07.889N 18°54.478V

"Innst á Saurbæjarás er Stekkjarmelur." segir í örnefnaskrá. Heimildamenn töldu Stekkjarmel melinn sem tekur við fast innan og ofan við tún. Yfir melinn liggur girðing sem girðir af Saurbæjartún. Melurinn er um 15 m utan við hitaveituna.

Melurinn er mikið rofinn en er annars vaxinn mosa og lyngi.

Enginn stekkur er merkjanlegur á þessum slóðum.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Saurbær HG

EY-011:015 *Saurbæjarsel* tóft sel

66°07.385N 18°53.376V



"Þar nokkuð innar er gatrauf stór upp í fjallinu nefnd Stóra Gjá og niður frá henni fram hrun mikið allt ofan að á nefnd Stóra Skriða, lítið inn frá henni eru rústir litlar 2-3 er virðast bigðaleifar; má ætla að þar hafi verið Saurbæjarsel." segir í örnefnaskrá. Selið er inn á dalnum og í um 1,5-2 km fjarlægð frá bænum (001). Fast innan við Stóruskriðu og um 50 m sunnan við Saurbæjará eru tóftir á fremur röku svæði milli snarbratttrar fjallshlíðar og árbakka.

Rakt aflíðandi svæði.

Á svæðinu virðast hafa verið tóftir á þremur stöðum. Allar eru tóftirnar hins vegar útflattar þannig að ekki er unnt að greina annað en útlínur þeirra. Innst er tóft sem er 8 X 5 m að stærð. Um 100 m utar og aðeins neðar er önnur tóft sem verið hefur 6 X 4 m að stærð. 25 m utar og ofar er þriðja tóftin, 7 X 5 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Saurbær HG



Tóft EY-011:016 úr norðri

EY-011:016 tóft

66°07.035N 18°54.208V

Um 30 m innan við hólinn þar sem skíðaskálinn var áður (sem er fast neðan við vegarslóðann sem liggur yfir hæðina og síðan inn Skútudal) er tóft á hól. Tóftin er um 6-8 m innan við svæðið þar sem hitaveita Siglufirðinga liggur yfir hálsinn og inn Skútudal. Nálega beint ofan við þessa tóft (örlítið vestar) eru leifar kofa Skátafélags

Siglufjarðar. Tóftin er á hálsenda en utar er dæld þar sem "skíðahóllinn" tekur

við. Það er því hugsandi að þetta sé stekkurinn sem Stekkjarmelur er kenndur við ef sú kenning að "skíðahóllinn" sé Stekkjarmelurinn er rétt. Ofan við tóftina skiptast á rök svæði og lyngi- og grasivaxnar hæði á milli.

Tóftin er mjög óskýr vegna þess að hún er á kafi í grasi og því er nákvæmt lag hennar ekki greinilegt. Aðaltóftin virðist þó hafa verið tvískipt og 10 X 4,5 m að stærð. Suður frá henni gengur 2 m langur veggspotti sem beygir svo og liggur í um 7 m til austurs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Túngarður EY-011:017 úr suðvestri.

EY-011:017 garðlag túngarður 66°07.935N 18°54.454V
Túngarður hefur verið utan um tún á Saurbæ og sést hann enn á kafla. Hann er greinilegastur í suðausturhorni túnsins í um 20 m fjarlægð frá 005.

Túngarðurinn liggur í túnjarði túna sem nú eru komin í nokkra órækt. Mýrlendisflákar eru einnig í túninu hér og hvar. Fyrir utan túngarðinn hefur víðast hvar verið grösugur en þýfður melur.

Túngarðurinn sést á um 105 m kafla í suðausturhorni túns. Um 35 m liggja upp hlíðina en síðan beygir hann til norðurs og liggur þar í um 70 m. Garðurinn er um 2 m á breidd en um 0,8 m á hæð.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

EY-011:018 garðlag kálgarður

66°08.035N 18°54.538V

Fast neðan við hólsbrúna þar sem 004 stóð og um 20 m neðan við 001 sjást leifar af kálgarði sem legið hefur utan í hólum. Kálgarðurinn er um 15 m ofan og utan við mesta lækinn sem liggur niður túnið.


Garðurinn liggur í grasi gróinni brekku og snýr mót vestri.

Garðurinn er um 18 X 18 m að stærð. Garðlagið er um 0,8 m á breidd en 0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-011:019 tóftir óþekkt 66°07.884N 18°54.693V

Fast innan (sunnan) við þar sem hitaveitan liggur yfir hálsinn og inn Skútudal taka við móar. Í þessum múm eru nokkrar tóftir á og við hól sem er nærri því beint sunnan við tún í Saurbæ. Tóftirnar eru um 300 m innan við bæjarhólinn í Saurbæ.



Tóftirnar eru á múm en á svæðinu skiptast á móar og mýrarsvæði.

Tóftirnar eru mjög misgreinilegar og sumar vart meira en þústir. Þær eru auk þess vaxnar háu grasi og því ómögulegt að greina innri lögun þeirra flestra. Samtals eru u.þ.b. 8 tóftir og þústir á svæðinu, allar einfaldar að gerð og flestar 6-8 X 3-5 m að stærð. Svæðið er um 150 m að breidd en um 60 m að breidd

Hættumat: engin hætta

EY-011:020 þúst óþekkt

66°07.945N 18°54.795V

Beint (um 100 m) ofan við kirkjugarðinn og um 20 m utan við þar sem hitaveita liggur upp hálsinn og inn Skútudal er hæð sem er fagurgræn og þessleg að þar hafi einhvern tíma verið tóft eða heystæði. Engar skýrar tóftir sjást þó á þessum stað og er hugsanlegt að eingöngu sé um að ræða náttúrulega þúfnamyndun. Betur þyrfti þó að skoða það mál áður en þústinni yrði raskað.

Þústin er á þýfðu svæði utan og neðan við tún í Saurbæ.

Þústin er 12 X 12 m að stærð.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

EY-011:021 tóftir óþekkt



66°08.78N 18.54.667V

Um 10 m neðan við þjóðveg og svo til beint neðan við bæjarhólinn er hæð og á henni virðast næstum horfnar tóftaleifar. Hæðin er um 130 m suðvestan við Saurbæjarhjalla.

Þústin stendur á hæð en umhverfis er rakt svæði. Garðlag liggur frá hæðinni og að síkinu við flugvallarbrautina.

Hæðin er um 34 X 10 m að stærð. Syðst á henni er dæld en norðar eru þúfnaraðir sem mynda L-laga hólfi og virðast tóftalegar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



EY-011:022 tóft óþekkt

66°07.976N 18°54.356V

Um 100 m beint ofan við 023 og um 120-130 m norðaustan við enda túngarðsins er tóft í skógræktarhólfinu sem er ofan við tún á Saurbæ.

Tóftin stendur í skógræktarhólfi en skógræktin er enn stutt á veg komin. Hólfið stendur á mel sem er gróinn mosa, lyngi, grasi og trjám.

Tóftin er um 8 X 4,5 m að stærð. Op er á austurvegg. Tóftin er alveg gróin og nokkuð hrunin. 180-200 m norðaustan við er þúst,

Tóft EY-011:022 úr norðri.

ofarlega í skógræktarhólfinu en ekki er hægt að greina veggj eða nein afgerandi merki um að þar hafi verið önnur tóft. Garði virðist ganga eftir tóftinni endilangri. Hæð hennar er 0,6 en breidd veggja er um 1,2 m.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar



Púst EY-011:023 úr austri.

EY-011:023 þúst óþekkt 66°07.997N 18°34.470V
Um 50-60 m norðan við enda túngarðsins og um 50 m sunnan (SSA) við bæjarhólinn er þúst þar sem útihús hafa áður staðið í túni. Þústin er örlítið hærri en 001 í hlíðinni og hún er 5 m vestan við girðingu sem girðir Saurbæjartún af.

Þar sem útihúsið hefur staðið er nú fagurgræn hæð í túninu sem er nokkuð þýft og í órækt.

Lögum þeirra húsa sem á þessum stað hafa staðið er nú ógreinanleg á yfirborði. Svæðið þar sem húsin hafa staðið er um 11-12 m að lengd en breidd er óljósari en hefur líklega verið um 8-10 m.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

EY-011:024 tóft óþekkt

66°07.903N 18°54.530V



20-30 m neðan (og örlítið innar) en 023 er þúfnaklasi þar sem svo virðist sem útihús hafi staðið áður.

Í túni sem er nokkuð þýft og í órækt.

Tóftin er nær algjörlega hlaupin í þúfur og því er erfitt að greina lögum. Hún virðist þó grófllega hafa verið nálægt 11 X 6 m að stærð og líklega verið þrískipt

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Tóft EY-011:024 úr norðri.

EY-011:025 tóft óþekkt


66°08.026N 18°54.738V

Um 5 m ofan við þjóðveg og tæpum 100 m utan við kirkjugarð er hæð í túni sem er fagurgræn. Tóftin er 170-190 m innan og neðan við bæjarhólinn.

Í túni sem er nokkuð þýft og í órækt.

Tóftin er 10 X 8 m að stærð og eru veggir hennar um 1,5 m á breidd en 0,2 m á hæð. Gæti hafa verið náttþagi eða e.k. girðing.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



EY-011:026 þúst óþekkt

66°08.062N 18°54.576V

Um 15-20 m ofan við þjóðveg og um 140 m utan við 025 er þýfð hæð neðst í túni. Umrædd hæð er hugsanlega einungis af náttúrunar hendi en hún er fagurgræn og þýfð og stendur upp úr lágu votlendinu í kring. Að útliti virðist ekki ólíklegt að þar séu leifar löngu útflattrar tófta.

Umhverfis þústina er nokkurt votlendi neðst í túni sem komið er í órækt.

Hæðin er um 20-25 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

EY-011:027 þúst óþekkt

66°08.088N 18°54.516V

Um 50-60 m utan við 026 og um 40-50 m beint neðan við 006 er þýfð hæð eða þúst í túni. Þústin er um 20 m ofan við þjóðveg. Girðing sem girðir af Saurbæjartún liggur þvert yfir hólinn.

Þústin er fagurgræn og þýfð og er hún á kafi í hávöxnu grasi.

Hóllinn er um 20 X 10 m að stærð og er einna "ótóftarlegastur" þeirra hóla sem hér eru skráðir sem þústir. Þó gætu vel hafa staðið á honum einhverjar tóftaleifar sem nú eru löngu útflattar og komnar saman við þýflendið í kring. Helsta þýflendið er austan í hólnum.

Hættumat: engin hætta

EY-011:028 þúst óþekkt


66°08.101N 18°54.495V

Um 20-30 utan við 027 er önnur hæð með hugsanlegum tóftum. Hæðin er um 15-20 m ofan við þjóðveg.

Hæðin er þýfð og á kafi í grasi.

Þústin er 10 X 5 m að stærð og í henni sést móta fyrir tveimur hvompum.


Hættumat: engin hætta





Rústasvæði EY-011:029 úr suðaustri.

EY-011:029 tóftir heystæði
66°07.787N 18°54.839V
Margar, fremur einfaldar tóftir eru á svæðinu sem tekur við sunnan við þar sem hitaveitan liggur yfir hálsinn og inn Skútadal. Svæðið sem um ræðir nær frá hitaveitu og um 300-350 m til suðurs. Það er um 150 m breitt og neðsta tóftin er um 20 m sunnan við kirkjugarð. Tóftirnar liggja á grónum melum og á rökum svæðum þess á milli. Á svæðinu sem er um 350 X 150 m eru um



11 tóftir sem allar eru einfaldar og 3-5 m á breidd en 6-10 m á lengd.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

EY-012 Ráeyri (Ráeyrarkot)

16 hdr 1712. Hólastólseign. 1550 á Hólakirkja ".xxc. Med Raareyri .iiij. kugillde. landskyllid .iiij. agillde." DI XI, 862. 1550 er Ráeyri 20 hdr talin meðal jarða sem Jón Arason hafði aftur goldið Hólakirkju fyrir þær sem hann hafði selt - DI XI, 873-74, 878, DI XII, 461. 1569: "med Rareyri 3 kugilldi. landskyllid ij v[ættir] fiska og x aurar. xx alnum miður." BG, 260, landskuld 5 ágildi skv. DI XV, 229. 1570: Med Rareyri .iii. kug." DI XV, 460. [1575]: "Med Rareyri 3 kugilldi." BG, 16. 1582: "med Rareyri xi kugilldi. landskyllid v agillde." BG, 225. "med Rareyre xi vtangardz." BG, 231. 1712 voru Skútustaðir eyðihjáleiga. "Bæirnir Efri- og Neðri-Skúta voru byggðir á 19. öld þar sem áður var land jarðarinnar Ráeyrar. Efri-Skúta stóð undir fjallinu norðanvert við mynni Skútudals. Ráeyri var talin ein besta jörðin í firðinum. Þann 3. febrúar 1830 féll skriða úr Hestskarðshnjúk yfir nánast allt Ráeyrartún og grófst bær og útihús undir þykkt grjótfarg. Öllu heimilisfólki utan einni gamalli konu tókst að forða sér í tæka tíð en búpeningur allur varð undir skriðunni utan sex kindur í kofa nokkuð frá bænum. Efri- og Neðri-Skúta byggðust síðar sitt hvorum megin skriðunnar og voru í ábúð fram á þessa öld. Árið 1932 var hafin ræktun og all umfangsmikill kúabúskapur í Efri-Skútu og stóð sá búskapur til 1943 en eftir það er ekki búið þar. Siglufjarðarbær á nú jarðirnar ... Bærinn Neðri-Skúta var byggður utan við skriðuna sem lagði bæinn Ráeyri í auðn 1830. Einnig voru í landi Neðri-Skútu byggð fleiri húsmannskot á 19. öld en öll þessi byggð lagðist af í snjóflóði sem féll á bæina, ásamt síldarverksmiðjuhúsum og byggingum tengdum þeim, í landi Staðarhóls í apríl 1919 [jörðin í eyði síðan]." BE 1990 I, 59-60. Ráeyri var seld 1802 fyrir 238 rd 40 sk með 2 kúgildum. Þorsteinn Þorleifsson mun hafa keypt en hann bjó á Ráeyri 1792-1821 "Á Ráeyri var tvíbýli árið 1830 ... Annar bændanna var Magnús Þorsteinsson. Hann tók við búi þar 1822 eftir foreldra sína, Vilborgu Jónsdóttur og Þorstein Þorleifsson ... Hinn ábúandinn var Gísli Sigurðsson ... Á manntali í ársbyrjun 1830 voru 9 manns skráðir á Ráeyri." ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 185-86. "Það var svo árið 1833 að Höskuldur Jónsson ... byggði lítinn bæ á svipuðum slóðum, niðri við sjóinn, og kallaði hann Ráeyrarkot ... Höskuldur og kona hans Guðný Árnadóttir bjuggu svo í kotinu þar til Guðný dó 1839." ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 186. Ráeyrartunga húsmannskot 1828-30. Skriðukot 1861-1872, Skútubakki 1883-1893, 1898-1908. Sæból á sama stað 1912-19, einnig kallað Bensabær og Bakki. Jóhannsbær 1900-1917, Árbakki um 1900 til 1920, ónefnt timburhús á Skútuskriðu 1906-1911, Landamót 1912-1924. Árós, sunnan ár b. um 1940, nýbýlið Ráeyri um 1950.

1712: "Túninu spillir í einum stað Ráeyrará með grjóts og sands áburði. Enginu spillir vatn, sem jetur úr rótina, og sjáfargangur, sem ber sand og horða á hólmana. Úthagarnir eru nægir." JÁM X, 8. 3.2.1830: "Skriða þessi var um 300 faðma breið; hún tók bæinn allan með því, er í var, fjós með tveimur kúm og sauðfé allt, nema sex ær, en nokkuð af heyi stóð eftir óhaggad." Annáll 19. aldar I, 419. "Fórst [Kristrún Björnsdóttir 78 ára] með jarðarinnar túni, parti af engi, öllum húsum og fjármunum öllum lifandi og dauðum í jarðfallsskriðu, því ófundin." Prestþjónustubók Hvanneyrar. "Auk lands þess, er skriðan eyddi, tók hún af hina beztu skipalendingu, er þar hafði áður verið aðalverstaða þeirra, er hákarlaveiðar sóttu við Siglufjörð." ÓJ Skriðuföll og snjóflóð I, 409. "Skriðan tók af árfarveginn, sem áður lá í norður í framhaldi af dalnum, en áin féll til vesturs í nýjum farvegi sunnan skriðunnar." ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 39. "Útrás [árinnar] var breytt á ný við gerð hins nýja flugvallar árið 1985. Norðurendi hans er þar sem áður var eyrartanginn, en skipalægið Naustavík var austan hans. Er því allt orðið breytt frá því sem áður var." ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 185. 1918: "Tún fremur grasgefið, þýft og greiðfært, votlent og grýtt gefur af sér 50 hesta. Sáðreitir. Stærð 65 ferm., nýr og óreyndur. Engjar sléttar og mýrlendar að helmingi. Nokkuð af enginu er fram á dal. Heyfengur 110 hestar. Búfjárhagar góðir fyrir allar skepnur. Mótekja allgóð. ... Á jörðinni má framfleyta einni til tveimur kúm, 50 fjár og tveim hrossum með fjórum mönnum." FHÚ II, 416.

EY-012:001 *Ráeyri* heimild um bústað

66°08.314N 18°53.819V

Gamla bærstaðið undir skriðunni. 3.2.1830: "Skriða þessi var um 300 faðma breið; hún tók bæinn allan með því, er í var, fjós með tveimur kúm og sauðfé allt, nema sex ær, en nokkuð af heyi stóð eftir óhaggað." Annáll 19. aldar I, 419. "Austan ár stóð bærinn í stóru túni og grösugar engjar voru til beggja hliða. Niður frá bænum og vestan við ána gekk eyri, sem bærinn dró nafn af, og fram af henni var hólmi, Ráeyrarhólmi (Krúhólmi). Bæði eyrin og hólminn voru grasi vafin og ágæt slægjulönd." ÞRJ Siglfirskir sögubættir, 183. "Bærinn stóð nokkuð upp frá eyrinni austan árinna, sem þá féll beint norður úr dalnum til sjávar. Allar menjar um þennan bæ eru horfnar og raunar ekki vitað nákvæmlega hvar hann stóð." FHÚ II, 402. Ekki er vitað nákvæmlega hvar bærinn stóð, en af tiltækum vísbendingum og aðstæðum að dæma hefur hann verið allhótt uppi í hlíðinni, en þó ekki jafnhótt og Skútustaðir 013, sennilega um miðja skriðu eða heldur norðantil í henni.

Undir malarskriðu.

Engar minjar sjást nú um bæinn eða túnið umhverfis hann og hefur skriðan fært allt á kaf.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: BE 1990 I, 59; Annáll 19. aldar I, 419; ÞRJ Siglfirskir sögubættir, 183; FHÚ II, 402.

EY-012:002 *Neðri-Skúta* bærstaði býli

66°08.384N 18°53.900V

"Bíli var og reist 183[3] skamt út frá skriðunni og nefnt Ráeirarkot, var það búið til 1919 en til þess náði suðurjaðar hins mikla snjóflóðs sem getið hefir verið ..." segir í örnefnaskrá. "Bæirnir Efri- og Neðri-Skúta voru byggðist á 19. öld þar sem áður var land jarðarinnar Ráeyrar. ... Ráeyri var talin ein besta jörðin í firðinum. Þann 3. febrúar 1830 féll skriða úr Hestskarðshnjúk yfir nánast allt Ráeyrartún og grófst bær og útihús undir þykkt grjótafarg. ... Efri- og Neðri-Skúta byggðust síðar sitt hvorum megin skriðunnar og voru í ábúð fram á þessa öld. ... Bærinn Neðri-Skúta var byggður utan við skriðuna sem lagði bæinn Ráeyri í auðn 1830. ... öll þessi byggð lagðist af í snjóflóði sem féll á bæina, ásamt síldarverksmiðjuhúsum og byggingum tengdum þeim, í landi Staðarhóls í apríl 1919 [jörðin í eyði síðan]." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Engar minjar sjást nú um Neðri Skútu en talið er að bærinn hafi staðið í skriðujaðrinum norðanmegin, skamman spöl ofan við timburhús það sem nú ber nafnið Ráeyri og er nyrsta húsið sem uppi stendur við Siglufjörð austanmegin.

Að sunnan er malarskriða meða djújum og mýrarpollum á milli malarhóla. Norðan við er mýrlendi og hefur túnstaði verið fremur smáger, en lítið eitt hefur verið ræktað upp á hólana.

1918: "Húsakostur í Neðri-Skútu var hefðbundinn torfbær. Stór baðstofa, eldhús, búr og stofa. Framhús í byggingu úr torfi og timbri. útihús fá og lítil." FHÚ II, 416. 12.4.1919: "Þá hafði flóðið farið yfir Neðri-Skúta, brotið bæinn niður og fært í kaf ... Það hafði að nokkru hlíft baðstofunni, að ofan við hana stóð töðuhey. Var torf á því freðið og endinn, sem vissi að fjallinu, lágur. Flóðið hafði farið yfir heyið og skollíð niður á mæni baðstofunnar, brotið sperrunnar, sem voru grannar, lagt mæniásinn niður á gólfið endilangt, en sperrubrotin höfðu lagzt skáhallt af lausholtunum inn á gólfið og haldið uppi að nokkru súðinni yfir rúmunum, sem voru meðfram veggjunum, og hafði það bjargað fólkinu. Stafninn hafði fallið suður. ... Framhús, með þilvegg fram á hlaðið, hafði sópazt burt og langt niður á mýri. Flest bæjarhús önnur voru brotin niður, þar á meðal fjósið. Í því voru þrír nautgripir, er höfðu kafnað."

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ráeir HG. BE 1990 I, 59-60; ÓJ Skriðuföll og snjóflóð II, 370-372

EY-012:003 heimild um útihús

66°08.314N 18°53.819V

"Þann 3. febrúar 1830 féll skriða úr Hestskarðshnjúk yfir nánast allt Ráeyrartún og grófst bær og útihús undir þykkt grjótafarg. Öllu heimilisfólki utan einni gamalli konu tókst að forða sér í tæka tíð en búpeningur allur varð undir skriðunni utan sex kindur í kofa nokkuð frá bænum." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Ekki er vitað hvar þessi kofi stóð og gæti hann hafa verið hvort sem er norðan eða sunnan við skriðuna. Norðan við hana sér hvergi til tófta nema uppi undir fjallshlíð (sbr. 014) sem varla kemur til greina, og síðan á bærstaði Neðri Skútu 002 og gæti kofinn vel hafa verið þar. Einnig kemur til greina tóftin EY-013:004.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: BE 1990 I, 59-60

EY-012:004 heimild um lendingu

66°08.486N 18°53.881V

"Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, þó setningur sje lángrur með fjörunni. Einn bátur, sem ábúandi á, gengur hjer nú." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Skriðan fillti og farveg árinna og tók allt ofan um eirina, svo aðeins sést fremsta horn hennar og Ráeirarhólmi sem framan við hana er, eiddi hún að kalla helstu verstöð fjarðarbúa og uppsátur." segir í örnefnaskrá. "Auk lands þess, er skriðan eyddi, tók hún af hina beztu skipalendingu, er þar hafði áður verið aðalverstaða þeirra, er hákarlaveiðar sóttu við Siglufjörð." ÓJ Skriðuföll og snjóflóð I, 409. "Norðan eyrarinnar við ósa árinna var Naustavík. Þar var áður uppsátur vetrarskipa Siglfirðinga. Munu vafalaust hafa verið þar nokkur mannvirki í sambandi við útgerðina. ... Skipalendingin var talin sú besta í firðjunum og því heimræði gott, og varð þetta helsta verstaða þeirra sem hákarlaveiðar stunduðu

frá Siglufirði." ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 183. Lendingin er nú horfin og landslag mjög breitt við Naustavík, bæði vegna skriðunnar 1830 og flugvallargerðar. Lendingin hefur verið sem næst beint norðvestur af Neðri Skútu, innst við víkina.

Sigurjón Sigtryggsson telur að verstöð og lending hafi verið innan við Ráeyrina (FHÚ II, 402), en Naustavík hefur örugglega verið utan við hana og mun Þ. Ragnar Jónsson telja verstöðina hafa verið utan við vegna þess. Sennilega er þetta einfaldlega ekki vitað.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM X, 9; Ö-Ráeyri HG; FHÚ II, 402

EY-012:005 *Naustavík* heimild um uppsátur 66°08.486N 18°53.881V

"Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, þó setningur sje lángrur með fjörinni. Einn bátur, sem ábúandi á, gengur hjer nú." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Skriðan fillti og farveg árinna og tók allt ofan um eirina, svo aðeins sést fremsta horn hennar og Raeirarhólmi sem framan við hana er, eiddi hún að kalla helsu verstöð fjarðarbúa og uppsátur." segir í örnefnaskrá. "Norðan eyrarinnar við ósa árinna var Naustavík. Þar var áður uppsátur vetrarskipa Siglfirðinga. Munu vafalaust hafa verið þar nokkur mannvirki í sambandi við útgerðina. ... Skipalendingin var talin sú besta í firðinum og því heimræði gott, og varð þetta helsta verstaða þeirra sem hákarlaveiðar stunduðu frá Siglufirði." ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 183. Búðir og naust hafa verið á eyrinni sem áður gekk út í fjörðinn vestan við ós Skútuár (sem áður var mun norðar en hann er nú). Þau mannvirki eyðilögðust í skriðuhlaupinu 1830 og landslagi var síðan umturnað við flugvallargerðina, en naustin hafa verið því sem næst við norðurenda flugvallarins eða rétt austan við hann.

Sigurjón Sigtryggsson telur að verstöð og lending hafi verið innan við Ráeyrina (FHÚ II, 402), en Naustavík hefur örugglega verið utan við hana og mun Þ. Ragnar Jónsson telja verstöðina hafa verið utan við vegna þess. Sennilega er þetta einfallega ekki vitað.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM X, 9; Ö-Ráeyri HG; FHÚ II, 402

EY-012:006 *Smiðjugerði* heimild um bústað 66°08.405N 18°54.035V

"Þar hafði og litlu neðar [en Neðri-Skúta 002] verið húsmannsbíli um stund, en áður [en 1919] komið í eiði, nefndist það Smiðjugerði." segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Smiðjugerði var, en ætla má að það hafi verið niðri á flatlendingu milli Höskuldartófta 015 og Landamóta 012.

Svæðinu þar sem Smiðjugerði stóð hefur verið umturnað og eru þar allmargir vegarslóðar og merki um annað rask.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ráeyri HG

EY-012:007 *Bakki* heimild um bústað 66°08.497N 18°53.979V

"Tómhúsbíli hafði og reist verið um 1883 út og niður við víkina norðan eira, stóð það fast við fjöru og nefnist Bakki, fórst það að kalla ásamt 4 mönnum í flóðinu 1919." segir í örnefnaskrá. 12.4.1919: "Þá hafði flóðið farið yfir Neðri-Skúta, brotið bæinn niður og fært í kaf og sópað burtu húsinu niðri við sjóinn, sem nefnt var "Bensabær". ... Af Bensabæ var ekki örmull eftir, aðeins kjallahola, sem verið hafði undir bænum, en í henni var ekkert. Þarna höfðu farizt: Benedikt Gabriel Jónsson, áttaður af Vestfjörðum, kona hans, Guðrún Guðmundsdóttir frá Bakka í Austfjörðum og tvær dætur þeirra á barnsaldri." Ekki er vitað hvar Bakki eða Bensabær stóð, en hann hefur verið á sjávarbakkanum norðan við Höskuldartóftir 015.

Þar sem tóftin var á sjávarbakka gæti hafa brotið undan henni, en einnig gæti hún hafa orðið raski að bráð í sambandi við flugvallargerðina.

E.t.v. einnig nefnt Skútubakki sbr. ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 186. "Vorið 1883 byggði Bessi Þorleifsson skipstjóri býli við sjóinn út við landamerki Staðarhóls. Býlið nefndi hann Skútubakka. Þar bjó Bessi og kona hans, Ingibjörg Stefánsdóttir, til 1888. ... Þangað kom [þá] Jón Þorsteinsson frá Hóli og konahans, Hólmfríður frá Hamri. Þau bjuggu á Skútubakka til 1893, og fór þá í auðn um sinn. Skútubakki var í fimm ár í eyði, en vorið 1898 fluttu þangað Jóakim Jónsson frá Leyningi og kona hans, Hólmfríður Jónsdóttir frá Hóli. Þau bjuggu þar til 1906 og Hólmfríður síðan ekkja til 1908. Þá fór Skútubakki aftur í eyði. Árið 1912 var gamli bærinn jafnaður við jörðu. Á rústunum byggði Benedikt Gabriel Jónsson lítið timburhús."

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ráeyri HG; ÓJ Skriðuföll og snjóflóð II, 370, 372.

EY-012:008 *Skriðukot* heimild um bústað 66°08.399N 18.54.120V

"Annað slíkt bíli hafði og verið nokkur ár áður (1866-72?) nokkuð sunnar og vestur í jaðri skriðunnar, nefnt Skriðukot." segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Skriðukot var en af lýsingunni af dæma hefur það verið á vesturjaðri skriðunnar, sennilega milli Smiðjugerðis 006 og Landamóta 012 eða jafnvel enn vestar.

Svæðinu þar sem Skriðukot stóð hefur verið umturnað og eru þar allmargir vegarslóðar og merki um annað rask. "Fyrsta hjábýlið var reist 1861. Það gerði Bjarni Arnason ... Býli sitt reisti hann í norðurkanti skriðunnar miklu, spölkorn frá sjó, og nefndi Skriðukot. Þarna hírðist hann til dauðdags 1868 og síðan ekkja hans til 1871. Eftir það var þar eitt ár Bjarni Daníelsson og kona hans, Friðbjörg Guðmundsdóttir. Skriðukot féll í auðn 1872, og var þar aldrei byggt framur." FHÚ II, 417.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ráeiri HG

EY-012:009 heimild um uppsátur 66°08.399N 18.54.120V

"Annað slíkt bíli hafði og verið nokkur ár áður (1866-72?) nokkuð sunnar og vestur í jaðri skriðunnar, nefnt Skriðukot. Út frá því var og um stund uppsátur hákarlsskipa frá Silgunesi, sjást þar tóptir af hjalli og búð er nefndist Nesbúð." segir í örnefnaskrá. Uppsáttrið, hjallurinn og búðin munu hafa lent undir flugvellinum, og verið svo að segja beint niður undan Neðri Skútu 002

Undir flugvelli

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ráeiri HG

EY-012:010 heimild um hjall 66°08.399N 18.54.120V

"Annað slíkt bíli hafði og verið nokkur ár áður (1866-72?) nokkuð sunnar og vestur í jaðri skriðunnar, nefnt Skriðukot. Út frá því var og um stund uppsátur hákarlsskipa frá Silgunesi, sjást þar tóptir af hjalli og búð er nefndist Nesbúð." segir í örnefnaskrá. Uppsáttrið, hjallurinn og búðin munu hafa lent undir flugvellinum, og verið svo að segja beint niður undan Neðri Skútu 002

Undir flugvelli

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ráeiri HG

EY-012:011 *Nesbúð* heimild um verbúð 66°08.399N 18.54.120V

"Annað slíkt bíli hafði og verið nokkur ár áður (1866-72?) nokkuð sunnar og vestur í jaðri skriðunnar, nefnt Skriðukot. Út frá því var og um stund uppsátur hákarlsskipa frá Silgunesi, sjást þar tóptir af hjalli og búð er nefndist Nesbúð." segir í örnefnaskrá. Uppsáttrið, hjallurinn og búðin munu hafa lent undir flugvellinum, og verið svo að segja beint niður undan Neðri Skútu 002

Undir flugvelli

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ráeiri HG

EY-012:012 *Landamót* heimild um bústað 66°08.373N 18°54.139V

"Þá voru og eptir 1900 reist tómthúsbíli 2 sunnanvert á skriðunni annað all neðarlega nefnt Landamót og stóð litla hríð ..." segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Landamót stóð nákvæmlega en neðan við Árbakka 013 er nú mikið raskað svæði sem nær út að kíl sem skilur að land og flugvöll.

Flatlendi neðan við fjallshlíð og skriðu, á sjávarbakka en á honum hefur verið gerður flugvöllur og landinu umturnað vegna þess.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ráeiri HG

EY-012:013 *Árbakki* heimild um bústað 66°08.355N 18°54.071V

"Þá voru og eptir 1900 reist tómthúsbíli 2 sunnanvert á skriðunni annað all neðarlega nefnt Landamót og stóð litla hríð, hitt nokkuð ofar nefnt Árbakki, einnig löngu horfið ..." segir í örnefnaskrá. Árbakki var þar sem nú er tímurklætt sumarhús á norðurbakka Skútuár en garður því tilheyrandi nær allt að ánni, en húsið er um 40 m NNA við brúna yfir Skútuá.

Allmikil landmótun hefur átt sér stað í kringum sumarbústaðinn en Árbakki hefur staðið á skriðujaðrinum og hefur verið túnræfill í kring.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ráeiri HG

EY-012:014 2 tóftir mógrafir 66°08.315N 18°53.653V

Á röðlinum sem myndar norðurbrún skriðunnar frá 1830, ofarlega í hlíðinni á mótis við Skútustaði EY-013:001, þar sem alldjúp hvilft er í skriðunni eru a.m.k. tvær tóftir.

Þar sem tóftirnar eru uppi á röðlinum er gryfja eða dæld þar sem skriðan hefur skollíð niður og rífið með sér jarðveg þannig að dæld hefur myndast. Í dældinni eru dý og gæti þar hafa verið tekinn mór. Norðan við

skriðuna eru grasmóar með mýrateygingum og eru þar óljós merki um mótak


Efri tóftin er 6x3,5 m og snýr N-S. Hin er 60 m ofar og er jafnstór en ekki eins skýr. Sú neðri hefur mjög beina og skýra vegg, um 0,7 m háa. Ójöfnur eru víða á röðlinum milli tóftanna og neðan við þá neðri sem gætu verið tóftir af sömu gerð. 45 m norðan við efri tóftina er óljós tóft af sömu stærð og snýr norður-suður. Þar norðvestan við eru skýrar mógafir.

Hættumat: engin hætta

EY-012:015 Höskuldartóftir þúst

útihús

66°08.442N 18°53.968V



"Utan [Naustár] hafa uppsátur verið eftir að skriðan féll er þar sem túnblettur næst henni og nefnt Naustatún. Tóftir eru þar 6 nú nefndar Höskuldartóftir ..." segir í örnefnaskrá. Engar tóftir eru utan Naustár fyrr en alveg yst í landinu og munu þær örugglega vera þær þrjár sem HG kennir við Hólsbúð. Milli Naustár og lækjarins sem rennur sunnan við tóftirnar þrjár er hvergi hússtæði og kemur því aðeins til greina að tóftirnar hafi verið niðri í fjörunni - sem virðist ólíklegt - eða að þær hafi verið fast innan við Naustá en þar sjást nú þrjár þústir í röð frá suðri til norðurs á um 60 m bili. Þær eru fast ofan við vegarslóðann sem liggur lengst í norður meðfram flugvællinum. Þær eru norðvestan við húsið sem nú er kallað Ráeyri. Einnig er mögulegt að

Höskuldartóftir séu sama svæði og Hólsbúð 016, og kæmi það best saman við að þar hefði býlið Ráeyrartunga einnig staðið.

Í votlendi skammt frá sjávarbakka.

Þústirnar eru greinilega tóftaleifar þó ekkert húslag sjáist lengur á þeim. Tóftirnar voru kenndar við Höskuld Jónsson er byggði Ráeyrarkot 1833 og bjó þar til 1839, d. 1865.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ráeyri HG

EY-012:016 Hólsbúð 3 tóftir verbúð

66°08.519N 18°53.729V

"Þar litlu utar á bökkunum eru 3 tóptir. Var þar Hólsbúð. Er þá nær komið Merkjálæk áðurnefndum. eru hér eingi slétt og grösug allt niður hlíðar og ekki ólíklegt að býlið Ráeyrartunga sem getið er 1829 og verið hefur út eða niður frá Ráeyri hafi hér verið ist í landinu, í tungu þessari milli ár og lækjar og séu tóftir þess á meðal hinna 6 á Naustatúni [sjá 015]." segir í örnefnaskrá. Hér er eitthvað málum blandið og nær að telja að Ráeyrartunga hafi verið þar sem tóftirnar þrjár eru yst í landareigninni. Á sjávarbakkannum utanvert við Naustavík, milli lækjar sem rennur næst utan við Naustá, og merkjagirðingar eru 3 tóftir, mjög áberandi. Sú efsta er um 100 m neðan við 028.

Á grösugum sjávarbakka, allháum. Mýrlent er á milli tóftanna og ofan við þær..

Nyrsta tóftin er fast á sjávarbakkannum, einföld og opnast til vesturs. Hinar tvær eru sunnar, á lækarbakkannum, önnur upp af hinni. Sú neðri er þrískipt og dyr úr miðhólfinu til vesturs, en sú efri er einföld og sjást ekki dyr á henni. Í raun og veru er ekki vitað hvar Ráeyrartunga stóð sbr. þessa frásögn Sigurjóns Sigtryggssonar: "Árið 1828 sést nýtt nafn í bókum Hvanneyrarsóknar. Það er smábýlið Ráeyrartunga. Þá hafði Jón Ólafsson frá Staðarhóli - Jón austi - byggt húsmannsbýli sem hann bjó í eitt ár með systur sinni, Guðrúnu Ólafsdóttur ekkju frá Ámá. Annað ár hírðist hann einn í kofa sínum, en fó þaðan burtu vorið 1830. Eftir það er Ráeyrartunga ekki getið. / Ekki ber mönnum saman um hvar þessi kofi Jóns stóð. Sumir álíta að hann hafi verið við sjó fram, nærri Ráeyrarlendingu, og hafi því lent í skriðunni ... Helgi Guðmundsson telur að þetta býli hafi staðið úti við Naustá eða nálægt því sem Neðri-Skúta var síðar reist. ... Líklegt er að Ráeyrartunga hafi staðið nálægt Skútustöðum ..." FHÚ II, 405. Sigurjón telur að Höskuldur Jónsson sem fyrstur byggði á Efri-Skútu eftir skriðuna 1830 hafi fengið kofa Jóns austa til þess.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ráeyri HG; FHÚ II, 405.

EY-012:017 2 tóftir

66°08.369N 18°53.486V

Um 160 m norðan við 014 (efri tóftina) er tóft, um 100 m sunnan við læk sem rennur sunnan við fjölmargar tóftir í Ráeyrartungu (sbr. 016). 17 m norðar er önnur tóft sem stendur lægra og er óskýrari.

Grasmói með mýrardrögum neðst í fjallshlíð

Syðri tóftin er 5x3 m, snýr A-V og hefur skýra vegg, um 0,6 m háa. Nyrðri tóftin er 5x4 m og snýr austur-vestur. Hún er öll bogadregin og hafa veggir hennar verið lítilfjörlegir.

Hættumat: engin hætta

EY-012:018 2 tóftir

66°08.420N 18°53.444V

Um 100 m norðan við 017 (syðri tóftina) er enn tóft. Hún er á suðurbakka lækjar sem rennur sunnan við

Ráeyrartungu (sbr. 016). 30 m sunnar er önnur tóft lítil.

Grasmói með mýrardrögum neast í fjallshlíð

Nyrðri tóftin er 5x3 m, snýr norður-suður. Engar dyr sjást. Syðri tóftin er 2x2 m að stærð og er grjóthrúga norðan við hana. Hleðsluhæð er 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

EY-012:019 tóftir óþekkt


66°07.433N 18°53.324V

Nokkrar einfaldar tóftir eru á Skútudal, austan (norðan) megin. Þær eru nálægt því að vera til móts við selið (Ey-011:015) en eru þó 50-70 m utar í dalnum. Tóftirnar eru 15-20 m ofan við Skútuá og fast ofan við bíslóða sem liggur inn dalinn. Tóftirnar eru utan og neðan við ysta hitaveitukassann á dalnum.

Tóftirnar eru á grasi gróinni aflíðandi hæð sem hefur verið deiglandari áður.

Syðst er (A) einföld tóft sem er 2,5 X 5 m að stærð. 5 m norðaustan við hana er önnur tóft (B), nærri hringlaga og 3,5 m í þvermál. Um 20-30 m ofan við B er þriðja tóftin (C) sem er mjög óskýr en hefur líklega verið svipuð B á stærð. Um 40-50 m utan við AB er fjórða tóftin (D) sem er ferhyrmd og um 2 X 4 m að stærð. Hugsanlegt er að tóftirnar hafi verið einhvers konar heystæði.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



EY-012:020 tóftir óþekkt

66°07.715N 18°53.513V

Um 50 m ofan við vegarslóðann inn Skútudalinn og um 280-400 m innan við brúna yfir Ráeyrará (svæðið er um 180 m á lengd). Í dalsmynni eru nokkrar tóftir á aflíðandi, röku svæði. Ekki er óhugsandi að um sé að ræða heytóftir/heystæði. Mestur hluti




svæðisins hefur greinilega verið rakur þó að þær séu nú fremur þurrar eftir þurrkasumar.

Svæðið er á milli bratrar hlíðar og vegaslóða skammt ofan við ána.

Á svæðinu eru 6 tóftir eða þústir. Sú efsta er 4 X 6 m að stærð og einföld. Um 100-120 m neðan við hana eru þrjár tóftir/þústir í hnapp og eru þær allar einfaldar, 3-4 X 5-6 m að stærð. Um 50 m utar er vegghleðsla sem er 5 X 6 m að stærð og 20 m norðan við hana er svo greinilegasta tóftin á svæðinu. Er hún 10 X 4 m að stærð og virðist tvískipt.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar



EY-012:021 tóftir mókofar 66°08.006N 16°53.868V

Miðja vegu milli Efriskútu og brúarinnar í mynni Skútudals eða um 350-370 m norðan við brúna er rakt svæði með um 10 einföldum tóftum. Miklar svarðargrafir eru í námunda við tóftirnar og er helst að giska á að þær hafi verið í samhengi við grafirnar. Tóftaþyrpingin er um 50-70 m norðaustan við

Mókofar EY-012:021 úr norðaustri.

027 og er hugsanlegt að hún sé hluti af þessu tóftasvæði.

Tóftirnar standa á röku og lágu svæði skammt upp af Skútuá áður en fjallshlíðin byrjar að hækka. Tóftirnar standa allar á e.k. hæðum eða hólum upp úr láglandinu.

Þarna eru 10 tóftir, allar einfaldar en nokkuð misgreinilegar. Tóftirnar eru yfirleitt 3 X 7 m að stærð. Svæðið er

1250 m á lengd en 700-800 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-012:022 máma mógrafir


66°07.931N 18°53.996V

Um 20-30 m beint austan við 023 eru mógrafir. Þær eru um 350 m norðan við brúnna á Skútuá við mynni Skútudals.

Grafirnar eru á votlendu svæði ofan árbakkans en neðan við þar sem fjallshlíðin byrjar að hækka.

Grafirnar eru á kafi í grasi. Þær eru þó enn nokkuð rakar og um 1 m á dýpt. Grafirnar ná yfir nokkuð stórt svæði.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar



EY-012:023 tóft óþekkt

66°07.935N 18°54.024V

Í hvammi við árbakkann tæpum 350 m norðan við brúnna á Skútuá við mynni Skútudals er tóft. Tóftin er 10-15 m austan við Skútuá.

Tóftin er á fremur rökum árbakka.

Tóftin er 7 X 3,5 m og hæð hennar er 0,5 m. Breidd veggjanna er 0,8. Tóftin er á kafi í grasi og nokkuð illgreinanleg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-012:024 náma mógrafir

66°07.865N 18°53.989V

Um 10 m utan við 025 og um 75 m framan við brúna á Skútuá við mynni Skútudals eru svarðargrafir í sléttu og röku enginu.

Grafirnar eru á votlendu svæði ofan árbakkans en neðan við þar sem fjallshlíðin byrjar að hækka.

Grafirnar eru fremur litlar sú efri er 10 X 5 en hin er 6 X 8. Innri svarðargröfin er mun dýpri og enn rök.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar



EY-012:025 þúst óþekkt

66°07.860N 18°54.006V

Um 100 m utan við þar sem brúin liggur yfir Skútuá við mynni Skútudals og um 30 m austan við Skútuá er upphleypt hæð á svæðinu sem annars er flatlent og rakt. Hæðin er um 10 m sunnan við 024. Ekki er greinileg tóft á hæðinni en hún er þessleg að greinilegt er að þar hafi byggingar verið, líklegast heystæði eða mannvirki í tengslum við 024. t.d. mókofi.

Þúst EY-012:025 úr austri. Hæð á votlendu svæði ofan árbakkans en neðan við þar sem fjallshlíðin byrjar að hækka.

Hæðin er á kafi í grasi og er um 8 X 3 m að stærð.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

EY-012:026 2 tóftir

66°08.448N 18°53.515V

58 m neðan og vestan við 018 - og norðan við lækinn sem rennur sunnan við Ráeyrartungu (sbr. 016) er lítil tóft. 15 m neðar er önnur tóft heldur minni og óskýrari.

Grasmói með mýrardrögum neðast í fjallshlíð.


Efri tóftin er 4x3 m, hin er ívið minni.

Hættumat: engin hætta

EY-012:027 heimild um fjárhús

66°08.373N 18°54.139V

12.4.1919: "Á Neðri-Skútu björguðust þó nokkrar kindur, er voru í húsi suður og niður við sjóinn." - "Fólkið í Skútu hefur misst aleigu sína, að undanteknum fáeinum kindum sem voru í húsi lítið eitt sunnan við bæinn og slapp .." Fram, 12. apríl 1919. Ekki er vitað hvar þetta hús var, og gæti það verið sama hús og t.d. Landamót 012, Skriðukot 008 eða Smiðjugerði 006.



Flatlendi neðan við fjallshlíð og skriðu, á sjávarbakka en á honum hefur verið gerður flugvöllur og landinu umturnað vegna þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÓJ Skriðuföll og snjóflóð II, 373

EY-012:028 4 tóftir

66°08.462N 18°53.592V

Um 40 m neðan við 026 (neðri tóftina) eru 4 tóftir í þyrpingu. Sú efsta er um 20 m norðan við lækinn á suðurmörkum Ráeyrartungu (sbr. 016).

Grasmói á lækjarbakka, mýrarteygingar inn á milli.

Efsta tóftin er um 3x2 m að stærð og heldur óglögg. Önnur er 30 m neðar í hlíðinni, 2x2 m að stærð, mjög skýr og opin til vesturs. Þriðja tóftin er um 12 m sunnar, á

lækjarbakkannum. Hún er um 5x3 m. Veggir hennar eru ekki mjög skýrir en hún stendur hátt. Fjórða tóftin er langstærst, 15 m neðan við þá þriðju, fast á árbakka. Hún er 15x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsluhæð er 0,4 m. Sennilega eru þessar tóftir útihús frá Ráeyrartungu eða Neðri-Skútu.

Hættumat: engin hætta

EY-013 Skútustaðir

Hjáleiga Ráeyrar, fór í eyði 1694. 1712: "Skutustader, eyðihjáleiga, bygð í úthögum suður og upp frá túninu fyrir manna minni, en eyðilagðist fyrir 18 árum. ... Aftur má hjer byggja, samt er það til rýrðar við heimajörðina." Olavius segir að Skútá, hjáleiga frá Háeyri hafi eyðst af skriðu og snjóflóði 1714-1720. ÓÓ II, 36. Ólafur Jónsson telur að Olavius fari rangt með og hjáleigan hafi eyðst af skriðu og/eða snjóflóði 1694 og ekki byggst eftir það fyrr en á 19. öld - Skriðuföll og snjóflóð I, 344. "Bæirnir Efri- og Neðri-Skúta voru byggðir á 19. öld þar sem áður var land jarðarinnar Ráeyrar. Efri-Skúta stóð undir fjallinu norðanvert við mynni Skútudals. ... Þann 3. febrúar 1830 féll skriða úr Hestskarðshnjúk yfir nánast allt Ráeyrartún og grófst bær og útihús undir þykkt grjótafarg. ... Efri- og Neðri-Skúta byggðust síðar sitt hvorum megin skriðunnar og voru í ábúð fram á þessa öld. Árið 1932 var hafin ræktun og all umfangsmikill kúabúskapur í Efri-Skútu og stóð sá búskapur til 1943 en eftir það er ekki búið þar. Siglufjarðarbær á nú jarðirnar ..." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Höskuldur Jónsson hafði byggt sér kofa þar sem síðar var kallað Efri-Skúta áður en hann reisti bæinn Ráeyrarkot 1833 - ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 186.

1918: "Tún í meðallagi grasfeið, slitrótt, sumt deiglent. Töðufall 65 hestar. Engjar: Sumt af þeim votlent, en sumt þurrt og fjarliggjandi. Heyfall árlega 150 hestar. Búfjárhagar góðir fyrir allan búpening. Mótak gott. Torfrista sæmileg. Á jörðinni má framfleyta tveim kúm og 60 kindum með tveim til þrem mönnum." FHÚ II, 416-17. Upphaflega túnstæðið hefur aðeins verið hólaklasinn sem bær og útihús standa á, en sléttar mýrar eru bæði sunnan og norðan við og eru þær einkum víðáttumiklar sunnan við. Allmiklir handgrafnir skurðir eru í mýrum þessum en önnur merki um jarðabætur sjást ekki. Mógrafir eru einnig talsverðar í mýrunum - en þær gætu verið yngri en byggð á Efri-Skútu.



Efri-Skúta eða Skútustaðir EY-013:001 úr austri.

EY-013:001 *Efri-Skúta* bærjastæði býli

66°08.134N 18°53.803V

"Bærinn stendur á allháum melhöfða fram við ána er nefndist Bæjarhóll ..." segir í örnefnaskrá. Efri-Skúta stóð á nokkru flatlendi austan Skútuár, um 650 m norðan við brúnna yfir ána við mynni Skútudals. Þar sem bærinn stóð samkvæmt túnakorti frá 1920 standa nú hálf rifnir veggir steinsteypis húss. Húsið stendur á náttúrulegum hól og erfitt er að gera sér grein fyrir hvort uppsafnaðar mannvistarleifar er að finna í honum.


Á árbakka, umhverfis hólín eru rök og þýfð tún. Bærjastæðið eru um 200 m framan við skriðuna frá 1830.

Höskuldur Jónsson hafði byggt sér kofa þar sem síðar var kallað Efri-Skúta áður en hann reisti bæinn Ráeyrarkot 1833 - ÞRJ Siglfirskir söguþættir, 186. 1918: "Í Efri Skútu var þá lítið íbúðarhús úr torfi og timbri og einhverjir kofar til viðbótar." FHÚ II, 417. Að bænum að austan liggur upphlaðinn vegur yfir mýrina og sjást líka traðir

sunnanmegin.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: BE 1990 I, 59-60; JÁM X, 9; Ö-Ráeiri HG




EY-013:002 *Kvíahóll* tóft kvíar 66°08.091N 18°53.657V
"... upp frá bæ Kvíahóll ..." segir í örnefnaskrá. Kvíahóll er hæðarbunga ofan við túnið. Neðan í henni eru leifar af túngirðingu úr vír og um 5 m ofan við hana er tóft. Hún er um 50 m beint upp (austur) af 025.

Neðst í fjallshlíð. Tóftin er utan í hæðarbungu með grasmóa, rétt ofan við tún. Lítið flag er fast sunnan við.

Stór einföld tóft, opin í norðurenda. Grjóthleðslur sjást utan á vestari langvegg og innan á eystri langvegg. Allmargir tréstaumar standa í tóftinni og á vesturvegg hennar. Þeir eru sennilega síðar til komnir og hefur tóftin útlit fyrir að henni hafi verið breytt í kálgarð því jafnað hefur verið út á vesturlangvegg og sést aðeins ytri brún hans.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ráeiri HG



EY-013:003 *Árbakki*

tóft bústaður

66°08.165N 18°53.780V

"Þá voru og eptir 1900 reist tómthúsbíli 2 sunnanvert á skriðunni, annað all neðarlega nefnt Landamót og stóð litla hríð, hitt nokkuð ofar nefnt Árbakki, einnig löngu horfið. Bíli var og áður reist af sama manni ofan við árkrókinn í míri út frá Skútustöðum, er einnig

Árbakki EY-013:003 úr norðaustri, mógrafir EY-013:007 í forgrunni

nefndist Árbakki, stóð fá ár." segir í örnefnaskrá. Engar tóftir sem þessu gætu tengst sjást nú nema ef vera skyldi tóft

sem er á litlum hól um 40 m beint norður af bæ 001. Upphlaðinn vegur liggur meðfram tóftinni að sunnan og beygir svo suður að bæ um 5 m austan við tóftina. Hún er um 30 m frá Skútuá.

Uppi á grónum grjóthól í miðjum mýrarhvammi.

Einföld ferhrynd tóft - aðeins norður- og vesturveggir eru greinilegir. Hugsanlega er annað hól - jafnlangt en mjórri - norðan við.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


Heimildir: Ö-Ráeiri HG

EY-013:004 heimild um útihús

66°08.091N 18°53.742V

Um 20 m suðaustan við 005 sjást enn alveg grónar leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1920. Tóftin er á kafi í gróðri og vel má vera að hluti hennar hafi verið steiptur eins og hinar byggingarnar tvær í túni.


Tóftin er á hæð. Umhverfis hana eru rök og þýfð tún.



Tóftin er 8 X 8,5 m að stærð og er tvískipt. Op er á vesturhlíð hennar. Hæð tóftarinnar er 0,4 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920



EY-013:005

heimild um fjárhús

66°08.107N

18°53.784V

Um 30 m suðaustan við 001 standa leifar steipts fjárhúss þar sem bygging er merkt inn á túnakort frá 1920.

Húisleifarnar standa á hæð. Umhverfis hana eru rök og þýfð tún.

Húsið hefur verið byggt inn í hól að vestan. Uppi á honum eru tvær tóftir til og kálgarður efst. Hæðin sem tóftirnar eru á og utan í gæti verið rústahóll. Hún er um 2 m há að norðvestan og mjög brött.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

EY-013:006 náma mógrafir

66°08.172N 18°53.678V

Um 40x30 m mógrafasvæði er í mýrinni norðaustan við bæinn 001, um 60 m beint norður af 005 og um 30 m ANA af 003.

Grasmói

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-013:007 náma mógrafir

66°08.213N 18°53.764V

Um 40 x 20 m mógrafir eru sunnanundir skriðunni frá 1830 um 120 m norðan við bæ í Efri Skútu 001.


Grasmói

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

EY-016 Ámá

10 hdr 1686, 1712, í eyði frá 1702. Hólastólseign. 1676 voru tvö kúgildi á Ámá, ein kýr og 6 ær, landskuld 1 hdr - FHÚ, 246. 1712 eiga Möðruvellir landspart í landi Ámar, Möðruvallnareit. JÁM X, 11-12. Í eyði 1755-1769. 1802 er eyðihjáleган Geirhildargarðar talin með - JJ 1847, 285. Tvíbýli 1818 til 1836. "Áma var innsti bæri í Héðinsfirði og jafnframt sá eini vestan ár. Bærinn stóð á tungu milli Héðinsfjarðarár og Ámár sem fellur úr samnefndum dal og upp frá bænum. Jörðin átti lönd vestanvert í firðinum, framan við vatnið og inn í botn." Í eyði frá 1927. BE 1990 I, 63.

1712: "Túnið er nú fordjarfað af lángrandi órækt. Engið spillist af skriðum og vatni, sem jetur úr rótina. Úthagar góðir og miklir. ... Enginn brúkar nú þessa jörð eður hefur brúkað síðan Möðruvellir lögðust í eyði." JÁM X, 11. 1849: túnið slitrótt, þýft og í meðallagi grasgefið. Engi er mikið og grösugt, en grýtt og nokkuð af því blautt. Þá eru taldar miklar hættur af skriðum og snjóflóðum - jörðin talin geta borið 8 hdr (FHÚ, 245). Haustið 1866 féll snjóflóð á Ámá og tók með sér og drep 40 fjár og 7 hross - SS II, 277. 1919 féll annað snjóflóð á norðurhluta túnsins og tók þá 40 ær og einn mann. Flóðið bar talsvert grjótt bæði á tún og engjar - SS II, 375-76. 1918: "Bygging hefur um langan tíma verið mjög ljeleg á Ámá, en er nú nýlega bætt að nokkru. Jarðabætur engar nje girðingar." Aldarminning, 18. 1918: túnið fremur grasgefið, grýtt og slitrótt, en mest allt slétt. Það gefur af sér 80 hesta. Engjar eru víðlendar og greiðfærar, en grýttar. Hluti þeirra liggur til fjalla. Heyfall af þeim er talið 400 hestar. Búfjárhagar víðlendir og kjarngóðir fyrir allan búpening. Torfrista góð og mótekja sömuleiðis. Þar má framfleyta 2 kúm, 120 fjár og 5 hrossum. (FHÚ, 245). 1920: Tún 2,7 ha þar af 1/5 sléttað. "Á þessari spildu, sem Ámá fékk frá Vatnsenda eða Vík [milli Geirhildargarða og Gíslagrundarlækjar], eru engjar góðar með ánni og einnig upp um hlíðar. Hagalönd eru þar góð, en snjóflóðahætta mikil og hefur oft valdið fjártjóni." (FHÚ, 244).



EY-016:025 Stórákot 3 tóftir

66°05.788N 18°49.792V

"Miðgrænumór heitir valllendissvæði milli Grænanna og Grundanna. Þar er einhvers staðar gamlar tóftir, sem heita Stórákot." segir í örnefnaskrá. Stórákot er um 150 m norðan lækjarins sem kemur úr Folaldaskál og um 250 m vestan við Héðinsfjarðará. Tóftirnar eru sunnan við þurrt lækjardrag á um 80 m löngum bala.

Neðan við tóftirnar er brekkan grasgróin en þar neðan við eru mýrarflesjur meðfram árbakkanum. Ofan við er fjallshlíðin lyngivaxin.

3 tóftir og er sú minnsta efst, um 3x4 m að stærð, mjög sigin og gróin. Skammt neðar og norðaustar er önnur stærri, 7x8 m að stærð, þrískipt. 60 m neðar er þriðja tóftin, 7x5 m að stærð, mjög sigin og óglögg, algróin. Grjóthleðslur sjást hvergi í þessum tóftum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ámá, 3

EY-016:026 tóft 66°05.940N 18°49.540V

Utarlega í Ámárlandi, sunnanvert við Gíslagrundarnes, gegnt mógröfum í Grundarkotslandi er græn þúst og leifar af ferköntuðu gerði uppi í brekkunni, um 60 m vestan við Héðinsfjarðará.



Á aflíðandi vallendisgrundum.

Ofar er lítil þúst, græn þúfa um 4x3 m að stærð, með op í vestur. 9 m neðar, ANA við, eru leifar af girðingu úr torfi, um 7x7 m að stærð. Girðingarleifarnar eru mjög mjóar og lítilfjörlegar og eru stór skörð í þær. Sennilega hefur verið vírgirðing ofan á og hefur þetta þá verið kartöflugarður og kartöflukofi við.

Hættumat: engin hætta

EY-017 Möðruvellir



Bakkakot EY-017:002 úr austri, túngarður í forgrunni en bæjarhólinn ber í Héðinsfjarðará.

10 hdr 1686, 1712, í eyði frá 1705. Hólastólseign. Fyrst getið 1582: "med Modruvolum j kugilldi. landskyllid x aurar og tiund." BG, 224. 1569 var hinsvegar aðeins ein jörð í Héðinsfirði og hét hún Héðinsfjörður - BG, 261. 1629: "a Modruvolum vantar iij ær [í innistæðu], veit eg ey huort vr haffa falled, adur eg tök vid edur sijdann." Bréfabók Þorláks, 18. 1712: "Rifhrís og víðir til heystyrks og eldiviðar í Möðruvallnareit, það er einn takmarkaður landspartur, sem þessi jörð á fyrir vestan ána, í Ámár landi. ... Engjatak á jörðin á áðursögðum Möðruvallnareit í Ámár, landi." JÁM X, 11-12. Í eyði 1755 - ÓO II, 37. 1802 er talin með Bakkakot, eyðihjáleiga. "Möðruvallabærinn var innsti bær í Héðinsfirði að austanverðu og stóð á sléttri grund niður undan Möðruvallahnjúk. Jörðin átti lönd inn með austurhlíð dalsins frá Gundará inn í botn. Árið 1904 fór bæinn í eyði ..." BE 1990 I, 63

1712: "Túnið spillist af vatnsuppgangi, sem jetur úr rótina. Engi var lítið í heimalandi, sem eyðilagð er af grjóts og sands áburði úr Héðinsfjarðará. Úthagarnir góður og miklir. Kirkjuvegur til Hvanneyrar ut supra. Enginn brúkar þessa jörð eður hefur brúkað, síðan hún eyðilagðist." JÁM X, 12

EY-017:002 Bakkakot bæjarstaði býli

66°05.573N 18°45.553V


JJ: "1802 er hér með talin eyðihjáleigan Bakkakot ..." "Vestar í skarðinu og neðar er Stórhóll. Grundará fellur þaðan, fram hjá eyðibýlinu Bakkakoti og í Héðinsfjarðará, utarlega í Möðruvallalandi." segir í örnefnaskrá. "Furðu snemma hefur þó þessi góða jörð í auðn farið. ... Beitti Hólastóll hér þá lengi tún og engi nautahjörðum sínum sumarlangt, en hirti hlunindi og reka allan. Hafa þau fornbíli 3 er hér voru innra, þegar í auðn farið um 1300 eða skömmu síðar og þetta bíli aldrei endurbigt verið, þó Vatnsendi um síðir kæmi í þess stað. ... hluti lands þessa ...l [lagðist] undir Möðruvelli, sem hér er næst bíla að innan. Nefndist síðan sá landshluti, einkum neðan fjalls Möðruvallapartur og er hin forna Grund nær ist og neðst í honum. Um 1809 var svo bíli reist úr frá Grund en upp við hlíð og hólabrún nokkra, enda fenti þar í kaf um 1822 konu og búhokur [svo ?] Höskuldar Jónssonar er hér bjó 1817-30 og aptur síðar sem sjá má í Blöndu. Er hann hér talinn fyrsti búandi en víst höfðu hér 3 búið áður 1809-13 en svo í auðn farið. Fluttist þá hingað nafnið Grundarkot og hélst síðan. Hefur hér optar búið verið og nír bær reistur 193 nokkuð utar. Var hér hjábíli frá Vatnsenda, síðar sjálfstætt. Hefur Grund nú sem rétt

nefn fengið og nefndist Bakkakot." segir í örnefnaskrá. Um 150-200 m norðan við Grundará er stórt rústasvæði þar sem Bakkakot hefur verið. Svæði hefst fljótlega austan við Héðinsfjarðará og nær nokkuð upp í hlíðina.

Héðinsfjarðará hefur breytt um farveg nýlega og flæðir nú meðfram rótum bæjarhólsins að norðan og vestan. Bæjartóftin er á grónum melhól niðri á jafnsléttu og þar eru mýrar í kring en túnstæðið er uppi í brekkunni, þar sem einnig er votlent á köflum.

Bakkakotstóftum má skipta upp í þrjú svæði. Það syðsta (A) samanstendur af þremur tóftum. Sunnan við svæðið rennur lítill lækur. Um 5 m norðan við hann er syðsta tóftin (I). Hún er einföld (4 X 3,5 m) en ekki er greinanlegt op á henni. 7 m norðvestan við hana má greina L-laga tóft (II) eða hluta tóftar sem er 1 X 2 m að stærð. 8 m ofan við (II) er þriðja tóftin (III), sem er nyrst og efst. Hún er tvískipt og 7 X 5 m að stærð. Op er á norðurhlið hennar. 36 m norðan við þessa tóft rennur lækur niður hlíðina og byrjar þar svæði sem kalla má B og þar er sjálfur bæjarhóllinn og útihús í túni. Þar er 15-20 m norðan við lækinn hæðardrag, nærri jafnhátt í hlíðinni og (III). Neðarlega á þessu hæðardragi eru 3-4 tóftir. Efst er ferningslaga tóft (I) (5 X 5 m) en 5 m neðan við hana er önnur tóft (II) svipuð að stærð en virðist hún skiptast upp í nokkur hólf en hún er mjög óljós. 7 m neðan við (II) er önnur L-laga eða bogadregin (2 X 7 m) tóft (III). Fast neðan við (IV) er neðsta tóftin á draginu og er hún ferningslaga (2 X 2). Neðan við umrætt drag er mýrarsvæði alla leið að bæjarhólnum sem er 20 m neðan. Bæjartóftin er á grónum melhól og liggur Héðinsfjarðará fast upp að hólnum. Á hólnum eru tvær tóftir. Bæjartóftin sjálf (V) er vestar og er hún 12 X 8 m að stærð. Hún skiptist upp í 3-4 hólf. Nokkur op virðast vera á vesturhlið hennar. Fast austan við syðsta hluta bæjarins er útflött tóft (VI) sem virðist hafa verið tvískipt. Hún er 5,5 X 4 m að stærð. Um 20 m norðaustan við bæjarhóllinn er annar hóll í túninu fagurgrænn. Ekki er hægt að greina tóftir á þessum hól en þó er hann þesslegur að þar hafi tóftir staðið áður. Ofan við túnin liggur túngarður. Hann má syðst greina um 20 m ofan við (I) og þar eru við hann svarðargrafir sem eru um 4 X 4 m að stærð. Þaðan liggur hann í boga til norðurs og er m.a. um 20 m ofan við efsta hluta hæðardragsins sem tóftirnar fjórar (I-IV) eru á. Garðurinn er um 100 m langur en þá kemur rof í hann þar sem lækur rennur niður túni. Þar utan við er svæði C. Tóftir eru á hæð um 18 m neðan við túngarðinn. Á hæðinni hafa greinilega verið nokkrar tóftir en þær eru fremur óljósar nú. Þó má greina fyrir tveimur einföldum tóftum á þessum stað, báðar um (6 X 5 m). Rofið á túngarðinum er bara um 10 m en síðan hefst hann aftur og nær í um 50 m að lækjarsprænu. Norðan við hann er garðurinn merkjanlegur í um 6 m en fjarar síðan út.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JJ 1847, 285; Ö-Möðruvellir; Ö-Grund HG



EY-018 Grundarkot

1712 "Grundar kot heitir örnefni framarlega í Vatnsendalandi, þar sjást byggingaleifar af tóftarrústum, og atla menn því að það sje fornt eyðiból, þó það viti nú enginn til vissu. Ekki má þar byggð setja fyrir snjóflóðum, og eru nokkrar gátur á, so sem nú sýnist líklegt, að þau hafi í fyrndinni kotið eyðilagð." JÁM X, 12. Grundarkot er talin hjáleiga frá Vatnsenda í eyðibýlaskrá Olavíus segir jörðina í eyði vegna snjóþyngsla - ÓÓ II, 37. 1847 er Grundarkot talin hjáleiga Möðruvalla en býlið var alla 19. öld og fram til 1938 í eigu þess sem átti Vatnsenda. "Grundarkot var næst fremsti bær að austan í Héðinsfirði. Bærinn var byggður út úr landi Vatnsenda snemma á 19. öld og var lengst af hjáleiga þeirrar jarðar. Bærinn fór í eyði 1949 og standa nú aðeins útveggir gamla steinhússins." BE 1990 I, 64. Vitað er um byggð í Grundarkoti milli 1803 og 1839, 1843-1886, 1888-1903 og frá 1917 til 1949.

1821: Höskuldur Jónsson bjó í Grundarkoti 1816-30 og segir svo frá: "Þá hafði ég meðgerð með tvö tryppi og einn hest, sem ég hafði til byggingar; þar voru tveir hestar aðrir úr firðinum hjá mínum hrossum. Þetta var á þorra, kom þá snjóflóð svo mikið, að það tók þessi fimm hross öll saman, en ég vissi ógerla, hvað af þeim hafði orðið; byrjaði því leit með komumanni, því langt var til mannhjálpar á bæi, en snjóflóðið var rétt á móti bæ mínum, og fundum við þrjú hrossin í snjóflóðinu, en eitt í ánni, en hið fimmta heim undir bæ, hvert snjóflóðið hafði þangað flutt. Og í þetta sinn féll snjóflóð rétt fyrir utan bæ minn og tók með sér hey, í hverju voru 50

hestar." SS II, 244-45. 1918: "Jarðabætur eru hjer engar nje girðingar." Aldarminning, 15. "Í Grundarkoti var lítið túnstæði, en sæmilega slétt. Ræktun var þar engin, og gaf túnið ekki af sér nema 30 hesta af töðu. Engjar voru aftur á móti fremur grasgefnar og sléttar og gáfu af sér um 100 hesta. Búfjárhagar voru taldir góðir í Grundarkoti, en slæmir fyrir stórgripi, enda fjalllendið snarbratt og gróðurlítið. á jörðinni mátti framfleyta 1 kú, 30 kindum og 1 hrossi. Til hlunninda var talin silungsveiði í Héðinsfjarðarvatni, gott og mikið mótak og allgóð torfrista." Siglufjörður, 63. 1920: Tún 1 ha, 1/2 slétt. Engar túnabætur sjást aðrar en grjóthrúgur sem tíndar hafa verið saman úr túninu. Í kringum eldra bæjarstæðið er nær ekkert tún en allvíðlent um hið yngra. Syðst á engjunum er allmikill handgrafinn framræsluskurður.


Bæjarhóll á Grundarkoti EY-018:001 úr norðri.

EY-018:001 Grundarkot bæjarstæði býli
 "Um 1809 var svo bíli reist út frá Grund en upp við hlíð og hólabrún nokkra, enda fenti þar í kaf um 1822 konu og búhokur Höskuldar Jónssonar er hér bjó 1817-30 og aptur síðar sem sjá má í Blöndu. ... Hefur hér optar búíð verið og nír bær reistur 193[vantar] nokkuð utar." segir í örnefnaskrá. Eldra bæjarstæðið er um 250 m sunnan við steinhúsrústina. Það er uppi í hlíðinni sunnan undir melöldu sem gengur fram neðst í fjallshlíðinni, um 200 m austan við Héðinsfjarðará. Í hlíð sem er vallgróin skriða. Hólar skýla að norðan en lækur rennur úr hlíðinni milli tóftanna. Neðan við, á jafnsléttu, eru mýrarflákar.

Bæjarhóllinn er um 40x20 m og á honum eru tvær tóftir. Sú nyrðri virðist vera bæjartóftin en hún er heldur óskýr og virðist hafa verið timburhús sunnanmegin. Syðri tóftin er tvískipt útihústóft. Neðan við hólinn suðvestantil er lítil einföld tóft. Þá er regluleg þúst sem sennilega er leifar af byggingu fast sunnan við lækinn beint niður af bæjartóftinni. Á lágum hól þar norðan við er girðing - rétt eða kálgarður. Uppi í hólunum sunnan við lækinn eru 3 tóftir. Lítil grjóthlaðin tóft er syðst af þeim og sést hún neðan frá bæjartóftinni. Skammt norðan við hana er kvíatóft, byggð utan í hól. Uppi á honum, enn norðar, er girðing, sennilega kálgarður. Vestan í sama holti eru einnig leifar af allstórum kálgarði í miklum halla með óverulegum torfveggjum. Hefur sennilega verið girt með vír. 1919 var íbúðarhúsið í Grundarkoti af torfi og timbri með pappapaki. Þar var fjós fyrir 2 kýr, fjárhús yfir 18 kindur og hesthús fyrir 1 hest. "Húsaskipun var svipuð [í Grundarkoti] og á [Möðruvöllum og Ámá]. Þó voru kýrnar í fjósi, en ekki í baðstofunni eins og á Möðruvöllum og Ámá og þar var baðstofa þiljuð í hól og gólf eins og það var kallað. Það var heldur betur húsað þar." Ö-Bær í Héðinsfirði, 7.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Grund HG; Ö-Bær í Héðinsfirði, 7



Yngra bæjarstæði Grundarkots (EY-018:002) úr suðaustri.

EY-018:002 Grundarkot bæjarstæði býli
66°06.046N 18°48.939V


"Hefur hér optar búið verið og nír bær reistur 193[vantar] nokkuð utar." segir í örnefnaskrá. Yngra bæjarstæðið er um 250 m norðan við 001. Þar er áberandi rúst af steinsteyptu íbúðarhúsi, norðarlega í túninu.


Á vallendisbungu undir fjallshlíð. Neðan við eru malarhólar og mýrarsund á milli. Lækir renna um bunguna hjá fjárhúsunum syðst og norðan við íbúðarhúsið.

Sennilegt er að flestar eða allar tóftirnar á þessu svæði séu frá 20. öld. Syðst eru stór fjárhús með steyptri baðþró. Þar norðvestan við er aflöng tóft lík Hjallstólpunum á Ámá. Norðaustanvið er grjóthlaðin rétt byggð upp við brekkuna. Vestan við íbúðarhúsið er annað fjárhús og kvíar eru í brekkurótum endan við það. Nyrst er kálgarður á hól sem er aðskilinn frá aðaltúninu af mýrardragi. Íbúðarhúsið var byggt skömmu áður en jörðin lagðist í eyði 1948. 1950 "gerðist sá undarlegi atburður að eldur kviknaði í húsinu og brann allt sem brunnið gat. Þetta gerðist um hávetur, þegar engar mannaferðir voru í Héðinsfirði. Enginn hefur getað bent á líklega skýringu á upptökum þessa elds." FHÚ, 192

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Grund HG; FHÚ, 192.





Svarthólakot EY-018:003 úr austri.

EY-018:003 *Bæjarnes/Svarthólakot* 2 tóftir býli 66°06.165N 18°49.076V


"Bæjarnes við Héðinsfjarðará er kannski bæjarstæðið." segir í örnefnaskrá Vatnsenda. "Í Grundarkotslandi, nær miðja vegu milli Vatnsenda og hinnar fornu Grundar, er hólaklasi nokkur sem nefndur er Svarthólar. Í hólum þessum, nálægt ánni, er sagt að eitt sinn hafi verið býli, kallað Svarthólakot. Það er yst og neðst í Grundarkotslandi. Ekki er þarna um fornbylí að ræða, en gæti hafa verið afbýli frá Grund. Sennilegt er að það hafi heitað Svarthólar í upphafi, en fengið kostsnafnið til viðbótar eftir að það lagðist í auðn. Þarna virðist hafa verið lítil byggð og varað skamma hríð. Engar heimildir geta þessa býlis." FHÚ, 191. Bæjarnes er í Vatnsendalandi, yst út við vatnið - marflöt mýri þar sem ómögulegt er að bær hafi staðið. Nesið er augljóslega kennt við bæ á Vatnsenda. Í Svarthólum er hinsvegar hugsanlegt bæjarstæði þar sem kallað er Svarthólakot. Þar er áberandi grænn hóll fast við Héðinsfjarðará, neðst og utarlega í Svarthólum, um 250 m norðvestur af Grundarkoti.

Á grónum melhól á árbakka. Ofan við er melhólabyrping og mýrarsund á milli.

Tvær tvískiptar tóftir. Sú vestari stendur hærra og er með venjulegu stekkjjarlagi - hólfin eru þó jafnstór. Dyr eru á suðurgafli og ekki sjáanlegt að innangengt hafi verið á milli hólanna. Austari tóftin stendur lægra og eru dyr á báðum hólum til vesturs þó mjög séu þær ógreinilegar á því syðra, sem líka er mun dýpra en hitt.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatnsendi; FHÚ, 191.



Tóftir EY-018:004 úr vestri.

EY-018:004 2 tóftir 66°06.149N 18°48.997V

Um 100 m austan við tóftir Svarthólakots 003 eru tvær aðrar og ber melhól í milli.

Á harðvellispalli milli tveggja melhóla, mýrar í kring.

Tvær einfaldar tóftir hlið við hlið. Sú syðri er mun grænni og greinilegri, en mýri hefur myndast milli hennar og hinnar nyrðri sem er sýnu ógreinilegri, vaxin vallendisgróðri. Veggir eru 0,5-0,8 m breiðir og heldur lítilfjörlegir. Gætu verið réttir af einhverju tagi eða heystæði.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

EY-018:005 garðlag túngarður 66°05.749N 18°49.178V

"Hefir tún verið gott, að mestu slétt, og um það, ásamt stóru engi út frá því mikill forn garður, er glögt sést út

með hlífðinni en miður að utan; er hann mest manvirki í firðinum." segir í örnefnaskrá um Bakkakot sem er í landi Möðruvalla. Túngarðurinn nær þó um 6 m norður fyrir lækinn sem er á merkjum milli Möðruvalla og Grundarkots og endar hann þar á blásnum mel.

Neðst í fjallshlíð, lyngmói.

Sokkinn garður, lyngivaxinn og sprunginn í þúfur. Þó glöggur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Grund HG

EY-018:006 *Svarðarholt* náma mógrafir

66°05.882N 18°49.305V

"Í Grundarkotslandi eru yst Gráhosulækur og Gráhosugrund, þá Svarthólar, Lambhólmi, Lambhólmasíki, Svarthólanes, Svarðarholt ..." segir í örnefnaskrá. Svarðarholt er stakur melhóll (algróinn) um 100 m austan við Héðinsfjarðará. Hann er hluti Svarthóla en er aðskilin frá aðalhólaklasanum af um 250 m bili þar sem eru sléttar mýrar. Miklar og djúpar mógrafir eru norðaustan við holtið og fleiri í mýrinni allt norður undir Svarthóla og á mótis við bæ 002.

Í mýri sem er mjög blaut á köflum.

Aðalmógrafasvæðið, næst Svarðarholti, er um 40x40 m að stærð og hafa grafirnar verið allt að 2 m djúpar og sennilega meira. Í mýrunum norðan við eru fleiri mógrafir, margar vel grónar. Svarðarholt er grasi gróið að ofan og eru á því tóftabrot, sennilega mókofar. Vestar er aflöng tóft (N-S), 5x3 m og 2 m austar tvær 3x3 m tóftir fastar saman á hornum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi




Tún og rústahólar á Vatnsenda, úr austri. Yngsti bæjarhóll EY-019:001 lengst til hægri en eldri bæjarhóll EY-019:002 fyrir miðri mynd.

EY-019 Vatnsendi

10 hdr 1686, 5 hdr 1712, í eyði frá því í bólunni (1707-9) - JÁM X, 12. Hólastólseign. Fyrst getið 1582: "med Vatzenda ij kugilldi. landskyllid x aurar og tiund." BG, 224. 1569 var hinsvegar aðeins ein jörð í Héðinsfirði og hét hún Héðinsfjörður - BG, 261. Hugsanlega er átt við þessa jörð í kúgildatali úr Fljótum frá 1576: "med Vatzenda hole iij kug." BG, 131. "Bærinn stóð eins og nafnið bendir til við enda Héðinsfjarðarvatns austanmegin. Jörðin átti lönd beggja megin fjarðararinnar og hafði auk þess hlunnindi af silungsveiði í Héðinsfjarðarvatni. Síðustu ábúendur fluttu þaðan 1946. Veggir gamla steinhússins standa enn, en einnig er risið þar nýtt sumarhús við vatnið sem afkomendur síðustu ábúenda eiga." BE 1990 I, 64. HG telur býli þetta hafa verið byggt úr landi Grundar - Ö-Vatnsendi HG.

1712: "Enginu spillir Hjeðinsfjarðará með sandsáburði og sumpart skriður úr fjallinu. Úthagarnir góðir og miklir." JÁM X, 12 1920: Tún 2,3 ha.



EY-019:001 *Vatnsendi* bæjarhóll bústaður

66°06.548N 18°48.281V

"Bæjarstæði er hér allgott ... þar sem bærinn hefir first staðið en hætta mikil af snjóflóðum. ... Má ætla að hér hafi first bigt verið á 16. öld eða snemma á hinni 17. og haldist þá til aldaloka og þó í auðn færi þá um sinn og aptur í Stórubólu 1707 var hér búið síðar uns bærinn eiddist í snjóflóði vorið 1725 ... Var hér so óbigt til 1777 en þá að nýju bær reistur á öðrum hávaða nær ist í túni. ... Hér stóð bærinn til 1935 ... Í túninu eru þrír hólar sem hæst ber, tveir með tóptum hinna föllnu bæja, hinn þriðji með fjárhústóptum nefndir Bæjarhóll, Síðri Bæjarhóll og síðastur Fjárhúshóll." segir í örnefnaskrá. Rúmum 100 m suðaustan við

steypa húsið sem stendur í Vatnsenda (og er notað sem sumarbústaður) og um 30 m austan við fjárhús þar sem norður- og suðurveggir standa steyptir, er bæjarhóllinn. Á bæjarhól þessum stóð sá bær sem merktur er inn á túnakort frá 1920. Hóllinn er um 80-100 m austan (ofan) við Hjeðinsfjarðarvatn.

Hóllinn er grasi gróinn og stendur í hlíðinni. Tóftin er gróin sóleyjum, vallengtingu og túnsúru.


Í tóftinni er nokkuð af grjóti og greinilegt að hluta tóftanna hefur verið rutt út. Erfitt er nú að greina lag tóftanna. Hún hefur þó verið um 21-22 m á lengd en 11-12 m á breidd. Hægt er að greina þrjú hólf og eru op á tvískipta byggingu á vesturhlíð. Norðan við hana er stórt hólf sem hefur ekki vesturvegg. Nokkrar grjóthringur eru í og við tóftina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi HG; Túnakort 1920

EY-019:002 *Vatnsendi* bæjarstæði bústaður

66°06.501N 18°48.288V



"Bæjarstæði er hér allgott ... þar sem bærinn hefir first staðið en hætta mikil af snjóflóðum. ... Má ætla að hér hafi first bigt verið á 16. öld eða snemma á hinni 17. og haldist þá til aldaloka og þó í auðn færi þá um sinn og aptur í Stórubólu 1707 var hér búið síðar uns bærinn eiddist í snjóflóði vorið 1725 ... Var hér so óbigt til 1777 en þá að nýju bær reistur á öðrum hávaða nær ist í túni. ... Hér stóð bærinn til 1935 ... Í túninu eru þrír hólar sem hæst ber, tveir með tóptum hinna föllnu bæja, hinn þriðji með fjárhústóptum nefndir Bæjarhóll, Síðri Bæjarhóll og síðastur Fjárhúshóll." segir í örnefnaskrá. Syðri bæjarhóllinn er um 20 m vestan við 005 sem stendur á Kúatungu. Bæjarlækirnir sameinast skammt norðan 002. Bæjarhóllinn er nokkuð stór en hann er um 60 m sunnan við 001 og örlítið ofar.

Hóllinn er þýfður, á kafi í grasi og þar vaxa sóleyjar. Hann nær um 20-30 m lengra fram en tóftirnar.

Tóftirnar standa á grösugum hól sem nokkuð er hlaupinn í þúfur. Hluti þess bæjar sem þarna hefur staðið er því orðinn illgreinanlegur. Tóftin er um 20 X 14 m að stærð. Hún virðist hafa samanstaðið af 4-5 hólfum. 2 op hafa verið á vesturhlíð en einnig eitt vestast á suðurhlíð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi HG; Túnakort 1920

EY-019:003 heimild um fjárhús

66°06.559N 18°48.309V

Um 30 m neðan við norðurhluta bæjarhólsins (001) standa steypar leifar fjárhúsa. Á þessum stað er merkt inn útihús á túnakort frá 1920 og er hugsanlegt að það sé einmitt þetta steypa hús. Ef ekki hefur það verið byggt á nákvæmlega sama stað og torfbygging hefur staðið áður.

Húsin standa á grösugri hæð en neðan við hana tekur við grösugur og sléttur vatnsbakki. Vatnsbakkinn er um 50 m.

Þarna hafa greinilega staðið fjárhús seinast. Norður- og suðurveggir þess standa enn steyptir og hluti austurveggjar. Garðar og kindaböð sjást einnig í húsinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

EY-019:004 tóft fjárhús

66°06.546N 18°48.330V



Um 35-40 m neðan við bæjartóftina (001) og um 20 m sunnan við 003 sjást tóftir annarra fjárhúsa í túninu. Fjárhús þessi eru merkt inn á túnakort frá 1917. Tóftin er um 40 m austan við vatnið og um 5 m norðan við syðri bæjarlækinn.

Tóftin stendur á grösugri hæð en neðan við er rakur og sléttur vatnsbakki að vatni. Ofan við er þýfð en grasi gróin brekka. Í tóftinni og við hana vaxa sóleyjar, fíflar og túnsúra.

Tóftin er nokkuð óskýr. Nokkuð greinileg eru 2 hólf og svo er að virðast að það þriðja hafi e.t.v. verið að baki hinum tveimur sem liggja samsíða (norður-suður). Gæti þetta hólf verið einhvers konar heystæði eða heytóft. Ekki er suðurveggur á tóftinni og virðist því hafa verið þil þar. Garði gengur eftir tóftinni og má í honum, og víðar í tóftinni greina grjóthleðslur. Um 7 m norðaustan við tóftina er veggspotti, um 6 m á lengd sem liggur norður-suður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920 og Ö-Bæir í Héðinsfirði, 8



EY-019:005 tóft útihús

66°06.505N 18°48.243V

Um 200 m austur að Héðinsfjarðarvatni, til norðausturs frá þeim út að þar sem áin fellur í vatnið. Beint undir þeim stað þar sem Bæjarlækurinn fellur úr Vantsendaskál um 300 m ofar í hlíðinni.

Tóftin er upp á háum hól sem rís beint suður að dragi í hlíðinni þar sem lækur rennur. Lækur þessi fellur í bugðum vestur af hólnum. Hóllinn er grasi vaxinn.

Tvískipt, aflöng tóft með opi á vesturgafli, beint á móti vatninu. Tóftin er 10 X 4 m að stærð. Hleðslan er þykkari í vestara hólfinu þar sem hóllinn tekur að lækka, hugsanlega vegna þess að grafið hefur verið úr aftara hólfinu og svörðurinn notaður sem neðstu undirstöður. Að öðrum kosti er eystra hólf tóftarinnar talsvert signara en það vestara. Veggþykkt er um 1,5 m í vestara hólfinu en 0,5-1 m í því eystra.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920 og Ö-Bæir í Héðinsfirði, 8

EY-019:006 Kvíaból tóft kvíar

66°06.447N 18°48.150V



"Eftirtalin örnefni eru sunnantil í landi Vatnsenda, en verða ekki staðgreind nánar: Lækjartunga, Háatunga, Langatunga, Kvíaból ..." segir í örnefnaskrá. Um 350 m í austur frá ystu óseyrum Héðinsfjarðarar. Hátt upp í brekkunni, um 80 m í suðvestur frá Fossgili bæjarlækjarins.

Efst á flötu graslendi sem er 15 X 15 m. Neðan þess tekur halli við niður að vatninu og ofan tóftarinnar hækkar brattinn einnig. Til norðurs um 5 m frá tóftinni er hóll með lyngi og grasi en stór steinn er fremst í honum.

Opin hringlaga tóft sem er 5 X 3,5 m að stærð. Annað hólf virðist hafa náð til vesturs en einungis sést örlítill veggspotti af því nú. Veggþykkt er um 1m. Tóftin er algróin þykku grasi. Op er til austurs og suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi OG Túnakort 1920



EY-019:007 tóft útihús

66°06.613N 18°48.243V

"Hesthús var þar á svokölluðum Gerðum, en fjárhúsin, ærhúsin og lambhúsin, voru beint niður af bænum á jafnsléttu." segir í örnefnaskrá. Um 60 m austur af vatninu og um 20 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Vatnsenda er tóft.

Allra neðst í brekkunni þar sem túnin byrja. Önnur tóft sjáanleg um 10 m sunnar. Tóftin er gróin sóleyjum, velleftingu og bláklukkum.

Tóftin er 6 X 5 m að stærð. Hún er fremur ógreinileg og á kafi í gróðri. Greinilegastur er norðurveggurinn þar sem hleðslur standa grónar og einnig sést

móta fyrir suðurveggnum vestast. Austurveggurinn virðist fallinn inn í brekkuna og sést ekki fyrir gróðri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bæir í Héðinsfirði, 8


EY-019:008 Vatnsendastekkur tóft stekkur

66°06.796N

18°47.921V

"Þá er Vatnsendastekkur, Svarðarholt og Fúlgufall neðantil við ræður Fjallsins - Vatnsendafjalls, en svo er hlíðin nefnd." segir í örnefnaskrá. Um 450 m norður af íbúðarhúsi á Vatnsenda og um 20 m austan við Héðinsfjarðarvatn (15 m ofan við götur og talsvert hærra í hlíðinni) er stekkjartóft.

Tóftin stendur upp á hólruna sem liggur þvert með hlíðinni beint upp af vatnsborðinu. Tóftin



er yst á þessum rana en sunnan við hana teygir grænt gras sig um 15 m til suðurs og gætu það verið eldri byggingaleifar. Lækur fellur meðfram rananum að austan og liggur í litlu gili niður til vatnsins við norðurenda hans. Ofan við er mýri í hallanum og þar í mógrafir (sjá.009), en til suðurs er lyngmói með vallendisteygum í fjallshlíðinni niður að vatni.

Einföld, ferhyrnt tóft með dyrum nyrst á vesturvegg. Brot eru niður af henni til allra átta nema til suðurs. Þar eru iðagrænar þúfur á um 15 m bili sem gætu verið byggingarleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi

EY-019:009 *Svarðarholt* gryfja mógrafir


66°06.752N 18°47.944V

"Þá er Vatnsendastekkur, Svarðarholt og Fúlgufall neðantil við ræður Fjallsins - Vatnsendafjalls, en svo er hlíðin nefnd." segir í örnefnaskrá. Um 400 m norður af íbúðarhúsinu í Vatnsdal, um 60 m austur frá vatninu, uppi í hlíðinni er nokkrar litlar mógrafir sitthvorum megin við lítinn læk.

Á þessum stað sjást 4 greinilegar grafir, allar um 5 X 5 m að stærð en nokkuð misgamlar. Fleiri grafir eru um 50 m neðar, fast ofan við Vatnsendastekk.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi



EY-019:010

Ytragerði

tóft hesthús

66°06.551N

18°48.175V


"Vatnsendabærinn stendur við suðausturhorn Héðinsfjarðarvatns og heita smánes þar Víðines og Bæjarnes. Önnur örnefni nálægt bænum eru Vatnsendaeyri, Strýtuholt og Einstakaholt, Ytragerði og Syðragerði." segir í örnefnaskrá. Ytragerði er um 60 m norður af Syðragerði, í sömu hæð í hlíðinni, um 100 m austsuðaustan við íbúðarhúsið á Vatnsenda.

Hátt í brekku, grasi gróid næst tóftinni en lyng í kring.

Tvískipt tóft, grjóthlaðin og opnast bæði hólfín til vesturs, niður brekkuna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi



EY-019:011 *Syðragerði* tóft

66°06.523N 18°48.243V


"Vatnsendabærinn stendur við suðausturhorn Héðinsfjarðarvatns og heita smánes þar Víðines og Bæjarnes. Önnur örnefni nálægt bænum eru Vatnsendaeyri, Strýtuholt og Einstakaholt, Ytragerði og Syðragerði." segir í örnefnaskrá. Tóft á Syðragerði er 150 m austur af Héðinsfjarðarvatni, beint á mótis við þar sem bæjarlækur fellur í vatnið.

Í bugðóttu, þýfðri og grasi gróinni brekku en að ofan er lítil lægð með grænu grasi. Upp til norðausturs eru lyngbrekkur en enn ofar grjótkambur. 10 m til suðurs fellur Bæjarlækur.

Tóftin er stór (12-13 X 7,5 m) og alveg opin til austurs. Hún er tvískipt og er nyrðra hólfíð signara og illgreinanlegra, þýft og fallið hefur úr hleðslunni. Er sennilegt að það hólf hafi verið heystæði en hið syðra og stærra rétt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi



EY-019:013 tóft fjárhús

66.06.478N 18°18.291V

"Í túninu eru þrjár hólur sem hæst ber, tveir með tóptum hinna föllnu bæja, hinn þriðji með fjárhústóptum nefndir Bæjarhóll, Síðri Bæjarhóll og síðastur Fjárhúshóll." segir í örnefnaskrá. 150-200 m austan við Héðinsfjarðarvatn, beint á mótis við ystu sandeyrar Héðinsfjarðarar er tóft sem merkt er inn á túnakort frá 1920. Tóftin er uppi á hól í hlíðinni.

Til vestsuðvesturs er stór steinn um 30 m frá ósnum en um 150 m frá hólnum. Beint upp af hólnum er bungótt lyngbrekka og hóll ofan hennar með lyngi og malarflagi. Hóllinn er sjálfur grasi gróinn og þýfður. Tóftin er gróin sóleyjum, vallengtingu og túnsúru.

Tóftin er 13 X 5,5 m að stærð. Hún er tvískipt og vestara hólfíð (fremra og stærra) er með garða í miðjunni. Að öllum líkindum hefur aftara hólfíð verið heyhlaða. Veggjabykkt er mest 1,5 m. Hleðslur aftara hólfins eru lægri og signari. Op er bæði á austur- og vesturgafli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi HG

EY-019:014 *Hesthússlækur* tóft hesthús


"Eftirtalin örnefni eru sunnantil í landi Vatnsenda, en verða ekki staðgreind nánar: Lækjartunga, Háatunga, Langatunga, Kvíaból, Laugarhóll, Grásteinn, Grásteinsspilda, Hesthússlækur ..." segir í örnefnaskrá. Um 200 m austur af óseyrum Héðinsfjarðarár, upp af grasspildunni ofan Grásteins er tóft.

Á þýfðum grasbala, um 15 m sunnan lyngivaxins lækjardrags. Sunnan til um 3 m djúp lægð og graslendi allt að næsta lækjardragi um 20 m sunnar.

Tóftin er 10 X 5 m að stærð. Hún er óregluleg, alsett krókum og smágörðum og skiptist í nokkur hólf. Veggþykkt er um 1 m. Op er til vesturs. Tóftin er algróin þykku grasi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi



Gamlistekkur EY-019:015 úr suðaustri.

EY-019:015 *Gamlistekkur* tóft stekkur 66°06.384N 18°18.543V

"Eftirtalin örnefni eru sunnantil í landi Vatnsenda, en verða ekki staðgreind nánar: Lækjartunga, Háatunga, Langatunga, Kvíaból, Laugarhóll, Grásteinn, Grásteinsspilda, Hesthússlækur, Sandhólmi, Björnshólmi, Gamlistekkur, Gamlastekkjarkhæð ..." segir í örnefnaskrá "Nálægt vatninu nokkuð út frá bæ eru stekkjartóftir nefndar Gamli Stekkur, þar fellur og lækur nefndur Stekkjarlækur." segir í örnefnaskrá HG. Um 400 m suður frá íbúðarhúsi á Vatnsenda og um 50 m suður af suðaustur vatnshorni er stekkjartóftin.

Neðst á gróinni skriðu með grasmóa. Fast neðan við að norðan eru djúgvæitur og mýrar niður að vatnsbakka. Lækur fellur um 20 m neðan við.

Tvískipt stekkjartóft sem virðist byggð ofan á mun stærri rétt eða garð þannig að annað jafnstórt hólf er samsíða vestan við.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi; Ö-Vatnsendi HG

EY-019:016 *Gamlastekkjarkhæð* heimild um vað

Samkvæmt upptalningu Péturs Björnssonar var Gamlastekkjarkhæð í landi Vatnsenda. Ekki er ljóst hvar það var. Tveir gömlustekkir komu til greina, en líklegast verður að telja að það sé stekkurinn sunnan bæjar (015) og að vaðið sé á Héðinsfjarðarará. Það er þá sennilega það sama og Ystavað (021) sem er skammt neðan við Gamlastekk.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 11


EY-019:017 *Stóri Steinn* þjóðsaga huldufólksbústaður 66°06.249N 18°48.212V

"Ofantil á breið þessari er og annað einstakt bjarg nefnt Stóri-Steinn. Í klettum þessum, einkum þeim efri hefir fullvíst talist að huldufólk ætti bú." segir í örnefnaskrá. Í gildragi sunnarlega á jörðinni, um 300 m suðaustan frá óshólum Héðinsfjarðarár og um 100-150 m upp í fjallinu.

Stórt bjarg skagar fram í gilið, sunnan megin við það og um 20 m ?? brattan foss.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi HG




EY-019:018 tóftir stekkur 66°06.378N 18°48.350V
 "Næst inn frá Grásteinsspildu og henni samhliða er: Stekkjarspilda ... og í henni stekkjartópt, nefnist utan hennar Stekkjargil en innan Stekkjarlækur." segir í örnefnaskrá. Tóftin er 100-120 m ofan við Héðinsfjarðarvatn og um um 150 m norðvestan við Gamlastekk (015) en mun ofar. Stóristeinn 017 er um 150 m suðaustar.

Tóftirnar eru á flöt í hlíðinni. Grasi gróið er í kringum þær en annars staðar þýfðir hagar. Um 100-150 m sunnan við Hesthúslæk.

Á þessu svæði eru 4 tóftir. Vestast er tvískipt tóft (A), 10 X 6 m að stærð og með op á vesturhlíð. 7-8 m norðaustar er önnur tóft (B) sem er 10 X 8 m að stærð. Op eru á suður og norðurvegg hennar og virðist hún einnig hafa verið 2 hólf. Tæpum 20 m austan við (A) er svo þriðja tóftin (C) sem er 6 X 5 m að stærð, einföld og með op til vesturs. 5 m suðvestar er svo (D) sem einnig er einföld (4 X 3 m) og með opi á vesturhlíð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi HG



EY-019:019 tóft hesthús 66°06.602N 18°48.249V

"Hesthús var þar á svokölluðum Gerðum, en fjárhúsin, ærhúsin og lambhúsin, voru beint niður af bænum á jafnsléttu." segir í örnefnaskrá. Um 20 m beint austan við steypa íbúðarhúsið sem stendur á Vatnsenda eru leifar tóftar. Hún stendur um 5-10 m sunnan við 007.

Stendur á grösugu svæði en þýft lyngsvæði er fast ofan við.

Aðeins er greinilegur hluti tóftanna. Suðurveggurinn er greinilegastur og er hann um 6 m að lengd. Brot af austurvegg sést einnig (4,5 m). Enn sjást grjóthleðslur í suðurveggnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bærir í Héðinsfirði, 8

EY-019:020 *Bæjarnesvað* heimild um vað 66°06.434N 18°48.926V

"Næst inn frá vatninu vestur að ánni gengur Bæjarnes. Norðan þess er: Bæjarsíki og þar innst í vatninu Bæjarhólmi en Sandhólmi skamt utar, nokkuð stærri, beint vestur frá Grásteini. Suðvestur frá enda Bæjarness er Bæjarhilur en norðvestur: Bæjarnesvað og ist úr við vatnið Ista Vað." segir í örnefnaskrá. Bæjarnesvað er þar sem Héðinsfjarðará sveigir til austurs fyrir Bæjarnes, þar sem nesið gengur lengst til vesturs.

Á þessum stað er áin um 15 m breið, með malarbotni og jafndjúp (0,5 m) á um 10 m bili - ofan og neðan við eru mun dýpri álar og hylir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi HG

EY-019:021 *Ysta Vað* heimild um vað 66°06.450N 18°48.611V

"Næst inn frá vatninu vestur að ánni gengur Bæjarnes. Norðan þess er: Bæjarsíki og þar innst í vatninu Bæjarhólmi en Sandhólmi skamt utar, nokkuð stærri, beint vestur frá Grásteini. Suðvestur frá enda Bæjarness er Bæjarhilur en norðvestur: Bæjarnesvað og ist úr við vatnið Ista Vað." segir í örnefnaskrá. Ystavað er á Héðinsfjarðará þar sem hún fellur í Héðinsfjarðarvatn.

Á þessum stað fellur áin í tveimur kvíslum, sitt hvoru megin við Bæjarhólma og er lyng og hvergi meira en 0,5 m djúp. Vaðið hefur verið fyrir neðan odda Bæjarhólma, svo að segja út í vatninu, en sandeyrar eru þar í suðausturvatinshorninu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsendi HG

EY-020 Vík

20 hdr 1686, 1712 með Brúnakoti, heimajörðin 13 hdr 60 álnir. Hólastólseign. Fyrst getið 1582: "med Vijk i [1/2] kugilldi og j vetur[gomul] gymbur. landskyllid jc. j fargade Skeggi vj am. og gallt þar j stadinn ecki vtan iij gimbrar. og epter af landskyllid 17 alner stod." BG, 224. 1569 var hinsvegar aðeins ein jörð í Héðinsfirði og hét hún Héðinsfjörður - BG, 261. 13.10.1674 byggir Gísli Þorláksson Hólabiskup Eyjólfur Bjarnasyni Vík með 1 hdr landsk og 2,5 kúgildum og skal greiða 8,5 vættir fiska í skemmu á Hólum. Eyjólfur skyldi hafa umsjón með reka stólsins í Héðinsfirði og vera formaður á skipi því sem hann átti að helmingi á móti stólnum - PBGP, 404-405. 14.11.1674 byggir Gísli Eyjólfur Vík á ný með sambærilegum skilmálum - PBGP, 463. 1712 er nefnt Brúnakot (heimaland og partur af Vík), eyðihjáleiga, vestan megin Héðinsfjarðar, þá er einnig nefnt Hellisskáli sem talin er hafa verið þurrabúð við sjóinn. JÁM X, 10, 13-14. "Vík stóð spölkorn út með Héðinsfirði austanverðum sunnan við framhlaupshóla, Víkurhóla, sem hlaupið hafa í fyrndinni fram úr Víkurdalnum og í sjó fram." BE

1990 I, 64-65. HG telur Vík hafa byggst úr landi býlisins Héðinsfjörður sem fór í eyði um 1600 og að það hafi byggst seint. Þar hafi hins vegar verið verstöð fjarðarbúa frá upphafi tíðar. Vík fór í eyði 1942 og Syðri-Vík 1951.

1712: "Engjatak á jörðin í Vatnsendalandi, sem kallast Víkurnes. Túnið spillist neðarlega af sjáfangangi með grjótsárburði, og er það þar með ærið lítið. Engjatak ekkert í heimalandi, nema hvað lítið kann að verða hent úr úthögunum. Úthagarnir nægir." JÁM X, 13. 26.11.1870 missti Björn bóndi Skúlason í Vík 50-60 fjár í snjóflóði - SS II, 287. Í janúar 1914 tók snjóflóð 23 sauðkindur frá Vík og kastaði þeim á sjó út. Biðu þær flestar bana - S II, 358. 1920: Tún 1,3 ha, 1/5 sléttuður. "Bærinn Vík stóð skammt frá botni Héðinsfjarðar og mjög nærri sjónum. Varð túnið af þeim sökum tíðum fyrir skemmdum af sjávangangi og grjótaburði. ... Frá Vík var aðalútræði fjarðarbúa .. Skipalægi var talið allgott í Vík, en bagi var að því, hve fjaran var stórgrýtt. Túnið var harðlent og grýtt, en engjar allmiklar. Búfjárhagar voru góðir og víðlendir, en kvikfé nokkur hætta búin af sjávarflæðum, en meiri þó af snjóflóðum. ... Rekavon var talin fremur góð í Vík, og í matsgjörðinni 1918 er trjáreki þar talinn 50 króna virði árlega .. Helztu hlunnindi önnur voru þá talin: silungsveiði, útræði allgott og torfrista allgóð, en langt frá. Þá segir að á jörðinni megi framfleyta 2 kúm, 120 fjár og 4 hrossum. Vetrararbeit er talin góð og fjörubeit sögð mikið notuð. ... Jarðbætur síðustu tíu ára voru talin 23 dagsverk og metnar á 50 krónur." Siglufjörður, 60-61. 1918 gaf túnið af sér 50 hesta, en engi 220 hesta. Tún í Ytri-Vík var mjög lítið og þar sjást engar túnabætur. Í syðri Vík hefur verið byrjað að ræsa fram mýrina í hlíðinni sunnan við bæinn. Þar er handgrafinn skurður efst í túninu. Túnið hefur líka verið girt með vírgirðingu.

EY-020:013 gata leið

66°07.378N 18°46.939V

"Skamt fyrir sunnan Vatnshornið var stór hóll, kallaður Arnarhóll. Vegurinn, sem var götutroðningur, lá framan í honum alveg niður við Vatnið." segir í örnefnaskrá. Greinilegur götutroðningur er meðfram Héðinsfjarðarvatni að austan. Hann sést vel frá Vatnsenda og samfelldur norður fyrir Víkurhóla.

Á vatnsbakka, um móa og mýrarsund.

Víðast er gatan aðeins einfaldur troðningur, mjög skýr og greinilegur þó. Utaní og ofan við Kleifarar, sunnan við Vík, er gatan hinsvegar rudd og er þar 1,5-2 m breið, allt frá rifinu fyrir botni fjarðarins og að suðurenda túnsins í Vík. Samærulegur götutroðningur er greinilegur meðfram vatnsbakkanum austanmegin en götur sjást ekk jafnvel og hvergi samfelld eftir að komið er suður fyrir Héðinsfjarðarvatn, hvorki austan né vestan megin Héðinsfjarðarar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ó-Vík BG, 5

EY-020:036 gerði rétt


66°07.595N 18°46.570V

Um 150 m beint norður af norðausturhorni Héðinsfjarðarvatns, um 450 m austur af Sandvöllum (eða heldur norðan við austur) er gerði.

Í skriðurunnum grasmóa, ofan við mýrlendi, á eiði milli sjávar og vatns.

Grjóthlaðin rétt með upphlöðnu hólfi í norðausturhorni, og standa hleðslur þess vel. Veggir réttarinnar eru hinsvegar gloppóttir enda hefur runnið á þá grjót úr hlíðinni ofan við.

Hættumat: hætta, vegna skriðufalla



EY-020:044 tóft

66°07.687N 18°46.605V

Tóft er á eiðinu milli Héðinsfjarðarvatns og sjávar, austanmegin óssins, um 100 m suðaustan við hann.

Tóftin er á vallendisrima sem stendur upp úr mýrinni frá þeim stað sem áin rennur úr vatninu til norðausturs í átt að Kleifum. Forarblaut mýri er fast austan við en vestan við er mólendi ofan við fjöruborð mð blautum pyttum og dreif af rekaviðardrumbum.



Tóft EY-020:044 úr norðaustri.

Tvískipt tóft og er vestara hólflið greinilega yngra - grænt með háum veggjum, en austara hólflið er mjög sigið og veggir þess komnir í móa. Suðurlangveggurinn er bogadreginn. Sennilega hefur upphaflega verið ein 18 m löng tóft með dyrum á norðurlangvegg, en seinna byggð einföld ferhyrnd tóft með dyrum á austurhlið ofan á hina eldri.

Hættumat: engin hætta



Yfirlitsmynd af ósi Héðinsfjarðarvatns, úr vestri. Sandavellir með EY-020b:006-010, 012 og 013 eru á græna blettinum við vatnið hægra megin á myndinni en Tjaldgrund með EY-020b:002, 011 og 014-018 er vinstra megin við hvíta húsið við vinkilinn á ósnum.




Bæjarstæði Brúnakots EY-020b:001 og 021 úr VNV.

EY-020b Vík [Brúnakot]

1712 er nefnt Brúnakot (heimaland og partur af Vík), eyðihjáleiga vestan megin Héðinsfjarðar - JÁM X, 10, 13-14. Ólavíus segir jörðina í eyði vegna snjóþyngsla - ÓO II, 37. "Eins og fyrr var frá greint, er Víkurland beggja megin fjarðar, þ.e. hið forna Brúnakots-land er nú sameinað landareign Víkur og tengt saman með norðan Héðinsfjarðarvatns." Ö-Brúnakot, 11

EY-020b:001 *Brúnakot* bæjarhóll bústaður 66°07.475N 18°48.417V
1712 6 hdr 80 álnir: "Brúnakot, heimaland og partur af Vík, en skrifast hjer því það liggur fyrir vestan Héðinsfjarðarvatn, næst í röðunni eftir Reyðará. bygt fyrir manna minni, en hefur nú í auðn verið yfir 12 ár, afdeilt að öllum landnytjum og reiknast fyrir þriðjung allrar jarðarinnar Víkur ..." Hólastólseign. "Nú er farið að nálgast Hestsskarðseyri og Hestskarðsá. Út og upp frá þessari eyri er kallað Brúnakotsfjall. Þar utan við tvö nafnlaus gil er eyðibýlið Brúnakot, mjög miklar húsatóftir, allat þétt saman og vallgrónar mjög." segir í örnefnaskrá. Brúnakot er um 60-80 m ofan við Héðinsfjarðarvatn og um 5-10 m sunnan við gamalt girðingastæði en frá vatninu sjást nokkrir staurar sem liggja skáhalt suðvestur upp hlíðina. Tóftin er um 200 m norðvestan við sumarbústað úr timbri sem stendur á Hestskarðseyri.



"Engið er gjörsamlega eyðilagð af skriðum (og) snjóflóðum." JÁM X, 11. Ofan við tóftina skiptast á mýraflákar og lyngivaxin, þýfð svæði.

Tóftin er hærra í hlíðinni. Hún er öll hlaupin í þúfur þannig að erfitt er að ætla nákvæma lögun hennar og hólfaskil. Tóftin er nálega 11 X 13 m að stærð og virðist skiptast upp í um 6 hólf. Þrjú op virðast hafa verið á vesturvegg tóftarinnar (niður brekkuna) og e.t.v. hefur fjórða opið verið á norðurhlíð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: JÁM X, 11; Ö-Brúnakot, 11

EY-020b:002 *Sandvallakirkja* heimild um bænhús

66°07.784N 18°47.238V

"Frá Vatnshorni að vestan og út að Kleifarhorni heitir Sandgrundir. Niður utan við Ósinn ná þessar grundir og þar mun staðið hafa Sandvallakirkjan, eða bænhúsið. Kannski hefur þá þessi jörð heitir Sandvellir." segir í örnefnaskrá "Sandvellir, þar var bænahús og grafreitir til forna." segir í örnefnaskrá PB. Ekki er nákvæmlega vitað hvar bænhúsið hefur staðið. Sennilega hefur það verið við ósinn, ekki fjarri bárujárnskofa og tóftunum við hann.

Á þessum stað er slétt grasflöt en þegar komið er lengra frá ósnum taka við grýttir melar og það er varla hentugt

kirkjustæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Brúna Kot, 11; Ö-Siglu fjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir, 14

EY-020b:004 *Huldusteinn* þjóðsaga huldufólksbústaður 66°07.180N 18°48.614V

"Utan við ytri lækinn heitir Grundir, Breiðholt og Breiðholtslaut. Í laut þessari er Huldusteinn og fyrir ofan hann Álagablettur, sem aldrei mátti slá." segir í örnefnaskrá. Breiðholtslaut er alldjúp laut fyrir sunnan skriðubunkann sem er vestan við lækinn úr Hestsskarði. Breiðholt er ofan við hana, en eini steinn sem kemur til greina sem huldufólkssteinn er niðri við vatnið, um 6 m frá því vestan til í lautinni. Ofan við hann til vesturs eru vallendisbrekkur sem gætu verið álagabletturinn.

Steinn á vallendisgrund á vatnsbakkanum.

Steinninn er ekki hár eða áberandi, en allstór og jarðfastur. Hann er að hluta hulinn lyngi. Hann er mjög mosagróinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Brúna Kot, 11



EY-020b:006 *Óshús* tóft útihús 66°07.639N 18°47.176V


"Önnur tóftarbrot [en kirkjan 002] þarna við vatnið heita Óshús og Vatnshús, sjálfsagt peningahústóftir." segir í örnefnaskrá. Fast vestan við stutta fjöru sem er við Héðinsfjarðarvatn u.þ.b. þar sem vatnið rennur út í ósinn er tóft. Tóftin er 4 m norðaustan við norðausturhorn veiðihúss sem er við Víkurósa.

Tóftin stendur á grasgrónum bletti milli veiðikofans og óssins. Tóftin er gróin sóleyjum, fíflum og maríustakk.

Tóft þessi er einföld og gróin. Hún er 5,5-6 m að lengd en 4 m á breidd. Op er á austurhlíð hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Brúna Kot, 11-12



EY-020b:007 *Vatnshús* tóft beitarhús 66°07.610N 18°47.351V


"Önnur tóftarbrot [en kirkjan 002] þarna við vatnið heita Óshús og Vatnshús, sjálfsagt peningahústóftir." segir í örnefnaskrá. Í henni segir einnig: "Fyrir botni fjarðarins er sléttlendi, allbreitt (eiði milli sjávar og vatns), svo sem einn kílómetri, kallað Sandgrund. Þar voru beitarhús og fjárhús, sum þeirra voru suður undir Vatni; ærhús og lambhús stóðu þar á dálítilli hæð, kallað Sandvellir." Tóft er við Héðinsfjarðarvatn um 60-80 m suðvestan við veiðikofann (úr timbri) sem stendur við ósinn. Tóftin er um 5 m norðan við vatnið.

Tóftin er á grösugu svæði en umhverfis er mýrargróður sem reyndar er fremur þurr nú.

Garður gengur eftir tóftinni miðri. Hún er 16 m að lengd en 5,5 m að breidd. Op er á austurhlíð tóftarinnar og lítil heytóft virðist vera syðst í henni. Engar grjóthleðslur eru greinilegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Brúna Kot, 11-12



EY-020b:008 hleðsla óþekkt 66°07.736N 18°47.199V

Næstum beint norðan við 007 (um 150-180 m) og um 100-120 m norðvestan við yngri veiðibústaðinn er tóft. Hún stendur 60-90 m suðvestan við bárujárnsklædda kofa.

Tóftin stendur á melasvæði. Hún er vaxin fíflum, vallengtingu, túnsúru og ætihvönn

Tóftin er 9 X 7 m að stærð en aðeins stendur hluti hennar uppi. Tóftin samanstendur af tveimur veggjum (norður- og suðurvegg) og eru þeir gróinir þó vel sjást í grjóthleðslur að

innan. Tóftin hefur að mestu verið hlaðin úr grjóti þó aðeins hafi verið tyrft utan- og ofan á. Tóftin hefur verið lengd til vesturs með girðingastaurum (um ca. 14 m) og einnig örlítið (um 4 m) til austurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Héðinsfjörður, 3

EY-020b:009 heimild um lambhús

66°07.634N 18°47.204V

"Fyrir botni fjarðarins er sléttlendi, allbreitt (eiði milli sjávar og vatns), svo sem einn kílómetri, kallað Sandgrund. Þar voru beitarhús og fjárhús, sum þeirra voru suður undir Vatni; ærhús og lambhús stóðu þar á dálítilli hæð, kallað Sandvellir." segir í örnefnaskrá. Umrædd Lambhús eru ekki greinanleg nálægt veiðikofanum (úr timbri) en hann stendur á Sandvöllum. Tóftin gæti hugsanlegt verið sú sama og Óshús (006) eða hafa horfið

Þegar veiðikofinn var byggður.

Hnit voru tekin við veiðikofann en hann stendur á hæð sem er á kafi í gróðri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Héðinsfjörður, 3

EY-020b:010 tóft fjárhús 66°07.646N 18°47.207V



"Fyrir botni fjarðarins er sléttlendi, allbreitt (eiði milli sjávar og vatns), svo sem einn kílómetur, kallað Sandgrund. Þar voru beitarhús og fjárhús, sum þeirra voru suður undir Vatni; ærhús og lambhús stóðu þar á dálftilli hæð, kallað Sandvellir." segir í örnefnaskrá. Stæðileg tóft stendur enn um 5 m norðan við 012 og um 010 m vestan við veiðikofan. Tóftin er um 20 m vestan við Óshús.

Tóftin er á grasi gróinni hæð og er eiginlega á kafi í grasi. Hún stendur þó upp úr grasinu og er greinileg. Tóftin er gróin sóleyjum, maríustakk, túnsúru og vallengtingu.

Tóftin er 10 X 20 m að stærð. Hún skiptist í raun upp í tvö hólf. Eftir því nyrðra endilöngu gengur garði. Að baki (sunnar) er svo annað hólf sem snýr þvert á það fyrrnefnda og hefur sjálfsagt verið e.k. heytóft. Þil hefur að öllum líkindum verið fyrir norðurgafli en ekki sjást merki þess nú.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Héðinsfjörður, 3



EY-020b:011 tóft fjárhús 66°07.830N 18°47.158V

"Fyrir botni fjarðarins er sléttlendi, allbreitt (eiði milli sjávar og vatns), svo sem einn kílómetur, kallað Sandgrund. Þar voru beitarhús og fjárhús, sum þeirra voru suður undir Vatni; ærhús og lambhús stóðu þar á dálftilli hæð, kallað Sandvellir." segir í örnefnaskrá. 20-30 m norðaustan við 017 eru tóftir úr grjóti. Þær eru beint norðan við 015 (um 20 m).

Tóftin stendur á grýttu svæði sem m.a. er vaxið hvönn og melgresi.

Greinilegt er að brim hefur eitthvað skemmt tóftina enda virðist brimið stundum ganga yfir allt svæðið (að rekaviðnum að dæma). Tóftin er um 14 m á hvort veginn. Hún hefur a.m.k. verið tvískipt. Veggurinn sem skipt hefur tóftinni upp er greinilegur á um 6 m löngum kafla frá austari veggnum en er

hruninn vestar. Syðri austur-vestur veggurinn er greinilegur og virðist hann hafa verið a.m.k. 14 m langur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Héðinsfjörður, 3

EY-020b:012 garðlag óþekkt 66°07.640N 18°47.213V



Fast sunnan við 010 er garðlag sem myndar ferhyrnt hólf (sem þó er ekki hornrétt).

Garðlagið er 10 m vestan við veiðikofann á hæð sem þar er.

Garðlögin eru á grösugri hæð vestan við veiðikofann. Þau eru á kafi í grasi.

Garðlagið er greinilegt á um 17 X 20-22 m kafla. Ekki er ólíkleg að þarna hafi verið aðhald eða náthagi. Garðlagið er mjög misgreinilegt og er austur-vestur veggur þess greinilegastur að sunnan. Norður-suðurveggur er einnig nokkuð greinilegur að austan en hinir veggirnir tveir eru fremur óskýrir. Þar sem garðlagið er greinilegt er það um 0,8 m á hæð en 0,6 m á breidd.

Hættumat: engin hætta



EY-020b:013 tóft óþekkt 66°07.782N 18°47.225V


Um 10 m austan við bárujárnskofann og um 60 m norðan (norðnorðvestan) við 008 eru grónar hleðslur lítills kofa. Hleðslur þessar eru um 15 m vestan við ósinn en fast vestan við fjöru óssins.

Umhverfis tóftina vex lágt gras en austan við er grýtt fjara.

Greinileg er tóftin á um 2 X 3 m svæði. Tóftin verður ógreinileg til vesturs en virðist hafa getað náð 2 m lengra í þá átt. Hleðslurnar eru 0,5 m á hæð en örlítið minna á hæð og virka ekki mjög ellilegar. Er jafnvel hugsanlegt að

þær hafi verið undirstaða undir timbur- eða bárujárnsbyggingu. Tóftin er þó svo gróin að ekki verður skoríð úr því.

Hættumat: engin hætta



Tóftir EY-020b:014-018

EY-020b:014 tóft fjárhús

66°07.798N 18°47.185V

Beint norðan við 008 (50-60 m) og um 20 m norðaustan við 013 eru tóftir, alveg við ósbakkann.

Á þessu svæði eru nokkrar tóftir í hnapp. Þær eru á kafi í grasi á ósbakkanum en skammt vestar taka þurrir og lítt grónir melar við. Tóftin er vaxin ætihvönn og vallengtingu ásamt maríustakk og er full af rusli.

Tóftin er suðaustast af þeim tóftum sem eru í þessum hnappi. Tóftin stendur á hæð fast vestan við ósinn, nálægt því sem hann sveigir. Tóftin er 9 m á breidd en 14 m á lengd. Hún virðist skiptast í 2-3 hólf. Nyrðra hólfíð er langt og gengur garði eftir því endilöngu, er hugsanlegt að innst í því hafi einhver veggur verið en hann er þá næstum alveg hruninn í dag. Sunnan við þetta hólf er annað minna sem snýr eins. Fast vestan við tóftina er svæði sem er á kafi í gróðri og þúfum og er hugsanlegt að þar hafi frekari tóftir verið. Tóftin er enn mjög stæðileg og má alveg greina grjóthleðslur inn í henni. Tóftin er mest 1,7-1,9 m á hæð en veggir hennar eru um 1m á breidd.

Hættumat: engin hætta

EY-020b:015 tóft

66°07.808N 18°47.198V

Um 5 m beint norðan við 014 er önnur tóft sem ekki virðist samtengd 014. Svæðið á milli tóftanna er reyndar á kafi í gróðri, mestmegnis mjög hávaxinni ætihvönn og því er erfitt að útiloka að tóftirnar hafi getað tengst. Tóftin virðist sjálfstæð (t.d. grónari) og er því skráð sem slík. Hún er um 60 m norðan við 008 og 20-25 m norðaustan við 013. Tóftin stendur á hæð fast vestan við ósinn, nálægt því þar sem hann sveigir.

Á þessu svæði eru nokkrar tóftir í hnapp. Þær eru á kafi í grasi á ósbakkanum en skammt vestar taka þurrir og lítt grónir melar við. Tóftin er á kafi í ætihvönn.

Tóftin er á sömu hæð og 014. Hún er 11 X 5,5 m að stærð. Ekki eru greinilegar dyr á tóftinni en hún virðist hafa verið tvískipt. Breidd veggja virðist vera um 1,5 m en hæð 0,6 m.

Hættumat: engin hætta

EY-020b:016 tóft óþekkt

66°07.811N 18°47.205V

Um 7 m vestan við 015 er alveg gróin tóft sem er á kafi í hvönn. Tóftin er 10-15 m norðvestan við 014. Tóftin stendur á grasi gróinni flöt rétt vestan við hæðina sem 014 og 015 eru á. Tóftin er vaxinn vallengtingu og ætihvönn.

Tóftin er 5 X 4 m að stærð. Op virðist vera á vesturhlíð tóftarinnar. Tóftin er tvískipt. Grjóthleðsla sést á einum stað í suðvesturhorni tóftarinnar. Veggirnir eru 1,5 m á breidd en 0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

EY-020b:017 tóft óþekkt

66°07.813N 18°47.209V

Um 5 m vestan við 016 eru tóftir húsa sem eru greinilegar.

Tóftin er vaxin ætihvönn og vallengtingu ásamt fíflum og sóleyjum.

Tóftin er á kafi í gróðri og því er mjög erfitt að greina lag hennar á köflum þótt hún standi enn mjög reisuleg víða. Syðst í samstæðunni er þrískipt tóft. Hún er 13 m að lengd en um 8 m á breidd. Vestast í henni er hólf með garða sem skiptir því í tvennt. Grjóthleðslur sjást á stöku stað í þessu hólf. Ekki er veggur fyrir austurhlíð þess. Vestan þess kemur nokkuð stórt hólf (5 X 4-5 m að innanmáli) og alveg grjóthlaðið að innan. Frá því eru dyr inn í innsta (vestasta) hólf sem er 1 X 3 m að innanmáli. Fast við þessa syðstu tóft er önnur löng tóft 17 X 9 m að utanmáli. Tóft þessari er ekki skipt niður en vestast á norðurvegg hennar er op inn í lítið hólf sem er 2 X 4 m að utanmáli og liggur nyrst þessara tófta. Um 5 m austan við tóftina (A) og einnig um 5 m vestan við hana (B) eru hæðir sem standa hærra en sléttlendið í kring og eru fagurgrænar en ekki er þó hægt að greina tóftir á.

Hættumat: engin hætta

EY-020b:018 tóft óþekkt


66°07.815N 18°47.234V

Um 5 m suðvestan við suðvesturhorn 017 sjást tóftarleifar. Þær virðast vera af aflangri, en mjög siginni tóft.

Tóftin stendur á grasivöxnum bala en stuttu vestar tekur við melur. Tóftin er vaxin ætihvönn og vallengtingu.

Tóftin virðist vera um 10 m á lengd en um 4 m á breidd. Hún hefur verið tvískipt en nú er austurveggur hennar óskýr. Op hefur líklega verið á vesturvegg. Veggir eru einugis 0,5-0,6 m á breidd þar sem tóftin er skýrust.

Hættumat: engin hætta



EY-020b:019 tóft óþekkt

66°06.729N 18°49.025V

Tóft er um 30 m frá vatnsbakkanum og um 15 m norðan við syðri lækinn sem kemur úr Fýluskál.

Grösugt vallendi líður í mjúkum halla upp úr fjörunni. 30 m upp úr þessum halla er tóftin á bingu milli tveggja lækjarskorninga.

Lágreist, algróin, einföld tóft, mikið sigin. Skörð í veggjarleifunum og þúfur í miðju. Op er á austurhlíð. Tóftin er 5 X 3,5 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

EY-020b:020 tóft rétt


66°06.658N 18°49.114V

Uppi á hól fast við vesturbakka Héðinsfjarðarvatns, um 150 m norðan við suðvestur-vatnshornið og um 25 m norðvestur af 019 er tóft. Tóftin er um 10 m frá vatnsbakkanum og um 7 m yfir vatnsbakka.

Á hól á vatnsbakka, grasmór í kring en lyngmór ofan við.

Tvískipt tóft, sennilega rétt af einhverju tagi. Vestari hlutinn er grænni og veggir greinilegri og má af því ráða að hann sé yngri. Eystri hlutinn er vaxinn lyngi og ógreinilegri. Undir veggjunum þar ganga óljósar hleðslur til austurs og vesturs.

Hættumat: engin hætta



EY-020b:021 tóft óþekkt

66°07.499N 18°48.469V

Næri því beint ofan við bæjartóftina (001) er lítil tóft í hlíðinni. Tóftin er örlítið utar og um 30 m vestar en bæjartóftin.

Allt umhverfis eru lyngivaxnar fjallshlíðar.

Tóftin er 3 X 5 m að stærð og veggir hennar eru tæplega 1 m á breidd. Tóftin er einföld og op er á henni austarlega á norðurvegg.

Hættumat: engin hætta



EY-020b:022 tóft óþekkt

66°07.446N 18°48.429V


Milli 20-30 m sunnan við austari enda bæjartóftarinnar (001) er tóft í gamla

túninu. Hún er um 50 m ofan við Héðinsfjarðarvatn.

Tóftin er á þýfðu og lyngivöxnu svæði og sjálf er hún vaxin lyngi.

Tóftin hefur upphaflega verið tvö hólf þó að nú sé vestara hólfíð orðið hálf óskýrt. Tóftin hefur verið um 7 m á lengd en 3 m á breidd. Ekki er nú unnt að segja hvar opið hefur verið á tóftinni en það hefur verið á vestara hólfinu. Veggir hennar eru 0,8 m á breidd en 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta



EY-020b:023 tóft óþekkt 66°07.441N 18°48.445V


10 m sunnan við 022 og örlítið ofar er enn önnur tóft í þýfðri og lyngivaxinni hlíðinni. Tóftin er rúmlega 50 m ofan við Héðinsfjarðarvatn og varla meira en 100 m norðvestan við sumarbústað úr timbri sem stendur á Hestskarðseyri. Tóftin er næstum beint ofan við þar sem eyrin endar til norðurs.

Tóftin stendur á lyngivöxnu svæði en þarna vex einnig lágvaxið gras.

Tóftin er 7 X 8 m að stærð. Hún skiptist í 3-4 hólf og op hefur verið á vesturgafli hennar, þ.e. þar sést ekki veggur og hefur því líklega verið þil. Nyrðri hluti tóftarinnar er greinilegri en sá syðri mun óskýrari og er erfitt að

dæma um hvort hólf eða e.k. heytóft hefur verið að baki tóftinni þar eins og í nyrðra hólfinu. Nokkuð þýft er í nyrðra hólfinu.

Hættumat: engin hætta




EY-020b:024 tóft fjárhús 66°07.419N 18°48.499V

Tveir lækir renna niður fjallshlíðina og í gegnum Hestskarðseyri. Lækirnir koma báðir úr litlum giljum og á milli þeirra er hryggur í hlíðinni. Syðri lækurinn er straumhardur og áberandi en sá ytri lítill. Á norðurbrún gilsins sem ytri lækurinn rennur eftir er tóft. Tóftin er um 40 m suðsudaustan við 023. Tóftin er nærri því beint innan (sunnan) við bæjartóftina (001).

Tóftin stendur í lyngivaxinni, aflíðandi hlíð.

Tóftin er 6 X 10 m að stærð. Hún er tvískipt og er liggur garði eftir vestara (ytra) hólfinu endilöngu.

Hættumat: engin hætta



EY-020b:026 tóft óþekkt 66°06.211N 18°49.314V

100 m vestur af Héðinsfjarðará og um 600 m suður af Héðinsfjarðarvatni er tóft.

Ofan árinna að austan er mýrardrög til norðurs og suðurs. Grasi vaxinn bakki tekur við af mýrunum þar sem fjallshlíðin hefst upp. Tóftin er neðst í hlíðinni undir lyngivöxnum hvammi með blásin flög á báðar hliðar.

Aflöng, einföld tóft með lausum, grónum steinum í miðju sem gætu verið leifar af garða. Tóftin er 8 X 4 m að stærð og hleðslur hennar

eru lágar og signar. Tóftin er opin til austurs. Hún er algróin.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar


EY-020b:027 2 tóftir óþekkt 66°06.566N 18°49.110V

Um 30 m suðvestur af suðvesturhorni Héðinsfjarðarvatns er tóftaþyrping uppi í brekkunni.

Á aflíðandi valllendisgrund upp frá vatnsbakkanum. Neðan við eru sléttar mýrar frá vatninu.

Á þessum stað eru 2 tóftir, báðar snúa upp í hlíðina og eru í töluverðum halla. Syðri tóftin hefur útlit fyrir að vera heystaði en hin nyrðri gæti verið stekkur eða fjárhús.

Hættumat: engin hætta



EY-020b:028 tóft óþekkt 66°06.640N 18°49.097V

Tóft er um 60 m frá suðurenda Héðinsfjarðarvatns í norðvestur. 10 m frá bakka vatnsins og um 50 m frá þeim stað við vatnið þar sem lækir falla í það.

Neðst í lyngivaxinni brekku á grösugum smábala 10 m ofan við fjöruborðið.

Lág, einföld, sporöskjulaga tóft, algróin grasi og 4 X 3 m að stærð. Dyr hafa sennilega verið á norðvesturenda. Líklegt er að um heytóft sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

EY-024 Ósbrekka

20 hdr. 1712. Hólastólseign. 1195: "Á þeim bæ, er í Brekku heitir, í Ólafsfirði, bjó sá maðr, er Þorsteinn hét ok var Halldórsson. En á annari Brekku bjó Eyvindr Bjarnarson ok Sigríðr móðir hans. Þat var mælt, at Þorsteinn væri vel til Sigríðar. ... [Eyvindr ok Sighvatr mikli bróðir hans] gátu fyrr lokit heyverki sínu, en Þorsteinn átti úti nökkut ok hafði fært heim í tún þat, er úti var. En meystelpa ein var at fé þeira bræðra. Ok einn dag rak hon naut at túni en Þorsteinn fór á mót henni ok bað hana eigi þangat reka at heyjunum ok vísaði í brot fénu ... En síðan gengur þeir bræðr á Brekku til Þorsteins. En hann leiddi hross sitt ór garði - ok fundust þar." Guðmundarsaga dýra, SturlI, 181-82. 1449 á Hólakirkja "Jtem osbrekka vj kugyllde oc ross. l. jc." DI V, 38. 1525 er Ósbrekka talin meðal Hólastólseigna - DI IX, 301. 1550 á Hólakirkja "Med Osbrecku .iiij. kugillde. landskyllid .j. c." DI XI, 862. 1569: "Med Osbrecku landsk. .vii. agilldi. kug. .iiii." DI XV, 230. 1570: Med Osbrecku .iiii. kug." DI XV, 460. Á land milli Kleifarhorns-Stóragils og Laugalækjar. Ósbrekkukot hjáleiga á 17. öld og frá fyrri hluta 19. aldar til 1948. Í eyði frá 1932 og nú eign Ólafsfjarðarbæjar.

1917: 3.4 ha. 1/5 slétt. Garðar 257 m². 1839: "Þar er þýft en grasgefið tún, harðbalaengi framan um brekkur neðan undir fjallinu, sem jarðföll hafa víða gegnum grafið með giljum og skriðum; þar er beit nokkur í góðum vetrum." SSE, 60

EY-024:001 Ósbrekka bæjarhóll bústaður

66°04.297N 18°40.676V

1839: "... upp af ytra vatnshorninu, þar sem það gegnum Breiðuna rennur út í ósinn." SSE, 60; 1990: "Nokkurn veginn beint gegn Ólafsfjarðarbæ standa tóftirnar af Ósbrekku uppi á brekkunni undir Ósbrekkufjalli." BE 1990, 96. Tóftum bæjarhúsanna í Ósbrekku var rutt út á síðustu árum. Bæjarhóllinn er þó enn greinilegur, svotil mitt á milli sumarbústaðar og húsbyggingar hitaveitunnar í brekkunni, en 120-130 m norðar. Hóllinn er beint fyrir ofan flugbrautina og til móts við syðstu húsalengjurnar á Ólafsfirði.

Tóftum bæjarins var eingöngu rutt út en bæjarhóllinn ekki skemmdur neitt að ráði. Hann er á kafi í gróðri og nokkuð ójafn, það má sjá glitta í hleðslur eða steina á stöku stað án þess að þar sé hægt að greina leifar.

Bæjarhóllinn er um 15-20 m á breidd en um 50 m (a.m.k.) á lengd og hann virðist vera 2-3 m á hæð. Líklegt verður að teljast að undir yfirborði séu nokkrar mannvistarleifar óhreyfðar. Framan í bæjarhólnum sést á einum stað leifar steinsteypst kofa.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

EY-024:002 tóft útihús

66°04.343N 18°40.646V



Rúmlega 40 m norðan við gamla bæinn (001) sjást enn leifar tófta sem voru bæði notaðar sem hesthús og hrútakofi. Tóftin er 5-10 m hærra í hlíðinni en bæjarhóllinn og um 10 m neðan við túngarð þó á túnakorti frá 1917 virðist húsið fast við hann. Tóftin er um 10 m ofan við Gerðahús (010).

Tóftin er á hæð, við hana og neðar er grasi vaxið og örlítið þýft svæði en ofar taka mórar við.

Tóftin virðist tvískipt en norðan við hana hefur hugsanlega verið þriðja hólf sem er nú vart merkjanlegt. Tóftin er 11 X 6 m að stærð og grjóthleðslur eru merkjanlegar inn í henni. Op er á vestuvegg hennar. Ofan við tóftina virðist torf hafa verið rist. Frá tóftinni gengur garðlagið sem er í kringum 010.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917



EY-024:003 Efra-Hesthúsgerði tóft hesthús 66°04.373N 18°40.561V

"Tvö hesthús stóðu utar [en Gerðahús - 010], og var þar kallað Efra- og Neðra-Hesthúsgerði." Um 80 m utan við Gerðin (010) er Efra-Hesthúsgerði sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Túngarðurinn (015) sést fyrir ofan tún og beygir til austurs 15 m norðvestan við tóftina. Tóftin er um 10-15 m ofan við Neðri-Hesthúsgerði (012).

Húsin standa efst í grasi grónu en þýfðu túni.

Tóftin er 8 X 7 m að stærð. Hún er tvö hólf og op er á austurvegg nyrðra hólfins. Greina má grjóthleðslur að innan á einum stað. Norðan við tóftina virðist ógreinilega hleðsla hafa legið í krók en hún er nú vart merkjanleg.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:004 *Lambabali* heimild

66°04.312N 18°40.886V


"Sunnan við Ósbrekkutún og upp af Laugalækjareyri heitir Lambabali. Á uppvaxtarárum heimildamanna [Jóns Júl. Þorsteinssonar kennara og Willíams Þorsteinssonar smíðs] voru fráfernálömbin setin þar, meðan þau voru í haftinu [ullarhöft þessi voru höfð á framfótum lambanna fyrstu dagana] og þangað til þau voru rekin til fjalls." Ofan við hæðina sem Ósbrekka stendur á er hóll sem bæði var nefndur Hjallhóll og Kvíahóll, ofan við hann er Lambabali, milli Kvíahóls og Hólsins sem Ósbrekkukot stendur á.

Í balanum er nokkuð þýft og mjög rakt, skurður er í honum endilöngum.

Engar tóftir eru á balanum en Kvíahóll 006 er beint neðan við hann og í honum eru tóftir á tveimur stöðum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18

**EY-024:005** *Hjallhóll* tóft hjallur

66°04.311N 18°40.742V


"Ofan við Ósbrekkubæ eru Kvíahóll og Hjallhóll." Hjallhóll og Kvíahóll eru eiginlega 2 nöfn á sama hólnum. Þó aðgreining var stundum gerð að Hjallhóll var nefndur neðri hluti hólsins en Kvíahóll sá efri. Tóftir eru á tveimur stöðum á hólnum en ekki er vitað hvorar eru hvað enda eru þær í sömu hæð, misutarlega. Hér eru skráðar tóftirnar sem eru beint ofan við (25-30 m) bæinn, í hólnum miðjum.

Hóllinn er grasi gróinn og svolítið þýfður.

Tóftin er einföld, með op nyrst á austurvegg, 6,5 X 5,5 m að stærð. Um 2 m norðan við hana er manngerð dæld eða gryfja, ríflega 1,5 X 0,5 m að stærð og með vatni í botninn. Gæti hugsanlega verið brunnur (?). Um 5 m sunnan við tóftina (og aðeins neðar) er svo þúst sem snýr eins en er illgreinanleg. Hæðin er þó fagurgræn og 6 X 6 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18

**EY-024:006** *Kvíahóll* tóft kvíar 66°04.326N 18°40.726V

"Ofan við Ósbrekkubæ eru Kvíahóll og Hjallhóll." Hjallhóll og Kvíahóll eru eiginlega 2 nöfn á sama hólnum. Þó aðgreining var stundum gerð að Hjallhóll var nefndur neðri hluti hólsins en Kvíahóll sá efri. Tóftir eru á tveimur stöðum á hólnum en ekki er vitað hvorar eru hvað enda eru þær í sömu hæð, misutarlega. Hér eru skráðar tóftirnar sem eru um 30 m norðan við 005. Tóft þessi er 10-15 m sunnan við lækinn sem rennur norðan bæjarhólsins. Ógreinilegur og gróinn slóði liggur utan í hólnum í sveig fast utan

við tóftina. Hóllinn er grasi gróinn og svolítið þýfður.

Tóftin er einföld og 8 X 3,5 m að stærð. Austurveggur tóftarinnar er fremur óskýr og op hefur líklega verið á honum. Einstaka grjóthnullungar eru greinanlegir inni í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:007 *Kotsgrafir* gryfja mógrafir

66°04.309N 18°41.071V

"... sunnan við Ósbrekkukot var mikil mótekja fyrrum. Þar eru Kotsgrafir." Sunnan við túngarð Ósbrekkukots tekur við mikið mógrafa-svæði að merkjum. Svæðið er mjög rakt og mjög margar mógrafir eru á því.

Svæðið er rakt, vaxið mosa og lágvöxnu grasi.

Grafirnar eru nú grónar grasi og mosa og eru allt að 1,5 m að dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:008 *Laugalækjareyri*

66°04.176N 18°40.650V

"Á Laugalækjareyri við Ólafsfjarðarvatnið var um skeið lendingarstaður fyrstu farþegaflugvéla á Íslandi (Súlunnar og Veidibjöllunnar). Voru flugvélnar, sem lentu á vatninu, stundum dregnar upp á eyrina." Laugalækjareyri er nú nokkuð röskuð. Hún var þar sem vegur liggur nú, beint neðan við sumarbústað og í suðurjaðri flugvallar.

Þar sem Laugarlækjareyri var er nú sléttlendi sem mikið hefur verið raskað vegna vegagerðar og lagningar nýs flugvallar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:009 Efri-fjánhús tóft fjánhús

66°04.280N 18°40.718V



"Syðst og neðst í túni er Vatnshóllinn. Spöl nokkurn upp frá honum stóðu Efri-Fjánhús suður frá bæ ..." Um 40-50 m sunnan við bæ og beint upp af Vatnshólnum (en neðan í honum er lítill skógreitur) sjást enn síðustu leifar fjánhúsanna. Tóftin er um 80-90 m norðan við hús rafmagnsveitunnar. Um 30 m suðaustan við tóftina er efri endi túngarðsins.

Tóftin er á grösugri hæð sem mætti í raun telja framhald bæjarhólsins. Neðan við er rakt svæði og ofan við er þýfð brekka.

Tóftin er nokkuð skemmd. Norðurveggur þess er alveg heill og mjög stæðilegur en einungis sjást veggstúfar til suðurs og suðvesturs. Norðurveggurinn er 15 m en veggstúfarnir tveir eru um 4 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 18



EY-024:010 Gerðahús tóft fjánhús 66°04.340N 18°40.616V

"Syðst og neðst í túni er Vatnshóllinn. Spöl nokkurn upp frá honum stóðu Efri-Fjánhús suður frá bæ, en Neðri-Fjánhús, öðru nafni Gerðahús, stóðu út og niður frá bænum." Um 10-15 m neðan við 011 og um 40 m utan við þar sem bærinn (001) hefur staðið. Þetta eru að öllum líkindum Gerðahús þó þau séu í raun ekki neðar en bærinn. Garðlag er í kringum tóftina og taldi heimildamaður helst að þetta væru Gerðahús.

Húsini standa á grónu en þýfðu svæði.

Hústóftin er einföld og U-laga. Utan og ofan við hana liggur garðlag. Tóftin sjálf er eingöngu 4-5 X 4-5 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:011 frásögn fjós

66°04.311N 18°40.662V

Rétt um 10 m norðan við bæinn (001), á bæjarhólnum, var áður tóft af fjósi sem jöfnuð var út um leið og bæjarhúsini.

Tóftunum á bæjarhólnum var eingöngu rutt út en hóllinn var ekki skemmdur neitt að ráði. Hann er á kafi í gróðri og nokkuð ójafn, á nokkrum stöðum má sjá glitta í hleðslur eða steina á stöku stað án þess að þar sé hægt að greina leifar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

EY-024:012 Neðra-Hesthúsgerði tóft hesthús 66°04.362N 18°40.530V

Um 15-20 m beint neðan við Efri-Hesthúsgerði (003) er Neðri-Hesthúsgerði. Tóftirnar sjást enn um 20-30 m sunnan við þar sem má greina óljósar leifar túngarðs.


Í grasi grónu en þýfðu túni.

Tóftin er á hæð eða tungu í brekkunni. Hún er 10 X 7 m að stærð og er um 3 hólf.

Ekki er greinilegt hvar op hefur verið á tóftinni. Í stærsta hólfinu eru grjóthnullungar í gólfinu. Hæð tóftarinnar er 0,5 m en veggir eru um 1 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 18



EY-024:013 göngugarður heimild um vörslugarð

66°04.324N 18°40.277V

"Niðri á flatlendinu heitir Flæðar. Þar var fyrrum sýnilegur göngugarður allangur þvert frá fjalli, miðsvæðis á flatanum." Flugvöllurinn liggur á Flæðum en ekki eru merkjanlegar leifar garðsins á þessum slóðum og ekki man heimildamaður eftir honum. Garðlagið sést ekki upp frá flæðunum. Möguleiki er á því að garðlagið sem gengur niður úr túngarði Ósbrekkukots sé leifar þessa garðs en það virðist þó helst til sunnarlega til þess að það sé mjög sennilegt. Flugvöllurinn er á sléttu en röku láglandi en ofan (vestan) við hann tekur við grasi gróin hlíð.

Engin merki Garðsins eru á Flæðunum þar sem hnit voru tekin. Garðleifarnar sem ganga niður úr túngarði Ósbrekkukots eru 2-3 m á breidd en um 150-180 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 18

EY-024:014 Tjörnin álagablettur

66°04.438N 18°39.958V

"Yzt og ofan við Sandkamba er tjörn ofurlítill, alltaf nefnd Tjörnin; Þar var álagablettur." Tjörn þessi er horfin í dag. Hún var aldrei mikil en hvarf vegna lagningu flugvallar og vegar þar við. Tjörnin var beint norðan við húsbyggingarnar sem standa á flugvellinum.

Norðan við er malarhlað og rakt svæði þar norðan við.

Heimildamaður kannaðist ekki við neinar sagnir um hvers vegna tjörnin var talin álagablettur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Ól, 18



Túngarður EY-024:015 úr norðvestri.

EY-024:015 garðlag túngarður 66°04.261N 18°40.701V

Túngarður hefur legið umhverfis mestan hluta túnanna í Ósbrekku. Hann má greina um 30 m suðaustan við 009 og einnig ofan við tún norðan bæjarhóls þar sem hann beygir svo til austurs en verður fljótt ógreinilegur.

Að sunnan liggur garðurinn á röku svæði en ofan við tún liggur hann í brekkurótum grasi gróinnar en þýfðrar brekku.

Garðlagið sést á 15 m kafla sunnan við tún. Ofan við tún má hins vegar greina hann á um 150-160 m löngu svæði. Garðlagið er 1,5 m á breidd, 0,4-0,5 m á hæð og alveg gróinn.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

EY-024:016 þúst heystæði

66°04.324N 18°41.056V

Á svæðinu sunnan við túngarð Ósbrekkukots er mikið mógrafasvæði (007) og þar inn á milli eru nokkrar fagurgrænar þústir þar sem líklegast verður að telja að mór hafi verið hlaðinn upp.

Svæðið er rakt, vaxið mosa og lágvöxnu grasi.


Á svæðinu eru a.m.k. 3-4 þústir, flestar um 2-3 m á breidd en 3-4 m á lengd.

Hættumat: engin hætta

EY-025 Ósbrekkukot

Hjáleiga frá Ósbrekku, afdeild að túni og engjum. Byggð fyrir manna minni 1712 en hafði farið í eyði 1698. Er aftur byggð fyrir 1847 (ekki getið 1839) og fór í eyði 1948. Kotinu fylgdi land milli Ósbrekku og Skeggjabrekku. Fornleifum utantúns er lýst með Ósbrekku.

1917: 1.4 ha.



Bæjarhóll Ósbrekkukots EY-025:001 úr norðvestri

EY-025:001 Ósbrekkukot bæjarhóll

bústaður 66°04.374N 18°40.953V


"Ósbrekkukot stóð nokkru ofar í brekkunni en Ósbrekka ..." BE 1990, 96. Bæjarstæði Ósbrekkukots er nálega beint ofan við bæjarstæði Ósbrekku (örlítið utar) og báðir bæjarhólarnir eru fast utan við sama bæjarlækinn sem rennur niður úr fjalli fast norðan við bæina. Bæjarstæði Ósbrekkukots er nærri því að vera 260-270 m ofan við Ósbrekkubæ. Rústir bæjarins eru á hæð.

Bærinn stendur á hæð í túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi.

Bæjartóftin er ekki mjög stór eða um 12 X 12 m að stærð. Hún er nokkuð hrúin og gróin og einungis er hægt að greina tvö hólf. Vel getur verið að henni hafi frekar verið skipt niður með timburpilum enda er nokkuð af timbri og bárujárni í tóftinni miðri. Op er á austurvegg tóftarinnar. Nokkrar grjóthleðslur má sjá á einstaka stað innan tóftar. Tóftin er mest um 1 m að hæð en veggir hennar eru allt upp í að vera 1,5 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-025:002 tóft fjárhús

66°04.374N 18°40.976V


Um 16 m ofan við bæjartóftina og örlítið innar er tóft sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er fagurgræn og gróin og stendur á hæð sunnan við lækinn.

Tóftin stendur á lítilli hæð í túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi.

Tóftin er tvískipt og 12 X 12 m að stærð. Op er á austurhlið hennar. Í tóftinni eru grjóthleðslur greinilegar og hún er mest tæpur metri á hæð. Í austara hólfinu virðist sem garði gangi eftir endilöngu og er því líklegt að um fjárhús sé að ræða og hólfið sem er að baki hafi verið hlaða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-025:003 tóft fjárhús 66°04.395N 18°41.078V

Um 100 m ofan við bæjartóftina (001) og 80 m ofan við 002 (og örlítið innar) eru leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er fast sunnan við lækinn sem rennur norðarlega í túni.

Tóftin stendur á lítilli hæð í túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi.

Tóftin er 12 X 10 m að stærð og er 3-4 hólf. Tvö hólfanna snúa fram og op er á tóftinni til austurs. Að baki er eitt hólf sem gæti hugsanlega verið tvískipt þó líklegra sé e.t.v. að hrun úr veggjum hólsins orsaki það sem lítur út eins og lítill veggstúfur. Í syðra hólfinu að framan virðist sem garði

hafi gengið og því hefur húsið líklega verið fjárhús. Litlar grjóthleðslur eru greinanlegar. Tóftin er 0,6 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-025:004 tóft óþekkt 66°04.401N 18°40.921V

Um 50 m beint norður af bæjartóftinni og læknum sem rennur norðan við hana er alveg sigin tóft eða þúst sem nú er nokkuð ógreinileg.

Í kring er fremur lágvaxið og þýft gras og þar er nokkuð rakt.

Tóftin stendur á grænni hæð sem er um 10 X 5-6 m að stærð. Ummál tóftarinnar er óskýrara. Þetta virðast í raun tvær einfaldar tóftir. Sú efri er 4 X 3 m en 1 m neðan við hana er önnur sem er 2,5 X 3 m. Hæð tóftarinnar er 0,2 m en veggirnir eru 0,7 m á breidd. Hugsanlega eru þetta e.k. heystæði.

Hættumat: engin hætta



EY-025:005 tóft óþekkt

66°04.368N 18°40.952V

Um 10 m beint sunnan við bæjartóftina (001) er fremur gróin og ógreinileg tóft.

Tóftin er í túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi.

Tóftin er hringlaga og 2,5 X 3 m að stærð. Op er á austurhlið hennar og nokkur grjótdreif í og við hana. Hæð tóftarinnar er 0,3-0,4 m.

Hættumat: engin hætta

EY-025:006 tóft óþekkt 66°04.393N 18°41.010V


Um 40-50 m norðaustan við 003 og um 30 m norðvestan við 002 er tóft.

Hún stendur fast norðan við lækjarfarveginn.

Tóftin er í túni sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Svæðið er gróið lágu grasi.

Tóftin er einföld og 4,5 X 2,5 m að stærð. Op er nyrst á austurvegg hennar. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni, hæð hennar er 0,3 m en breidd veggja er tæpur metri.

Hættumat: engin hætta



EY-025:007 garðlag túngarður

66°04.359N 18°41.049V

Túngarður hefur verið umhverfis tún í Ósbrekkukoti að hluta en lækurinn markar tún annars staðar. Túngarðurinn sést nokkuð vel sunnan við tún og upp með þeim.

Túngarðurinn liggur umhverfis tún sem er örlítið þýft og nú nokkuð rakt. Sunnan við hann er mjög rakt svæði með mógröfum.

Túngarðurinn er um 2 m á breidd en 0,5 m á hæð. Hann er alveg gróinn en þó rofinn á nokkrum stöðum, t.d. á 10 m kafla mitt á milli 002 og 003. Garðinn má greina á 200-230 m svæði þó á milli sé hann víða rofinn á svæðum

Hættumat: engin hætta

EY-026 Skeggjabrekka

30 hdr. 1712. Hólastólseign. 1195: "Á þeim bæ, er í Brekku heitir, í Ólafsfirði, bjó sá maðr, er Þorsteinn hét ok var Halldórsson. En á annari Brekku bjó Eyvindr Bjarnarson ok Sigríðr móðir hans. Pat var mælt, at Þorsteinn

væri vel til Sigríðar. ... [Eyvindr og Sighvatr mikli bróðir hans] gátu fyrr lokit heyverki sínu, en Þorsteinn átti úti nokkut ok hafði fært heim í tún þat, er úti var. En meystelpa ein var at fé þeira bræðra. Ok einn dag rak hon naut at túni en Þorsteinn fór á mót henni ok bað hana eigi þangat reka at heyjunum ok vísaði í brot fénu ... En síðan gengur þeir bræðr á Brekku til Þorsteins. En hann leiddi hross sitt ór garði - ok fundust þar." Guðmundarsaga dýra, SturlR I, 181-82. 1449 á Hólakirkja "Jtem skeggiabrekko ix kugyllde. l. ijc." DI V, 38. 1525 er Skeggjabrekka talin meðal Hólastólseigna - DI IX, 301. 1550 á Hólakirkja "Med Skeggiabrecku .vij. kugillde. landskyllid .i1/2. c." DI XI, 862. 1569: Med Skieggiabrecku landsk. .i1/2. c. kug. .vi." DI XV, 230. 1570: Med Skieggiabrecku .vi. kug." DI XV, 460. Á Skeggjabrekkudal norðan Garðsár og að Laugalæk. Sýrnes mögulega gömul hjáleiga, Skeggjabrekkukot/Finnbogakot hjáleiga á 17. öld og snemma á 19. öld. Vatnsbakki hjáleiga í nokkur ár um síðustu aldamót. Í eyði frá 1970. Nú fólkvangur og útivistarsvæði Ólafsfjarðarbúa. 1917: 4.14 ha. 1/3 slétt. Garðar 80 m². 1939: "... með örðugu, þýfðu og hólóttu túni, sums staðar í bratta, hefir engi alsæmilegt, fjárgöngu, afrétt og grasatekju á þessum grösuga dal, silungsveiði í vatninu, og er því væn og vel sætileg jörð." SSE, 60 1990: "Ofan bæjarins tekur við undirlendi upp að fjallsrótum og eru þar túnin. Búskapur lagðist af í Skeggjabrekku fyrir nokkrum árum og er nú eggslétt túnið aðalvettvangur golfmanna í firðinum." BE 1990, 96

EY-026:001 *Skeggjabrekka* bæjarhóll bústaður 66°04.061N 18°41.195V
1990: "Bærinn stendur hátt uppi á brekkunni gengt kaupstaðnum í mynni Skeggjabrekkudals." BE 1990, 96. Gamli bærinn sem merktur er inn á túnakort stóð á svipuðum stað og íbúðarhúsið í Skeggjabrekku stendur nú. Gamli bærinn stóð reyndar örlítið ofar í hlíðinni, þ.e. hann hefur náð lengra til vesturs, þar sem nú er bílplan vestan við húsið. Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í og við bæjarstæðið. Bæjarstæðið er á einhvers konar bæjarhól en honum hefur verið raskað við bygginu íbúðarhússins sem nú stendur og lagningu bílplans. Bæjarhóllinn er um 15-20 m á breidd en 40-50 m á lengd.
Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-026:002 heimild um útihús 66°04.066N 18°41.183V
Fast norðan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin ummerki eru nú um húsið en þar sem það hefur staðið er nú heimreið sem sveigir fram hjá húsinu og að bílplaninu ofan þess. Á þessum stað er nú heimreið.
Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-026:003 *Fjóshóll* heimild um fjós 66°04.056N 18°41.147V
Um 20 m austan við 002 og um 30 m norðaustan við 001 var fjós sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Fjósið var á eða við Fjóshól. Engin ummerki eru nú greinanleg um þetta hús sem hefur verið utan og neðan við gamla bæinn (001). Neðan við íbúðarhúsið tekur við grösug brekka. Fjóshóllinn liggur norðaustur-suðvestur og hefur húsið verið ofarlega eða efst á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-026:004 heimild um útihús 66°04.089N 18°41.274V
Um 70 m vestan við gamla bæinn (001) var útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Þar sem útihúsið hefur staðið er nú golfvöllur en á þessum stað er svolítill hæð á vellinum. Sléttaður golfvöllur.
Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917


EY-026:005 Skeggjabrekkukot heimild um býli

66°04.146N 18°41.140V



"Í túninu eru þessi örnefni, eða voru til: Kothúsvöllur ...". 1712:

"Skeggjabrekkukot, eyðihjáleiga, bygð við heimatúnið á fornu



fjánhússtaði hjer um fyrir 20 árum, og varaði bygðin inn til næstu 7 ára Aftur má hjer byggja, þó það sje til rýrðar heimajörðinni." JÁM X, 23. Kothúsvöllur er orðinn að golfvelli. Á þeim stað sem býlið, og síðar fjánhúsið, stóðu er hæð í vellinum og í rennisléttu grasinu má enn sjá móta fyrir hleðslum þess húss sem síðast hefur staðið á þessum stað. Tóftirnar hafa verið um 150-160 m utan og örlítið ofan við bæinn.

Skeggjabrekkukot EY-026:005 úr vestri. staðið á þessum stað. Tóftirnar hafa verið um 150-160 m utan og örlítið ofan við bæinn.

Þar sem tóftin var er hæð í rennisléttum golfvellinum.

Húsið sem seinast hefur staðið á þessum slóðum virðist hafa verið 16-18 m að lengd en um 6 m á breidd og op hefur verið á austurhlíð.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 20; JÁM X, 23 og Túnakort 1917

EY-026:006 álagablettur

66°04.337N 18°41.293V

"Við norðurmerkin heitir Þrætutunga og þar er Álagablettur." Þrætutunga er á merkjum innan og ofan við Ósbrekkukot. Golfvöllur nær alveg norður að merkjum Skeggjabrekku og Ósbrekkukots og hefur tungan að hluta verið þar sem hann liggur.

Þarna er svæði sem að hluta virðist vera gróin skriða. Sunnan við er golfvöllurinn en norðan við er deiglendi þar sem miklar svarðargrafir eru í landi Ósbrekkukots.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 19

EY-026:007 Svarðargrund gryfja mógrafir

66°04.030N 18°41.676V

"Næst þar framan við [Þrætutungu - 006] er grunnt gil, sem kallast Símonargil. Þá er Svarðargrund, Íglhóll og Grafarhólar." Um 350 m ofan við þjóðveg og um 100 m utan við stíflu í mynni Brekkudals eru flennistórar svarðargrafir.

Grafirnar liggja á aflíðandi svæði ofan við golfvöllinn. Svo virðist sem vegarstaði komi til með að liggja í eða við grafirnar.

Grafirnar eru á um 100 X 100 m svæði og eru grónar en þó víða enn um 1 m á dýpt.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 19

EY-026:010 Kotsgrund frásögn hrútakofi

66°04.116N 18°41.133V

Hrútakofi, og síðar reykkofi var um 100-120 m sunnan við gamla bæinn (001). Hann stóð á hæð sem var sú vestari af tveimur hæðum sem þarna voru í túni. Enn má örlítið sjá fyrir þessum hæðum, um 40 m suðaustan við 005.

Þar sem kofinn var áður er nú lítil hæð í sléttuðum golfvelli.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 20

EY-026:011 Finnbogakot bæjarstaði býli

66°04.279N 18°41.264V

"Neðst við Garðsá er Kotsgrund og Þrætuholt, þar næst Hæðir og niður frá þeim tóftir býlis, er eyðilagðist í snjóflóði; það hét Finnbogakot." Þetta sýnist vera annar staður en 'við heimatúnið' þar sem Skeggjabrekkukot var samkvæmt JÁM. Finnbogakot "var byggt á tímabili snemma á síðustu öld" skv BE 1990, 97 en þess er þó ekki getið í JJ, 285 eða SSE. Þrætutunga er á merkjum en neðan við hana var Finnbogakot í landi Skeggjabrekku. Á þessu svæði er golfvöllur og engar minjar um býlið.

Rennislettur golfvöllur.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ól, 20

EY-026:012 Sýrnes/Vatnsbakki heimild um býli

66°04.081N 18°40.677V

"Norðan við Ólafsfjarðarvatnið er Sýrnes kallað, fornt nafn, líklega dregið af sýr, sem þýðir gylta. Þetta er einskönar nes úti vatnið út og niður frá bænum." 1712: "Sýrnes heitir örnefni niður við vatnið, þar eru fáeinar tóftaleifar, og eru munnmæli að þar hafi í fyrndinni hjáleiga verið, sem af sje fallin fyrir manna minni, og því kann enginn um byggíngarkosti hennar að undirjetta. Ekki má hjer aftur upp byggja, því túnstæði er ekkert." JÁM X, 23. Sýrnes er nes sem gengur út í Ólafsfjarðarvatn sunnan við þar sem þjóðvegurinn beygir fyrir flugbrautina. Er það eina nesið í landi Skeggjabrekknna. "... nokkru fyrir aldamótin byggðist kotið Vatnsbakki í nokkur ár." Vatnsbakki var á sama stað og Sýrnes var áður.

Langt er síðan allt var sléttað á þessum stað en á tanganum er hóll þar sem tóftirnar voru.

Hóllinn er um 25 m á lengd en 15 m á breidd. Framan við hann, nær vatninu er steypur kofi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 20; JÁM X, 23; BE 1990, 97

EY-026:013 *Heygarðar* örnefni heygarður

66°04.067N 18°40.743V


"Suður með vatninu [frá Sýrnesi - 012] eru Votubakkar og upp frá þeim Heygarðar." Á svæðinu sunnan við Sýrnes og að merkjum við Garðsá er eilítið flatt undirlendi áður en brekkan tekur við þar sem þjóðvegurinn og íbúðarhúsið í Skeggjabrekku standa á og við. eru það nefndir Votubakkar. Ekki eru greinanlegir heygarðar fyrir ofan þá. Á einum stað, um 50 m sunnan við Sýrnes má þó greina um 20 m langt garðlag sem liggur austur-vestur.

Garðlag þetta liggur í þýfðri brekkunni sunnan og ofan við Sýrnesið.

Garðlagið er um 15-20 m langt og um 1 m á breidd. Það er um 0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ól, 20



EY-026:014 tóft stekkur

66°03.914N 18°41.039V

Um 10 m utan við Garðsá og um 100-150 m ofan við Ólafsfjarðarvatn. Tóftin er fast upp við brekkuna sem þjóðvegurinn liggur í ofar.


Tóftin stendur á rennisléttu grasflöt.

Tóftin er mjög gróin og fremur ellileg. Hún er 9 X 5 m að stærð og tvískipt. Op virðist vera á milli hólfanna tveggja en ekki er merkjanlegt op á útvegg. Tóftin er alveg gróin og er um 0,3 m á hæð. Austurveggur tóftarinnar er ógreinilegastur. Tóftin hefur líklega verið e.k. stekkur eftir

fjarlægð frá bæ og útliti að dæma.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-026:016 tóftir óþekkt

66°04.011N 18°41.758V


Um 50 m norðan við skurðenda sem liggur inn Brekkudalinn í dalsmynninu er fagurgræn hæð með L-laga tóft um 40 m utar og og neðar er önnur, einföld tóft. Tóftin (A) er ofan við stífluna og um 50 m innan við svarðargrafirnar (007) en B er nær gröfunum (um 20 m). Um 5 m ofan við efri tóftina er girðing

Tóft EY-026:016 (A) úr norðvestri.

en ofan við hana tekur við aflíðandi fjallshlíð. Tóftin er á hæð á melasvæði.

A er um 10 X 10 m að stærð og L-laga. Erfitt er að greina innri lögun tóftarinnar. Um 40 m norðaustar er önnur tóft. Hún er 5 X 3 m að stærð og er ferhyrnd, einföld. Hæð tóftanna er 0,2-0,3 m og þær eru þess legar að líklegt verður að teljast að þær séu í einhverju samhengi við hinar flennistöru mógrafir sem eru utan við þær.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar



Tóft EY-026:020 (B) úr austri.

EY-026:020 tóftir óþekkt

66°04.040N 18°42.014V

Beint ofan við innri enda stíflu og um 80 m ofan við skurð sem liggur inn mynni Brekkudals eru tvær tóftir í hlíðinni. Tóftirnar eru mjög ólíkar að gerð og virðast frá mismunandi tímum. Neðri tóftin er fagurgræn og stendur hærra en landið í kring og er greinanleg úr nokkurri fjarlægð. Um 40-50 m ofar (örlítið innar á dalnum) er önnur tóft þar sem greinanlegar eru nokkrar grjóthleðslur.

Tóftirnar standa á svæði þar sem lávaxið gras vex en eftir því sem ofar dregur er meira um gróna urð.

Neðri tóftin er 7,5-8 X 6-7 m að stærð og er tvískipt og nokkuð stekkjargleg. Hún er fagurgræn og alveg gróin og ekki er merkjanlegt hvar op hefur verið á útvegg hennar. Um 40-50 m ofar er önnur tóft sem er 6,5 X 11 m að stærð og grjóthlaðin að innan. Op er á miðjum austurvegg þessarar tóftar. Innan við þetta hólf hefur e.t.v. verið annað en hugsanlegt er að skriða eða lækjarfarvegur hafi fyllt upp í það, a.m.k. er fyllt upp í það nú. Ef reiknað er með þessum hluta tóftarinnar væri hún 21 m á lengd.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

EY-032 Kvíabekkur

Staður frá því á 13. öld amk. Landnámsjörð: "Ólafr bekkur var son Karls ór Bjarkey af Hálogalandi; ... Ólafr nam alla dali fyrir vestan ok Ólafsfjörð suman til móts við Þormóð ok bjó at Kvíabekki." Landnámabók (S/H), ÍF I, 244. 1195: "Síðan stökk Þorsteinn [í Brekku] í brott ok mátti þar ekki við vera - en þeir váru bræðr [á Brekku annari] ok Arnoddr inn mikli, er bjó at Kvíabekk." Guðmundar saga dýra, SturlR I, 182. 1323-1331: herra Laurencius byskop ... reiste spítala at Kuiabeck j Olafsfirde. prestum ollum till vidrveriss þeim sem þrotna kunnu at elle edr krankleika. ok ei voru émbettiss féfir. hann reiste þar sémilighan bunad sua at þar skorte onгна lut. ok feck þar till margar iardir. ok lamb elde. hefdu [!] su skipan stadit langan tima ef þeire hefde eighe breytt verit. ok su skipan nidr brotin. ok brott skutlat bunadenum ok miklum [!] godze af hans eftirkomanda Holabyskope; Lögmansannáll, IA, 269-71. 12.6.1386: Testamenti Þorsteins lögmans Eyjólfssonar: gefuande ... kugillde til kuiabeks; DI III 391-92. 8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: gefur kirkjunni kúgildi; DI III 685. Elsti máldagi Kvíabekkjarkirkju er frá 1461 og átti kirkjan þá allt heimaland og Hringver og Þverárland, tvo hluti í hval- og viðrekum austur frá ósi, en fjórðung í flutningum. Vestur frá ósi átti kirkjan þriðjung í viðrekum á móts við Gunnólfsárland. Kvíkfé var 4 kýr, 3 ásauðarkúgildi, 4 naut tvævetur, 2 naut veturgömul, 12 veturgamlir sauðir, 4 vetra gamall uxi, hestur og hross fyrir 2 hdr. Kirkjutúnd á því ári reiknaðist 1 mörk. Lýsistollur, heytollur og fiskatollur af 24 bæjum. 1464 var portio 11 aurar. 1471 reiknaðist portio 5 hdr í 5 ár. 1484 reiknaðist portio 1 hdr fyrir 2 ár. - DI V, 256-57. 1569 á kirkjan 10 hdr jörð er Bakki heitir, landskuld 5 aurar en annara eigna er ekki getið - DI XV, 352. Þverá var talin til heimalands Kvíabekkjargar en Hringver var einnig kirkjueign og er sennilegt að upphafleg landareign hafi náð yfir þær þrjár jarðir. Að auki voru Háfagerði og Bræðratunga hjáleigur á 17. öld og Bakkavellir á 19. öld. Talin 30-40 hdr á 19. öld (SSE, 59; JJ, 286). Á 14. öld var lærðra manna spítali á Kvíabekk. Á Kvíabekkjardal eiga að hafa verið sjö afbýli (BE II, 16), en þar er þó aðeins getið um Þúfnavelli, Sveinavelli og Sesseljusel auk Háfgerðis. Einnig var Nýibær hjáleiga ofan við túnið.

1917: 6.3 ha. 1/3 slétt. Garðar 210 m². 1839: "Hér er tún bæði ýft og fullt [af] óhrærandi björgum í jörðu, fóðrar 3 kýr í meðalári. Engið er grasgefið, en alls staðar fullt af smámöl og leir, sem árlega rennur ofan æur Gangnahnjúksfjallinu. Undir staðinn liggja Kvíabekkjargar-, Skarðs- og Húngilsdalir, hverra sá seinasti brúkast fyrir afrétt af næstu bæjum." SSE, 59-60. 1847: "Staðurinn fóðrar 3 1/2 kú á töðu, 40 ær og 16 lömb, sem opt verður að halda á gjöf frá veturnóttum til fardaga. Úteingi er grasgefið, en liggur undir grjót- og leirrennsli úr fjallshlíð. Dalur sá, sem staðnum fylgir, er notaður til beitar á sumrum fyrir búsmala, og er geldfé rekið þangað frá næstu bæjum; þar má og afla útheys nokkurs, þó það sé torsókt, yfir lángan og örðugan veg." JJ, 308. [1965]: [Kvíabekkjardalur er] stór og grösugur, talinn jafnvel 1000 hestburða heyland." Ö-Ól, 36. 1990: "... breiða túnin úr sér á báðar hendur fram undan bænum. Jörðin er líklega sú landmesta í Ólafsfirði ... Á dalnum voru og eru

enn góð engjalönd og var heyskapur þar oft mikill þegar spretta brást annarsstaðar." BE 1990, 76. 2001: Gamla túnið hefur allt verið sléttað og er nú aðeins hluti þess í rækt. Móum hefur verið breytt í tún sunnan við bæinn og einnig norðan við hólana sem eru næst norðan við bæinn, þar sem áður var Engið.

EY-032:001 *Kvíabekkur* bæjarhóll bústaður 66°00.914N 18°46.249V
"Bærinn mun fyrrum hafa staðið við kirkjugarðinn, norðvestanvert, en vitað er að hann hefur verið fluttur nokkrum sinnum." segir í örnefnalýsingu. Svólítill bunga er í túninu fast vestan við kirkjugarðinn og gæti bær hafa staðið þar. Þar fast norðan við rennur lækur (nú grafinn í skurð) en norðvestan við hann er önnur bunga á árbakkanum sem einnig gæti verið bæjarstæði. Þar norðan við er s.k. Spítalahóll en það er nafn á neðsta hólum í hólarað sem afmarkar túnið að norðan.

Í túni, nú sléttað

Engar mannvirkjaleifar sjást nú á yfirborði, en í rofi í lækjarbakkanum fast við norðvesturhorn kirkjugarðsins sjást torfhleðslur. Einnig er steinadreif í grasrótinni á norðurbakka lækjarins og gæti það verið hleðslugrjót. Sunnan undir Spítalahól (eða næsta hól vestan við hann), þar sem kálgarður er í brekkunni, er hrúga af allstóru grjóti sem sýnilega hefur verið hreinsað úr túninu sunnan við. Sumt af því gæti verið hleðslugrjót. Svipuð hrúga, þó minni, er um 40 m ofar á mótum túns og hóla, og er sýnt að nyrsti hluti túnsins hefur verið mjög grýttur nema það sé allt komið úr þeim mun meiri byggingum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ól, 36

EY-032:002 hús kirkja 66°00.909N 18°46.245V
Kirkja, byggð 1892 stendur í kirkjugarðinum. Hún er um 70 m vestan við þjóðveg og um 100 m ANA og neðan við núverandi íbúðarhús.

Í túni, en heimreið liggur upp með garðinum að sunnan.

Garðurinn er 40x25 m að stærð og snýr A-V, upp í brekkuna. Austur- og norðurhliðar hans hafa verið hlaðnar upp en ekki virðist hann hafa verið færður mikið út, nema ef vera skyldi til austurs og þá varla meira en 2 m. Garðurinn nær slétt út á brún hleðslunnar og myndar þannig sléttan pall í hliðinni. Í honum er aðeins eitt tré, vestast nálægt hliði sem er vestast á suðurhlið. Í garðinum eru mörg ómerkt, ósléttuð leiði. Aðeins einn legsteinn er í garðinum sem mögulega gæti verið gamall. Hann er austan við kirkjuna, en er ólæsilegur. Hann er aflangur drangur, snýr A-V ofan á gröfinni. Sökkull kirkjunnar hefur verið steypur upp, eða að steypa hefur verið sett utaná hlaðnar undirstöður.

Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-032:003 heimild um útihús 66°00.956N 18°46.350V
Um 60 m NNV af 001 var útihús skv. Túnakorti frá 1917. Þar er nú ávöl hólbunga í hæðóttu túninu, norðan lækjar, en engin merki sjást um húsið.

Í túni.

Sunnan við þar sem húsið hefur staðið er ferköntuð dæld á lækjarbakkanum og er grjót í köntum hennar. Sennilega kálgarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-032:004 heimild um útihús 66°00.926N 18°46.477V
Skv. Túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m vestur af 001 og heldur sunnar. Þar er nú stór útihúsasamstæða úr timbri, bárujárnsklædd.

Stórt járnklætt hús og aðkeyrslur, haugar og svað í kring. Í jaðri núverandi túns.

Engin merki sjást um hina eldri byggingu en núverandi hús munu byggð upp úr því. Hlaðið er undir húsið, a.m.k. að austan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-032:005 heimild um bústað 66°00.912N 18°46.365V
Skv. túnakorti frá 1917 stóð bærinn um 100 m VNV við kirkjuna, mun ofar í túninu. Skv. því hefur núverandi íbúðarhús (byggt 1943) verið reist framan (austan) við gamla bæinn.

Steypur kjallari er undir núverandi íbúðarhúsi og nýlegum inngönguskúr vestan við það. Skipt hefur verið um jarðveg í kringum húsið og skúrinn og fyllt með mól. Slétt tún að vestan.

Engin merki sjást um bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-032:022 2 tóftir 66°00.848N 18°46.623V


"Suður og upp frá túninu eru Kvíabekkjarmóar, allstórt svæði. Efst í móum þessum eru tvær gríðarstórar tóftir, miklu stærri en svo, að um heytóftir eða peningshús geti verið að ræða. Þarna mun hafa verið Prestaspítalinn." segir í örnefnalýsingu. Tóftir þessar eru um 200 m SSV af 001 og um 250 m vestan við Þjóðveg, uppi á hól og er tún ræktað upp að honum að austan.

Á hól neðst í fjallshlíð. Lækir renna um lágir norðan og sunnan við hólinn og eru tún neðan við - áður móar. Ofan við er grýttur mói en skammt er til fjalls.

Tvær aflangar, samsíða tóftir, snúa báðar N-S. Sú vestari og efri er 15x6 m, þrískipt með dyrum nyrst á vesturhlíð. 6 m eru á milli tóftanna og er sú eystri og neðri 20x6 m. Hún er ógreinilegri en virðist einnig hafa verið þrískipt. Dyr eru norðan við miðju á eystri langvegg. Norðurendi beggja tófta hallar niður til norðurs. Í veggjum eystri tóftarinnar glittir í grjótt. Alls ekki er óhugsandi að þetta séu útihústöftir. Gætu líka verið leifar býlisins Bræðratungu sem var sunnan og ofan við tún Kvíabekkjarmóar og aðeins í byggð um tveggja ára skeið skömmu fyrir 1712.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Öl, 39



EY-033 Þverá

Hjáleiga frá Kvíabekk og Kvíabekkjarkirkjueign, en talin 20 hdr. á 19. öld (SSE, 59; JJ, 286). 1712 talin byggð fyrir manna minni og þá afdeild að öllum landkostum svo sem lögbýlisjörð. 1461 var Þverárland eign Kvíabekkjarkirkju - DI V, 256-57. Í eyði frá 1986 en tún voru nýttu til 1999. Ríkisjörð. Örnefnaskrá er ekki til fyrir Þverárland.

1917: 3.0 ha. 1/3 slétt. Garðar 210 m². 1839: "...hefir lítið tún [og] engi heima við, en nær betur til dalsins en staðurinn og er því vel byggileg." SSE, 59. 2001: Gamla túnið hefur allt verið sléttað - sýnist hart og grýtt. Ný tún hafa verið ræktað í móum sunnan við bæinn á móts við Kvíabekk. Í Þverárlandi ná túnin þó upp á hólana sem eru neðst í fjallshlíðinni og sýnist þar víðast vera mjög grunnur jarðvegur, en votlent á milli þeirra.

EY-033:001 Þverá bæjarhóll bústaður 66°00.628N 18°46.703V

"Allbrattur háls er fyrir mynni Kvíabekkjardals en neðan hans tekur við túnslétt. Eru það tún bæjanna Þverár og Kvíabekkjarmóar. Bæjarhúsin á Þverá standa neðan brattans nokkuð utan við samnefnda á sem rennur úr Kvíabekkjardal." BE 1990, 100. Miðað við afstöðu húsa á túnakorti frá 1917 hefur bærin staðið á mjög svipuðum stað og núverandi íbúðarhús. Þó sennilega heldur sunnar, annaðhvort fast sunnan við það eða undir suðurhluta þess.

Steypt íbúðarhús, ekki með kjallara. Í kring er malarborin heimreið og plan. Tún nær fast upp að, að austan og sunnan.

Engin merki sjást um gamla bæinn. Bæjarstæðið er á ávalri hæð eða palli en ekki er hægt að tala um bæjarhól.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917

EY-033:002 heimild um útihús 66°00.632N 18°46.738V

Skv. túnakorti frá 1917 var útihús um 25 m suðvestan við bæinn. Þar, eða fast norðan við þann stað, er nú steyp tóft.

Útihúsið er þaklaust að hálfu. Svað er sunnan við það, plan að austan en tún að vestan og norðan.

Fast við suðvesturhorn hússins sést í grjóthleðslu sem steyp hefur verið ofan á og gætu það verið leifar hússins. Nú verandi útihús hefur þá verið byggt fast við það eða inn í það.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1917

EY-033:003 Hesthúshóll heimild um hesthús 66°00.621N 18°46.963V

Skv. túnakorti frá 1917 var útihús um 200 m suðvestan við bæinn. Sá staður er uppi á hól, sem mun heita Hesthúshóll, og rís hátt á norðvesturbakka lækjar sem rennur í gegnum túnið og út í Þverá sunnan við það.

Allhár hólakollur og er mjög bratt niður af til norðurs og austurs - lækurinn rennur þar við hólsræturnar. Fast ofan við hólinn að sunnan og vestan er vegarslóði sem liggur upp að malarnámi um 100 m ofar og vestar. Hóllinn og næsta nágreppi hans var áður tún en er nú óðum að breytast í móa.

Engin merki sjást um húsið. Í suðausturhlíð hólsins er kálgarður í miklum bratta. Annar er í slakkanum

suðvestan og ofan við hólinn. Nafnið Hesthúshóll gæti einnig átt við næsta hól sunnan við sbr. 004, eða hæðina alla sem báðir hólarnir eru á.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-033:004 heimild um útihús

66°00.601N 18°47.019V

Skv. túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m sunnan við 003. Þar er annar hólkollur og nær suðurhlíð hans niður að Þverá.

Hár hólkollur og er mjög bratt niður af til austurs og suður - Þverá rennur þar við hólsræturnar. Neðan við hólinn að norðan, milli hans og 003, er vegarslóði sem liggur upp að malarnámi um 100 m ofar og vestar. Hóllinn og næsta nágrenni hans var áður tún en er nú óðum að breytast í móa.

Svoltil dæld er efst á hól þessum og gæti það verið ummerki um húsið. Austan undir hólnum er kálgarður. Nafnið Hesthúshóll, sbr. 003, gæti eins átt við þennan hól eða hæðina alla sem hólarnir báðir eru framan í.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

SK-431 Holt í Fljótum

60 hdr 1709. 45 hdr bændaegn, 15 hdr kirkjueign. Kirkjustaður. 1187-1192: Jón Ketilsson prestur og goðorðsmaður býr þar, er á vist á Hólum 1187; Guðmundarsaga dýra, Sturl 129. 1198: Þorsteinn prestur og fyrri og lúin kirkja full af snjó; Jónssaga eldri, Bsk I, 197-98. 1388 eru 10 vinnumenn á mála Hólastaðar í Holti - DI III, 417. 1389 eru "J hollti xvi kyr. fimm kuigur. gradungur a fyrsta vetr. xxx vxa. asaudr xiiij tiger. v Rutar. xl. lamba. nitian Ross. ij folauuld." DI III, 430. 8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: gefur kirkjunni kúgildi; DI III, 685. 3.6.1423 gerir Ingibjörg Loptsdóttir Magnús Jónsson kvittan um þá peninga hennar sem hann hafði haft umboð yfir "ath vndan teknum þeim peningum ek eigur j hollti j fliotum. þui hann hefir mer þar fulla ok alla peninga fyrir lukt ok þeim afhent sem ek hefir skipat ok Raad fyrir giort at lukaz skylldi j minar skulldir." DI IV, 309. 23.4.1427 gaf Ingunn Arnardóttir Þorsteini Magnússyni [Jónssonar] "jordina hollt j fliotum ok jordina saurbæ þar ed næsta firir tiutige hundrada" til kaups við Ólöfu Árnadóttur en Magnús Jónsson gekk "j fulla borgan ath suara vpp aa sina peninga ollvm kirkiunnar gozum ok fyrnd ok nidhrapan kirkiunnar j hollti j fliotum."- DI IV, 344. Elsti máldagi Holtskirkju er frá 1461. Þar kemur fram að kirkjan átti fjórðung í heimalandi, jóstoll og heytoll af 22 bæjum. Þorsteinn Magnússon bjó þar þá og gerði hann upp portio kirkjunnar fyrir undanliðin 32 ár m.v. að 2 merkur féllu á ári. 1464 féllu 4 merkur en 1471 reiknaðist portio fyrir 8 ár 16 merkur og bjó þá Hallsteinn Þorsteinsson þar með föður sínum. Í máldaganum segir ennfremur: "Til minnis ath jngun arnar dotter gaf þorsteine magnussyni stuupsyni sinom. þessv somu jord hollt j fliotum med þeim skilmaala. ath kirkian j hollti skylldi eiga jordena eyrarland j eyiafirdi. ef henne yrði ecki lukt niutiger hundrada j sitt porcione. jtem jorden saurbær þar j þingunum er reiknud gaumul eign kirkiunnar." 1491 féll 1 hdr og 2 aurar í portio, en portio var óreiknuð næstu 18 ár þar á undan því Hallsteinn bóndi var ekki heima. Árið 1500 var portio óreiknuð upp á 21 ár auk fyrri reiknings en síðustu 8 ár meðan Jón Þorsteinsson hélt - portio á því ári var 11 1/2 eyrir. - DI V, 254-55. (17. öld): Ingibjörg, dóttir Jóns Magnússonar og Ástríðar Gísladóttir fékk Holt í Fljótum, 50 hdr, í tilgjöf þegar hún var gift Gunnari Arngrímssyni lærða Jónssonar og hélt hún því jörðinni eftir dauða Gunnars - Bsk II, 387. Hjáleigur 1709: Rípur og Helgustaðir (SK-432) í byggð, Minna Holt (SK-433) og Lækjarbakki í eyði og húsmennskubýlið Þorsteinstóft í eyði. JÁM IX, 333-334.

1709: "Enginu spillir grjót og sandur úr Fljótá. Engið er líka votsókt so þar fyrir verður oft hirndrun á heyskapnum." JÁM IX, 333. 1918: Tún 7,6 teigar, um 1/5 slétt, útgræðsla 0,5 teigar..



SK-431:016 Réttin tóft rétt

66°02.703N 18°58.662V

"Upp við ána stendur Réttin, suður af henni heita Jaðrar, þar suður af Lágaxlarmýrar, þá Reykjarhólssel ..." segir í örnefnaskrá. Þessi rétt er yngri en 022. Hún stendur rúma 100 m frá Holdalsá og beint austan við skarðið milli hyrnunar og og Holtsáss.

Sléttir árbakkar, að mestu grónir, 100 m suðaustar er rétt úr timbri og járn.

Hringlaga fremur en ferköntuð réttartóft, veggir bólgir og þýft innan þeirra. Ekki sjást dyr og hvergi grjót. Veggjaþykkt er um 1-1,5 m. Tóftin er 9 X 6 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stóra-Holt, 2

SK-431:017 Reykjarhólssel tóft sel

66°02.478N 18°58.160V


"Upp við ána stendur Réttin, suður af henni heita Jaðrar, þar suður af Lágaxlarmýrar, þá Reykjarhólssel ..." segir í örnefnaskrá "Rétt utan við Grásteinsleiti [ofan við Blautugötur] er Reykjarhólssel, tóftir af fornu seli frá Reykjarhóli." segir í örnefnaskrá. 350-400 m sunnan við (037) eru leifar Reykjarhólssels á hæð 150-200 m ofan við ána.

Umhverfis er gróið sléttlendi. Ofar í fjallinu eru meiri melhólar.

Tóftin er uppi á hól. Greinilegar mannvirkjaleifar, en mjög erfitt er að greina nákvæma lögun tóftanna. Á svæðinu eru tveir hólar. Sá vestari er mun minni og er ekki hægt að greina neinar tóftir á honum. Stærri hólinn er um 10 m austan við hinn og er um 15 X 10 m að stærð. Á honum má greina a.m.k tvö hólf, annað norðaustast í (2,5 X 2 m) og hitt syðst (2 X 2 m). Greinilegt er þó að tóftir hafa verið á öllum hólnum en þær eru nú fallnar og grónar og því erfitt að greina nákvæma lögun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Stóra-Holt, 2; Ö-Holtsdalur, 3



SK-431:022 bæjarstæði bústaður

66°02.367N 18°57.507V


"Þar sem Ólafsfjarðardalsá og Holtsdalsá koma sama, myndast allstór tunga, og herma svo forn munnmæli, að Bárður Suðureyingur landnámsmaður hafi reist þar bæ sinn, og kallaði hann dalinn Mjóvadal og ána Mjóvadalásá. Hallur Mjóðælingur, sonur hans, flutti bæinn heim fyrir ásinn sökum þess, að honum þótti vora seinna uppi í dalnum." segir í örnefnaskrá. Fast sunnan við Ólafsfjarðardalsá en austan Holtsár myndast tunga og á henni á bústaðurinn að hafa verið.

Mýrlent láglendi neðst við ármótin, en svo fer land snarhækkandi.

Engar tóftir sjást á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stóra-Holt, 3-4



SK-431:031 tóft beitarhús

66°02.408N 18°57.540V

"Hjálmar Jónsson bóndi í Stóra-Holti reisti beitarhús fram við Ármótin, fremst norðan Ólafsfjarðardalsár, austan Holtsdalsár." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ármót eru í dalnum austanverðum, og yst við Ólafsfjarðardalsá. Um 50 m norðan við Ólafsfjarðardalsá og meira en 100 m austan við Holtdalsá eru tóftir beitarhúsanna.

Gróið landsvæði. Melar með deiglendi inn á milli.

Tóftirnar eru á tveimur hólum. Á þeim austari er ein einföld tóft með dyr á vesturvegg. Er hún 4 m á lengd en 3 m á breidd og nokkuð greinileg (hæð veggja 0,8 m). Um 5 m neðan við þennan hól er annar hól og á honum 2-3 tóftir. Tóftirnar eru vestast á hólnum og er sú syðri 3 X 2,5 m að stærð með opi á norðurvegg en 4 m norðan við hana önnur tóft (5 X 3 m) en enginn norðurveggur er fyrir henni. Vestan við þessar tvær tóftir er dæld sem gengur meðfram þeim eftir endilöngu (norður-suður) en ekki er greinilegt hvort um tóft er að ræða.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Stóra-Holt ath og viðb., 2; Ö-Holtsdalur, 4


SK-431:032 *Gamla-rétt* tóft rétt 66°02.565N 18°58.918V
"Réttarlækur rennur í Holtsdalsá, framarlega á Eyrinum. Rennur hann sunnan við Gömlu réttina, en norðan við þá nýju, sem stendur niður undir á, fremst (syðst) á Eyrinum." segir í örnefnaskrá. Gamla réttin stendur milli Holtsáss og Holtshyrnu á grösugum hól.

Þýfðir móar vaxnir grasi og lyngi. Á milli eru melar.

Réttin er mjög þýfð og nær yfir allan hólinn. Hún er um 10 X 8 m að stærð. Enn er hægt að greina afgirt hólf inni í henni í suðvesturhorni hennar. Veggir tóftarinnar eru um 1,5 m á hæð að utan en innan er hleðsluhæðin aðeins 0,4 m. Um 30 m suðvestan við tóftina er önnur lítil tóft sem er 5 X 5 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Holtsdalur, 2



SK-431:033 *Blautugötur* gata leið


66°02.525N 18°58.846V

"Búsmalagötur liggja austur fyrir Ólafsmelinn og fram Grænumóana. Heita þær Blautugötur. Sunnan í Grænumóunum hallar götunum mjög niður í dalinn ofan við Lágaxlargilið. Þar í brattanum eru þær ætíð blautar og er þar nokkurt vatnsrennsli og munu þær bera nafn sitt af því." segir í örnefnaskrá. Blautugötur lágu frá bæ og milli Holtsáss og Holtshyrnu og þaðan inn Holtsdal. Göturarnar lágu í fjallsrótum.

Slóði sést á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Holtsdalur, 2




SK-431:037 tóftir óþekkt 66°02.651N 18°58.436V
Beint suðaustur af 016 (110 m) er tóft uppi á hól. Tóftin er innan við 50 m austsuðaustur af bárujárnsrétt við árbakkann.
Þýfður og grösugur rani sem liggur norður-suður með ánni.
Algróin tóft, samanstendur af 2 aflöngum hólfulum sem liggja hornrétt hvort á annað. Svo virðist sem hólfin (tóftirnar) séu ekki fastar saman. Nyrðra hólfið liggur austur-vestur og er 3,5 X 18 m að stærð en hið syðra snýr norður-suður og er 10 X 4 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

SK-434 Brúnastaðir

30 hdr 1709. Hólastólseign. Landnámsjörð: "Brúni enn hvíti hét maðr ágætr, son Háreks Upplendingajarls; hann fór til Íslands af fýsi sinni ok nam land milli Mjóvadalsár ok Úlfsdala; hann bjó á Brúnastöðum. Hann átti Arnóru, dóttur Þorgeirs en sóða, Ljótólfsssonar goða; þeura synir váru þeir Ketill ok Úlfeðinn ok Þórðr, er Barðverjar eru frá komnir." Landnámabók (S/H), ÍF I, 244. 1449 á Hólakirkja á "brvnastodom x kvgyllde j leigolaust l. ii1/2c." DI V, 38. 1525 eru Brúnastaðir taldir meðal Hólastólseigna - DI IX, 302. 1550 á Hólakirkja "Med Brunastodum .vj. kugillde. landskyllld .j. c." DI XI, 863. 1557 á Gottskálf Jónsson í Glaumbæ "Med Brunastodum halfum iij kugilldi. iij ær j landskyllld oc kalfz eldi oc suara aullum tiundum af xuc." DI XIII, 261. 1569: "Med Brunastodum landsk. .i1/2. .c. kug. .vi." DI XV, 230. 1570: Med Brunastodum .vi. kug." DI XV, 460. 1709 Brúnastaðakot forn eyðihjáleiga. JÁM IX, 335. 1709: "Enginu spillir Brúnastaðaa með landbroti og grjótsáburði hvorttveggja til stórskaða." JÁM IX, 335. 1918: Tún 9 teigar, um 1/2 slétt, garðar 304 m2.



SK-434:007 Brúnastaðakot bæjarstaði býli/sel 66°34.449N 18°59.864V

"Brunastadakot, forn eyðihjáleiga, byggt á selstaði heimajarðarinnar hjer um fyrir 40 árum og varaði bygðin ekki full 20 ár." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1709. "Upp og norður af Stekkum [013] eru Brúnastaðahólar. Efst í þeim eru tóftir af Brúnakoti. Þar telja sumir að landnámsbærinn hafi staðið." segir í örnefnaskrá "Nú vita menn ekki

Brúnastaðakot SK-434:007, aðaltóft, úr norðaustri.


en telja, að það hafi verið suðaustur frá Brúnastöðum upp undir fjallinu, og hefir sennilega lagzt í eyði sökum vetrarríkis, því snjóþyngsl eru þara óskapleg en landrými nóg. Kotið fór í eyði 1810." Tóftirnar eru nálægt 200 m norðan við norðurenda skurðanna á Holtsdal, um 1,1 km austur frá Brúnastaðabæ.

Tóftirnar eru á hæð á aflíðandi en grösugu svæði í Holtsdalsmynni.

Á þessum stað eru nokkrar vel grónar tóftir, misgreinilegar. Syðst er aflöng tóft sem snýr norður-suður (a). Hún er um 12 m á lengd en 7 m á breidd. Hún skiptist í 3 hól og er það sem er í miðjunni með garða eftir endilöngu. Skammt suðaustan við þessa tóft rennur lækur niður hlíðina. Um 20 m norðan við (a) er svo önnur tóft nokkuð óskýrari (b). Hún snýr austur-vestur og er um 20 m á lengd en 9 m á breidd. Ljóst er að nokkuð mörg hól hafa verið í tóftinni og hefur þar verið búið. Á er að giska að a.m.k. 7 hól hafi verið í tóftinni og op á henni hafi verið til suðurs en erfitt er að greina nákvæma lögun tóftarinnar. Um 1 m vestan við tóftina virðist einnig mega greina lítið, einfalt hól 5,5 X 4 m að stærð með opi til suðurs en það er mjög ógreinilegt. 46 m vestan við (b) er svo þriðja tóftin (örlítið norðar). Hún snýr austur-vestur og er 10 m á lengd en 5-6 m á breidd (c). Þessi tóft er fremur greinileg og hefur verið 10 X 5-6 m að stærð. Hún skiptist í tvö hól og er garði eftir því stærra endilöngu. Um 45 m suðvestan við þessa tóft er svo enn önnur tóft. Hún er um 5 m ofan (norðan) við vegarslóða sem liggur inn í dalsmynnið. Tóft þessi er ferhyrnd og einföld, um 3 X 3 m að stærð. Einnig nefnt Háasel.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM IX, 335, Ö-Brúnastaðir, 3; JBS IV, 123-124



Stekkur SK-434:013 úr norðri.

SK-434:013 tóft stekkur
66°03.312N 19°00.440V

"Með ánni, skammt fyrir ofan Neðstafoss er Stekkurinn, og sjást tóftir hans enn. ... Rétt við Stekkinn er foss í Brúnastaðaá." segir í örnefnaskrá. Í landi Brúnastaða liggur vegarslóði upp hlíðina austan við bæ, norðan við Brúnastaðaá. Þar sem slóðinn fer í gegnum fjallgirðingu í hlíðinni er stekkurinn. Stekkurinn er vel greinanlegur um 10 m sunnan við vegarslóðann og um 30 m neðan við fjallgirðinguna. Hann er 660-680 m austan við

bæ.


Grasi- og mosavaxinn mói upp frá gilinu en norðan við taka við lymgmóar.

Stekkjartóftin skiptist í tvö hólf en ekki er gengt á milli þeirra. Stærri hólfid snýr norður-suður (um 10 X 4 m að innanmáli) og op er á suðurhlíð þess. Vestan við þetta hólf er annað minna sem snýr austur-vestur og er op á vesturvegg þess. Samtals er tóftin um 14 m að lengd en um 12 m á breidd. Hún er vel stæðileg eða um 1,4 m á hæð og grjóthlaðin að

innan. Úr tóftinni gengur garður til suðvesturs í um 6 m en beygir þá til suðausturs og heldur áfram í um 20 m. Þar fjarar garðurinn út enda ekki nema 5 m að þverhníptu gili niður á við að Brúnastaðaá. Garðurinn er um 1 m á breidd en 0,3-0,6 m á hæð.

Hættumat: mikil hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Brúnastaðir, 3



Grænatóft SK-434:014 úr suðaustri.

SK-434:014 Grænatóft

tóft óþekkt
66°03.330N 18°59.342V

"Suður af áðurnefndum Rana, niður við Brúnastaðaá og nokkuð upp í fjallið, var engi frá

Brúnastöðum, kallað Brúnastaðahnjúkur. Í því eru þessi örnefni; Fram (suður) af Rana heita Mýrar, og þegar framán dregur nefnast Eyrar með ánni. Upp af Mýrum er


tóft, nefnd Grænatóft." segir í örnefnaskrá. Um 400 m næstum beint neðan við Háasel (015) er Grænatóft sem er 100-150 m ofan við efsta skurðinn á Holtsdal.

Grænatóft er á nokkuð áberandi, grasi grónum hól í hlíðinni. Á þessum stað verður fjallshlíðin meira aflíðandi og þar eru grasi vaxnir flóar með melum á milli.

Á þessum stað er ein tóft sem er nokkuð hrunin. Tóftin er um 14-15 m á lengd en 12 m á breidd. Svo virðist sem tóftin hafi skipst í 4 hólf sem eru nú orðin óskýr og er engu líkara en að tóftinni hafi verið raskað eftir að hætt var að nota hana. Þrjú op eru á vesturhlíð tóftarinnar en eitt á austurhlíðinni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Brúnastaðir, 4



SK-434:022 tóft óþekkt

66°03.395N 18°59.666V

Um 30 m norðaustan við norðausturhorn skurðanna í Holtsdal er ferningslaga tóft eða gerði. Hún er í halla móti suðri. Tóftin er um 200 m ofan við 007 og aðeins sunnar.

Tóftin stendur í grasi gróinni, aflíðandi brekku.

Tóftin er einföld, ferhyrnd og 11 X 10 m ða stærð. Veggir hennar eru 1,5 m á breidd og alveg grónir.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SK-435 Illugastaðir

30 hdr 1709. 10.7.1464 fékk Snjólfur Brandsson 20 hdr í Illugastöðum í Holtsþingum í arfaskiptum við bræður sína - DI V, 422. 1550 á Hólabiskupsstólum "Med Illugastodum .iij. kugillde. landskyldd .j. c." DI XI, 863. 1550: "Þessum epter skrifudum iordum hafdi biskup Gottskalkk (godrar minningar) vnder domkirkiuna komid. enn undan geingit j biskups Olafs Hiallasonar tijd. ... Illugastader j Fljotum." - DI XI, 880. 22.3.1555 tilgreindi Jón Finnbogason við arfaskipti að hann ætti Illugastaði í Fljótum 30 hdr - DI XIII, 43. 19.4.1556 er Jóni Finnbogasoni dæmdar jarðirnar Ósland og Illugastaðir í Fljótum en kröfur Hólabiskups til þeirra að engu hafandi - DI XIII, 115-17. 16.9.1566 er gefinn vitnisburður um að Jón Finnbogason hafi sagst ekki betur vita en að hann ætti hálfa Illugastaði í Austur-Fljótum - DI XIV, 525. Björnshús var tómthús á jörðinni, í eyði frá því um 1660. JÁM IX, 336.

1709: "Enginu grandar kaldavatn undan fönnum, sem liggja á langt fram á sumur, og jetur það vatn víða úr grasrót." JÁM IX, 336. 1918: Tún 8,2 teigar, um 2/5 slétt, garðar 180 m².

SK-435:007 garðlag landamerki

66°03.944N 18°59.472V

"Milli Brúnastaða og Illugastaða er Merkjagarður, og er hann jafnframt túngarður á báðum bæjum." segir í örnefnaskrá. Merkjagarðurinn náði allt frá túni, upp á brekkubrúnina austan við Ásendakot [031] og þaðan þvert yfir dalinn og upp í fjallið. Hann sést ágætlega á köflum en hverfur sumsstaðar í mýrum. Garðurinn var skoðaður austarlega, í rötum fjallsins, norður af mynni Holtsdals.

Gróin og hæðótt brekka.

Á þessum stað stendur bútur af garðinum upp úr snjó, 10-15 m langur. Algróinn og ekki sést grjót, hæð óljós sökum snjóalaga. Breidd allt að 1 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Illugastaðir, 1

SK-435:028 gryfja kolagröf

66°04.082N 19°00.494V

670 m norðaustur af Ásendakoti [031], uppi á dalnum austan við Héðinsfjarðardalsána eru nokkrar hringlaga þústir.

Nokkuð slétt engi en sumsstaðar mýrlent.

A.m.k. 5 hringlaga þústir á víð og dreif, stærð almennt um 2 x 2 m en svæðið alls er nálægt 100 x 100 m. Dæld sést í miðju þeirra flestra og kantar rísa ekki hærra en 0,5 m. Þetta eru kolagrafir en forðum var skógur á þessum slóðum. Fjöldmargar slíkar grafir munu vera á svæðinu en fleiri sáust ekki, enda snjór yfir.

Hættumat: engin hætta

SK-435:032 Stekkjarbakki tóft stekkur

66°04.030N 18°59.800V


"Neðarlega í Yztalæk er stampur, sem heitir Kálfastampur. ... Fyrir sunnan þennan læk tekur við víðáttumikið engi; nær það frá á og upp að hinni fyrnefndu hólaþyrpingu og suður að stórum læk, sem rennur í djúpu gili og heitir Stekkjarlækur og Stekkjarlækjargil. Engjafláki þessi heitir Miðengi, en syðsti hluti þess Stekkjarbakki. Þar á að hafa verið stekkur, og má telja víst, að það sé rétt, því það sýna tóftarbrotin, sem þar eru, og ræktin á bakkanum," segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin er rétt tæpa 900 m beint austur af Ásendakoti (031), á norðurbakka gils sem gengur niður úr fjallinu.

Gróinn og sléttur gilbakki.

Greinileg tóft, ferköntuð, dyraop sést ekki. Snýr A-V, alls um 10 x 6 m en við austurenda er lítil kró, um 3 x 2 m og hleðslur mun lægri en í stóra hólfinu þar sem veggir ná allt að 1,2 m hæð. Hvergi sést grjót. Um 50 m austar er óljós þúst og töluvert þýfi, má vera að þar séu leifar stekkjarsins sem talað er um í lýsingu en tóftin sé af yngra mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Illugastaðir, 5



Stekkur SK-435:032, ljósmynd tekin úr austri.

5. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Í þessum kafla verður veglínunum lýst og fjallað um þær fornleifar sem eru í eða nálægt vegarstæðunum. Um er að ræða tvær aðal-leiðir: Héðinsfjarðarleið og Fljótaleið.

Á Héðinsfjarðarleið er fjallað um þrjár veglínur. Veglína A (auðkennd í gögnum Vegagerðarinnar á Akureyri sem veg-161-ha) er upphafleg veglína, sem miðað var við vettvangsathuganir sumarið 2000. Veglína B (auðkennd í gögnum Vegagerðarinnar á Akureyri sem 795-903) er sú lína sem Vegagerðin á Akureyri gerir tillögu um eftir forkönnun sumarið 2000. Veglína C (auðkennd í gögnum Vegagerðarinnar á Akureyri sem 795-204) er samkvæmt aðalskipulagi Siglufjarðar áætlaður vegur yfir Siglufjörð norðan við flugvöllinn.

Á Fljótaleið er aðeins fjallað um eina veglínu.

Héðinsfjarðarleið

Veglína A.

Vegarstæði frá Ólafsfjarðarkaupstað að gangamunna í mynni Skeggjabrekkudals. Veglínan kemur í framhaldi af Aðalgötu og brúnni yfir Ólafsfjarðará. Hún liggur yfir flugvöllinn sunnar en veglína A og sveigir upp í brekkuna neðan við Ósbrekku og fer svo til SSV um tún á Skeggjabrekku og að gangamunna neðst í fjallshlíðinni vestan við Skeggjabrekkukúa. Þessi leið er um 1900 m löng. Á henni lenda nokkrar fornleifar undir eða nálægt vegarstæðinu.

Vestan við Ólafsfjarðará liggur veglínan fyrst um eyri þar sem flugvöllur hefur verið gerður og hefur þar átt sér stað talsvert rask og er ekki vitað um neinar fornleifar þar í grennd við vegarstæðið. Þegar upp í hlíðina vestan við eyrina er komið liggur vegarstæðið í austurjaðri Ósbrekkutúns og er þar túngarður (**EY-024:015**) sem gæti skemmst við vegarlagninguna. Bæjarstæði Ósbrekku (**EY-024:001**), hjallur (**EY-024:005**) og kvíar (**EY-024:006**) eru hinsvegar öll meira en 75 m ofan við vegarstæðið. Tóft Efri-Fjárhúsa **EY-024:009** er næst vegarstæðinu, um 60 m ofan við það í suðurjaðri gamla túnsins. Þegar komið er yfir í Skeggjabrekkuland er Finnbogakot (**EY-026:011**) um 50-150 m ofan við vegarstæðið nyrst í landareigninni. Engar tóftir sjást þar lengur og nákvæm staðsetning er ekki þekkt en búið var á þessum stað á fyrri hluta 19. aldar. Veglínan liggur síðan neðan við tún Skeggjabrekkukots (**EY-026:005**) og er um 80 m austan við bæjarstæðið sjálft. Það hefur

verið sléttað undir golfvöll þó enn móti fyrir bæjarhólnum. Á þessum stað var búið í nokkur ár á seinni hluta 17. aldar en bæði fyrr og síðar var þar fjárhús. Um 40 m suðaustar var hrútakofi (**EY-026:010**) og er hússtæðið um 20 m vestan við veglínuna. Sunnan við þann stað liggur veglínan um hið forna tún Skeggjabrekku, á milli bæjarhóls (**EY-026:001** sbr. **002**) og útihúss (**EY-026:004**) og lenda báðir staðirnir í jaðri vegarstæðisins. Um 300 m vestan við hið forna túnstæði eru miklar mógrafir á Svarðargrund (**EY-026:007**) sem veglínan liggur hjá. Um 50 m framan við grafirnar eru tvær tóftir (**EY-026:016**) sem lenda í norðurrjaðri vegarstæðisins og um 160 m framan við þær eru tvær aðrar tóftir (**EY-026:020**) sem lenda í norðurjaðri vegskála.

Vegarstæði um þveran Héðinsfjarðardal. Gangamunninn austanmegin er fast ofan við eldra bæjarstæði Grundarkots og liggur veglínan þaðan í sveig til norðvesturs, skáhallt yfir dalinn, sunnan við Svarthóla og að gangamunna vestanmeginn sem er á móts við hólana.

Gangamunninn austanmegin er þar sem Grundarkot stóð á 19. öld og er þar stór bæjarhóll og allmargar rústir í kring (**EY-018:001**) sem allar munu skemmast ef vegur verður lagður á þessum stað. Neðan við bæjarstæðið liggur veglínan hinsvegar um mýrar þar sem eru mógrafir á stangli en ekki önnur mannvirki, hvorki austan né vestan við Héðinsfjarðará. Í fjallsrótum vestan við ána er tóft (**EY-020b:026**), sem gæti verið af fjárhúsi (beitarhúsi) um 40 m norðan við gangamunnann, í sömu hæð eða ívið hærra en hann.

Vegarstæði um Skútudal og á Ráeyrarveg. Gangamunninn er í neðanverðum Skútudal, norðan við Skútuá, heldur neðar en gangamunninn á veglínu B. Frá munnanum liggur veglínan norðan við Skútuá þar til hún beygir til norðurs. Þá liggur línan yfir ána og yfir hálsinn sunnan við Saurbæ, heldur norðar en veglína B, yfir kirkjugarðinn og á gatnamótin á núverandi vegi að Saurbæ og Ráeyri. Þessi leið er um 1,4 km löng. Á henni eru nokkrar fornleifar í og nálægt vegarstæðinu.

Gangamunninn er rúmlega 170 m austan við heytóftir **EY-012:020** og liggur veglínan yfir þær og er innan við 20 m sunnan við mógrafasvæði **EY-012:024**, en það er skammt ofan við núverandi brú á Skútuá. Um 10 m norðan við það er þúst sem gæti verið mókofi eða heystæði (**EY-012:025**). Uppi á og vestanvert í Saurbæjarhálsi liggur veglínan um tún í Saurbæ. Ofan við það liggur veglínan þó fyrst 30 m sunnan við tóft (**EY-011:022** – sennilega fjárhús), og svo yfir túngarð (**EY-011:017**). Þegar inn á túnið er komið er þúst (**EY-011:023**) undir vegarstæðinu þar sem áður stóð útihús. Tvær aðrar útihústóftir (**EY-011:010** og **EY-011:024**) eru 30 m norðan við vegarstæðið. Bæjarhóllinn í Saurbæ (**EY-011:001**) er svo fast

norðan við **EY-011:010**. Fleiri tóftir eru nálægt vegarstæðinu í túninu, t.d. Ærhúsgerði **EY-011:005** sem er 50 m sunnan við veglínuna og útihús **EY-011:004** sem er 60 m norðan við. Neðan við túnið liggur veglínan svo yfir tóft af af útihúsi á Langhóli (**EY-011:009**) en þar 40 m sunnan við er einnig bæjarstæði Saurbæjarkots (**EY-011:008**). 50 m norðan við vegarstæðið er svo tóft (**EY-011:025**), rétt ofan við núverandi veg að Ráeyri.

Veglína B.

Vegarstæði frá Ólafsfjarðarkaupstað að gangamunna neðan við Ósbrekku. Veglínan kemur í framhaldi af Aðalgötu og brúnni yfir Ólafsfjarðará. Hún liggur yfir flugvöllinn og að gangamunna sem er um 200 m NNA og neðan við Ósbrekku. Þessi leið er um 550 m löng. Á henni eru engar fornleifar.

Vegarstæðið liggur um land sem hefur verið umturnað vegna flugvallargerðar og er ekki vitað um neinar fornleifar á eyrinni sem flugvöllurinn er á nema **EY-024:014** sem er álagablettur. Álögin voru á lítill tjörn sem nú er horfin en var fast norðan við flugvallarhúsin, um 140 m norðan við vegarstæðið. Gangamunninn er um 100 m NNA og neðan við hinn forna túnjaðar Ósbrekku. Tóft á Neðra-Hesthúsgerði (**EY-024:012**) er þar nyrst í túninu, um 150 m frá munnum en túngarður (**EY-024:015**) var einnig um túnið en leifar hans sjást nú ekki við norðurmörkin, heldur aðeins neðst og efst í túninu.

Vegarstæði um þveran Héðinsfjarðardal. Gangamunninn austanmeginn er um 200 m norðan við yngra bæjarstæði Grundarkots (**EY-018:002**) en veglínan sveigir svo til norðurs, norður fyrir Svarthóla og liggur þar um votlendi sem voru engjar frá Vatnsenda. Vestan við Héðinsfjarðará tilheyrir landið Vík (áður Brúnakoti) og er gagnamunninn þar um 300 m vestan við ána. Þessi leið er tæplega 1 km löng. Á henni eru engar fornleifar.

Veglínan er á lengstum parti á votlendi sem ekki hefur hentað til húsbygginga og var fyrst og fremst nytjað sem beiti- og slægjuland. Tóftir sem kallaðar eru Svarthólakot (**EY-018:003** og **004**) eru á austurbakka Héðinsfjarðará, um 110 m sunnan við veglínuna. Þó ekki sé útilokað að þar hafi verið búið um skamma hríð er líklegra að tóftirnar séu af stekkjum og heystæðum. Vestan árinna eru meira en 200 m frá veglínunni að fornleifum norðan og sunnan við. **EY-020b:026** er tóft sem gæti verið af fjárhúsi (beitarhúsi) um 270 m sunnan við veglínuna en **EY-020b:027** eru tvær tóftir sem gætu verið stekkur og heystæði um 280 m norðan við vegarstæðið.

Vegarstæði um Skútudal og á Langeyrarveg. Gangamunninn er í neðanverðum Skútudal, norðan við Skútuá og liggur veglínan norðan við hana þar til áin beygir til norðurs. Þá liggur línan yfir Skútuá og yfir hálsinn sunnan við Saurbæ, sunnan við kirkjugarðinn og núverandi veg að Saurbæ og Ráeyri og síðan í sveig yfir Fjarðará fast sunnan við núverandi brúarstæði. Vestan við Fjarðará sameinast veglínan núverandi Langeyrarvegi. Þessi leið er tæplega 2 km löng. Á henni eru nokkrar fornleifar í og nálægt vegarstæðinu.

Gangamunninn er rúmlega 200 m NNV við fjórar smátóftir (**EY-012:019**) sem sennilega eru heystæði. Vegarstæðið fer svo yfir heytóftir **EY-012:020** og liggur 30 m sunnan við annað mógrafasvæði **EY-012:024**, en það er skammt ofan við núverandi brú á Skútuá. Um 10 m norðan við það, er þúst sem gæti verið mókofi eða heystæði (**EY-012:025**). Austanmegin í Saurbæjarhálsi liggur veglínan utaní Stekkjarmel (**EY-011:014**) en enga stekkjartóft er þar lengur að finna. Um 65 m sunnan við veglínuna eftir að hún er komin vestur fyrir Skútuá er hinsvegar tóft (**EY-011:016**) sem gæti verið stekkur. Uppi á hálsinum og vestan í honum liggur veglínan svo við suðurjaðar Saurbæjartúns og er þar um 30 m sunnan við túngarð **EY-011:017** og 55 m sunnan við fjárhústóft á Ærhúsgerði (**EY-011:005**). Um 60 m neðar og um 65 m norðan við veglínuna er bæjarstæði Saurbæjarkots (**EY-011:008**). Enn neðar, um 100 m ofan við kirkjugarðinn er þúst í norðurjaðri vegarstæðisins (**EY-011:020**). Ekki er um augljósar mannvistarleifar að ræða en þó þyrfti að athuga þær ef raska á við þústinni. Spölkorn vestar er stórt rústasvæði í suðurjaðri vegarstæðisins (**EY-011:029**). Á svæðinu, sem er um 350x150 m og snýr austur-vestur, eru um 11 tóftir sem allar virðast vera heystæði. Sum þeirra munu lenda undir veginum. Neðan við þetta svæði er veglínan komin niður á jafnsléttu og er þar votlendi og engar mannvirkjaleifar.

Veglína C.

Vegarstæði um Skútudal og yfir Siglufjörð norðan við flugvöll. Þessi veglína hefur sama gangamunna og veglína B og fylgir henni efst í Skútudal en fer ekki yfir Skútuá heldur fylgir henni að norðan og austan, um tún á Efri Skútu, yfir skriðuna frá 1830 og tún á Neðri Skútu (Ráeyri). Þá er gert ráð fyrir að leiðin fari yfir Siglufjörð við norðurenda flugvallarins, syðst í Naustavík og yfir á eyri sem að öllu leyti er uppfylling og sameinist þar Suðurtanga. Þessi leið er alls um 2,8 km löng. Á henni eru nokkrar fornleifar í og nálægt vegarstæðinu.

Gangamunninn er rúmlega 200 m NNV við fjórar smátóftir (**EY-012:019**) sem

sennilega eru heystæði. Vegarstæðið fer utaní heytóftir **EY-012:020** en sveigir svo til norðurs og er 75 m austan við mógrafir **EY-012:024** og þúst sem gæti verið mókofi eða heystæði (**EY-012:025**). Vegarstæðið er einnig 75 m ofan (austan) við mógrafasvæðið **EY-012:022** þar fast norðan við er það í jaðri mógrafasvæðisins **EY-012:022** en á því eru einir 10 mókofar, allir þó meira n 40 m frá veglínunni. Hún liggur svo um tún á Efri Skútu og nemur við austurjaðar bæjarhólsins **EY-013:001** og mun skemma hann. Hún liggur einnig beint yfir útihústóft **EY-013:005** sem er því í uppnámi. Efri Skúta var hjáleiga frá Ráeyri á 17. öld og þá kölluð Skútustaðir en varð annað aðalbýlið á jörðinn eftir að Ráeyri lagðist í eyði 1830. Norðan við túnið fer veglínan svo yfir tóftina **EY-013:003** sem gæti verið leifar býlisins Árbakka, og yfir mógrafir **EY-013:007**. Grafirnar eru í suðurjaðri skriðu sem féll 1830 og gróf undir sig bæinn á Ráeyri (**EY-012:001**). Ekki er nú vitað hvar undir skriðunni bærinn er. Neðri-Skúta (**EY-012:002**) var nýbýli reist eftir að skriðan féll og stóð í norðurjaðri hennar, skammt ofan við þar sem húsið Ráeyri stendur nú og er bæjarstæðið nálægt eða undir veglínunni, en nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt. Þar neðan við liggur veglínan um deiglendan móa í norðurjaðri svæðis þar sem um og eftir aldamótin 1900 stóðu allmargar þurrabúðir og smábýli. Þessu svæði hefur öllu verið raskað mikið og er nú óvíst með staðsetningar margra þessara býla, útihúsa og sjóbúða þeim tengdum. Verði framkvæmdir á þessu svæði er ljóst að fylgjast þarf vel með framkvæmdum því fornleifar gætu víða komið í ljós. Um 40 m vestan við veglínuna eru tóftir **EY-012:015** og við flæðarmálið liggur hún þar um sem naust og lendingar voru áður (**EY-012:004**) en engin merki þeirra sjást nú. Vestan við fjörðinn kemur veglínan í land á eyri sem að öllu leyti er manngerð uppfylling og er þar engra fornleifa að vænta.

Fljótaleið

Vegarstæði frá Ólafsfjarðarkaupstað að Kvíabekk. Frá gatnamótum Aðalgötu og Ægisgötu er fylgt núverandi vegi (Ólafsfjarðarvegi eystri) að Kvíabekk. Þar sem hvergi er gert ráð fyrir fráviki frá núverandi vegarstæði voru fornleifar ekki skoðaðar á þessu svæði en verði vegurinn endurhannaður og vegarstæði breytt, eða vegurinn breikkaður til muna er nauðsynlegt að fornleifaskráning fari fram.

Vegarstæði af Lágheiðarvegi að gangamunna neðan við Kvíabekkjardal. Vegarstæðið liggur af núverandi vegi neðan við bæ á Kvíabekk og fer svo um tún upp í hóla sem eru

norðan við Þverá og að gangamunna sem verður við 100 m hæðalínu skammt norðan við malarnám ofan við Hesthúshól. Þessi leið er um 1 km löng. Á henni eru engar fornleifar.

Vegarstæðið nemur við túnjaðar hins forna túns á Kvíabekk og eru kirkjan (**EY-032:002**) og yngsta bæjarstæðið (**EY-032:005**) næst vegarstæðinu, og er kirkjan um 60 m vestan við það. Tóftir **EY-032:022** eru neðst í fjallshlíðinni ofan við túninn sunnan við Kvíabekk og eru um 230 m vestan við vegarstæðið. Allmargar smátóftir, heystæði og útihúskofar eru neðst í hólunum sunnan og ofan við Kvíabekk en þær eru allar fjarri vegarstæðinu. Vegarstæðið fer svo ofan við bæ og liggur meðfram norðvesturjaðri hins forna túns Þverár og er yfir 80 m frá bæjarstæði (**EY-033:001**) og útihússtæði þar hjá (**EY-033:002**), en um 40 m frá útihúsum á Hesthúshól, sem er neðan við malarnámið (**EY-033:004-005**). Engar tóftir sjást á þessum stöðum. Vegarslóði að malarnáminu er þó mjög nálægt tveimur síðastnefndu stöðunum og þarf að fara þar með gát ef slóðinn verður notaður sem aðkeyrsla að munnanum.

Að norðanverðu liggur vegarstæðið um sléttlendi, þar sem nú eru tún. Þar hefur að líkindum verið mýri eða blautur mói áður en lækjum var safnað í skurði og tún ræktuð. Ólíklegt er að mannvirki hafi verið reist í slíku umhverfi. Nær Þverá eru hólar sem einnig hafa verið ræktaðir sem tún. Meiri líkur eru á að mannvirki hafi verið reist á þeim slóðum.

Örnefnalýsing er ekki til fyrir Þverá og lýsingu Kvíabekkjara er augljóslega mjög ábótavant. Hún getur t.d. engra örnefna í túni eða á láglandi meðfram Ólafsfjarðará. Þverá hefur verið í eyði frá 1986 og engir staðkunnugir búa í nágrenninu. Af þessum sökum verður að gera ráð fyrir að heimildir skorti um minjastaði sem horfið hafa undir tún í vegarstæðinu og næsta nágrenni þess.

Vegarstæði milli gangamunna í Holtsdal og Nautadal. Að austan er gangamunninn í austanverðum Holtsdal um 700 m sunnan við Ólafsfjarðardalsá. Veglínan fylgir svo Holtsdalsá að norðaustan þar til hún beygir til vesturs (og heitir eftir það Brúnastaðaá). Þar sem áin beygir er gert ráð fyrir nýju vegarstæði sem tengi hina nýju veglínu á Holtsdal við núverandi þjóðveg um Fljót og er lína tengivegarins fast norðan við Brúnastaðaá. Norðan við vegamótin liggur veglínan í hlykkjum í landi Illugastaða að gagnamunna í mynni Nautadals, sunnan við Nautadalsá. Þessi leið er tæplega 5,9 km löng. Á henni eru nokkrar fornleifar nálægt vegarstæðinu.

Í tungunni sem myndast milli Ólafsfjarðardalsár og Holtsdalsár að austan herma munnmæli að Bárður Suðureyingur landnámsmaður hafi reist bústað sinn en ekki sjást þar þó neinar rústir (**SK-431:022**). Hið meinta bæjarstæði er 40-120 m vestan við vegarstæðið. Á

norðurbakka Ólafsfjarðardalsár er beitarhúsatóft og fleiri tóftir (**SK-431:031**) um 100 m vestan við vegarstæðið. Engar fornleifar eru svo á löngum kafla austanmegin á Holtsdal þar sem vegarstæðið er, þar til komið er í engi þau neðst á dalnum sem tilheyra Brúnastöðum. Þau hafa nú verið ræst fram. Um 100 m ofan við efsta skurðinn framarlega á engjunum er Grænatóft (**SK-434:014**) og er hún um 80 m austan við veglínuna. Önnur tóft (**SK-434:022**) er á móts við beygjuna á Holtsá/Brúnastaðaá um 30 m sunnan við veglínuna. Um 60 m suðvestan við veglínuna og 60 m suðaustan við vegarstæði tengivegar meðfram Brúnastaðaá eru tóftir Brúnastaðakots (**SK-434:007**). Þar sem vegarstæði tengivegarins er hálfnað milli vegar á Holtsdal og vegar um Fljót er stekkjartóft (**SK-434:013**) í suðurjaðri vegarstæðisins. Í landi Illugastaða fer veglínin hvergi nálægt þekktum fornleifum. Sú sem næst er vegarstæðinu er kolagröf **SK-435:028** en hún er 185 m vestan við veglínuna.

Vegarstæði í Hólsdal og á Langeyrarveg. Gangamunninn er vestanmegin í Hólsdal, milli Blekkilsár og Selár, mun nær Selá. Þaðan liggur veglínin á vesturbakka Fjarðarár fyrst um framræst graslendi en svo um malarnám í landi Skarðdals. Á móts við Hól liggur veglínin yfir Fjarðará þar sem hún tekur á sig hlykk til vesturs og fer síðan aftur yfir ána skammt vestan við núverandi brúarstæði framan við ósinn. Þessi leið er um 3,5 km löng. Á henni eru nokkrar fornleifar í og nálægt vegarstæðinu.

Undir vegskálanum eru tóftir (**EY-009:004**) sem ýmsir hafa talið vera bæjarstæði en hafa frekar útlit fyrir að vera heystæði. Á norðurbakka Selár liggur veglínin yfir túngarð (**EY-009:006**) sem tilheyrt hefur Leyningsseli (**EY-009:005**) en rústir þess eru um 30 m vestan við vegarstæðið. Í austurjaðri þess á móts við selið var áður rétt (**EY-009:007**) en til hennar sér nú ekki lengur og gæti hún hafa horfið er núverandi vegur var lagður. Um 300 m norðan við Leyningssel er mógröf (**EY-009:011**) um 20 m vestan við vegarstæðið og um 130 m norðar er tóft (**EY-009:012**) í 60 m fjarlægð frá vegarstæðinu. Fast norðan við hana eru mógrafir (**EY-009:013**) en 140 m norðan við þær tvær tóftir (**SK-009:014**) um 100 m vestan við vegarstæðið. Einhversstaðar á árbakkanum milli þessara tófta og bæjarstæðis Leynings á suðurbakka Skarðdalsár var býlið Nesjakot (**EY-009:010**), en tóftir þess eru nú alveg horfnar, hugsanlega undir skeiðvöll.

Norðan við Skarðdalsá hefur verið mikið rask vegna malarnáms en ekki er kunnugt um neinar fornleifar þar, né heldur á nesi því í landi Hóls sem veglínin liggur um. Vestast á því heita Finnuhólar (**EY-010:022**) og eru fornar sagnir um að þar sé haugur en ekkert hefur fundist sem sannar þá sögn.

6. kafli. Niðurstaða - Tillaga um aðgerðir

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa áhrif á fornleifar, sama hvaða leið eða veglína verður fyrir valinu. Það er hinsvegar skýrt af ofangreindu yfirliti að Héðinsfjarðarleið, veglína B, er sú leið sem langminnst áhrif hefur á fornleifar. Hér að neðan eru lagðar til tillögur um aðgerðir sem grípa þarf til við hverja veglínu. Mismunandi aðgerðir eru mögulegar.

- Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að merkja minjastaði sem eru nálægt veglínunum, en lenda ekki í þeim. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki af vangá við umferð vinnuvéla o.þ.h.
- Í öðru lagi má víða hnika til veglínunum án mikils tilkostnaðar til að forða fornleifum frá hnjaski.
- Í þriðja lagi eru viðkvæm svæði sem þarf að vakta á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum, a.m.k. á meðan verið er að rjúfa svörð, gera skeringar o.þ.h. Við því þarf að búast að fornleifar geti komið í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til vegarstæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.
- Í fjórða lagi getur rannsókn verið nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmdanna. Til þess þarf úrskurð Þjóðminjasafns og leyfi fornleifanefndar.
- Í fimmta lagi má sækja um til fornleifanefndar að fornleifar verði huldar án þess að rannsókn fari fram á undan. Þetta kemur því aðeins til greina að tryggt sé að fornleifarnar skemmist ekki, að þær séu mældar upp nákvæmlega fyrst og að þær teljist ekki svo áhugaverðar að rannsókn sé nauðsynleg.

Nauðsynlegt er að hafa þann fyrirvara um þær tillögur sem hér eru gerðar að þær eru miðaðar við þær upplýsingar sem Vegagerðin á Akureyri hefur látið Fornleifastofnun í té. Verði breytingar á hönnun vegarstæðis verður nauðsynlegt að bera það aftur saman við skrá um fornleifar. Einnig er hér reynt að gæta meðalhófs um hversu varlega megi treysta varkárni þeirra sem vinnuvélum stjórna við vegagerð. Litlu máli skiptir að safna nákvæmum upplýsingum um staðsetningu fornleifa ef þær upplýsingar eru ekki gerðar kunnar þeim sem vinnuvélum stjórna og/eða ef þeir vinna spjöll á landi utan við hin eiginlegu framkvæmdasvæði eins og oft vill brenna við. Tillögur um merkingar fornleifastaða eru hér gerðar til að koma í veg fyrir skemmdir sem gætu orsakast af slíku athæfi en í raun verður

slíkt seint fulltryggt og ástæða til að benda á að enn vantar skýrar vinnureglur af hálfu minjaverndaryfirvalda um hvernig tryggja á sem best varðveislu fornleifa í grennd við framkvæmdasvæði.

Héðinsfjarðarleið. Veglína A.

- hnika til veglínu *eða* sækja um leyfi fornleifanefndar til að fjarlægja bæjarstæði Grundarkots **EY-018:001** að undangegninni rannsókn. Gera þarf ráð fyrir að slík rannsókn verði mjög kostnaðarsöm.
- hnika til veglínu *eða* sækja um leyfi fornleifanefndar til að fjarlægja tóftir **EY-012:020, EY-026:016, EY-026:020, EY-011:023** og **EY-011:009** og túngarða **EY-011:017, EY-024:015** að undangenginni rannsókn
- framkvæmdaefirlit meðan á vegarlagningu stendur um tún á Ósbrekku, Skeggjabrekku, Skeggjabrekkukoti (með Finnbogakoti **EY-026:011**) og Saurbæ.
- merkja mógrafir **EY-012:024, 025, EY-026 :007**, fjárhústóft **EY-020b:026**, útihústóftir **EY-011:004, EY-011:010, EY-011:022, EY-011:024** og **EY-011:025**, bæjarhól Saurbæjar **EY-011:001**, Ærhúsgerði **EY-011:005**, Saurbæjarkot **EY-011:008**, bæjarhól Ósbrekku **EY-024:001** og Efra-Fjánhús **EY-024:009**.

Héðinsfjarðarleið. Veglína B.

- hnika til vegarstæði svo það hylji ekki þúst **EY-011:020** og tóftir **EY-011:029** og **EY-012:020**.
- merkja heytóftir **EY-012:020**, mógrafir **EY-012:024**, mókofa **EY-012:025**, túngarð **EY-011:017**, fjárhústóft á Ærhúsgerði **EY-011:005**, Saurbæjarkot **EY-011:008**, þúst **EY-011:020**, tóftir **EY-011:029** og norðurjaðar hins forna túns Ósbrekku **EY-024**.
- framkvæmdaefirlit meðan á vegarlagningu stendur um tún í Saurbæ.

Héðinsfjarðarleið. Veglína C.

- sækja um leyfi fornleifanefndar til að hylja mógrafir **EY-012:020** og **EY-013:007**.
- hnika til veglínu *eða* sækja um leyfi fornleifanefndar til að fjarlægja bæjarstæði Efri-Skútu **EY-013:001** með **005** og tóft **EY-013 :003** að undangenginni rannsókn. Gera þarf ráð fyrir að slík rannsókn verði mjög kostnaðarsöm.
- framkvæmdaefirlit meðan á vegarlagningu stendur yfir skriðu frá 1830 og tún Neðri-Skútu og þurrabúða við Naustavík. Gera þarf ráð fyrir að fornleifar geti komið í ljós sem tafið gæti framkvæmdir að rannsaka.

- merkja tóftir **EY-012:021** og **022**.

Fljótaleið.

- hnika til veglínu *eða* sækja um leyfi fornleifanefndar til að fjarlægja tóftir **EY-009:004** að undangenginni rannsókn. Gera þarf ráð fyrir að sú rannsókn geti orðið kostnaðarsöm.
- hnika til veglínu *eða* sækja um leyfi fornleifanefndar til að fjarlægja stekk **SK-434:013** að undangenginni rannsókn.
- framkvæmdaeftirlit á meðan á vegarlagningu stendur við tún á Kvíabekk og Þverá, við bæjarstæði Nesjakots **EY-009:010** og við Leyningsssel **EY-009:005-007**.
- merkja **SK-431:031**, **SK-434:014**, **SK-434:022**, **SK-434:007**, **EY-009:010-014** og Finnuhóla **EY-009:022**.

7. kafli. Niðurlag

Niðurstaðan af fornleifakönnun vegna jarðgangagerðar milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar er að allar veglínurnar munu hafa áhrif á fornleifar og að í öllum tilvikum veðurur að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir minjaspjöll af völdum framkvæmdanna. Áhrif hinna mismunandi vegarstæða á fornleifar eru þó mjög mismikil. Veglína A á Héðinsfjarðarleið hefur langmest áhrif á fornleifar og ógnar a.m.k. þremur bæjarstæðum og mun krefjast umfangsmikilla rannsókna og fornleifaeftirlits verði hún fyrir valinu. Veglína C ógnar a.m.k. einu bæjarstæði í Siglufirði og krefðist líka umfangsmikils fornleifaftirlits á meðan á framkvæmdum stæði. Fljótaleið ógnar engum bæjarstæðum (en krefðist þó framkvæmdaefirlits við Kvíabekk og Þverá) en nokkrar tóftir myndu hverfa undir vegarstæðið, bæði á Holtsdal og í Hólsdal, sem rannsaka yrði áður en framkvæmdir hæfust. Veglína B á Héðinsfjarðarleið er sú veglína sem langminnst áhrif hefur á fornleifar. Hún hefur engin áhrif á fornleifar í Ólafsfirði eða Héðinsfirði en í nágrenni Saurbæjar í Siglufirði yrði að breyta hönnun eða gera rannsóknir á nokkrum tóftum.

Þó að vegarstæði liggi ekki beinlínis yfir fornleifar þá er annarskonar hættu sem þeim getur stafað af vegagerð. Verði vegur lagður í gegnum Héðinsfjörð er ljóst að hinar miklu og vel varðveittu fornleifar í firðinum munu ekki lengur njóta sjálfkrafa friðunar vegna strjálra mannaferða um fjörðinn. Héðinsfjörður laðist endanlega í eyði 1951 og þangað hafa aldrei komið stórvirkar vinnuvélar, engin verulega framræsla hefur átt sér stað né byggingaframkvæmdir á nútímavísu. Af þeim sökum er að finna í firðinum algerlega óskemmt menningarlandslag, með óspjölluðum rústahólum og vel greinilegum tóftum á a.m.k. 7 bæjarstæðum. Héðinsfjörður hefur af þessum sökum einstakt varðveislugildi sem minjasvæði og er ljóst að verði opnað fyrir umferð um fjörðinn mun gildi svæðisins rýrna vegna aukinna mannaferða og framkvæmda sem fyrr eða síðar munu koma í kjölfar bættra samgangna.

8. kafli. Heimildaskrá

BE I: *Byggðir Eyjafjarðar 1990 I*, Akureyri 1993.

Bjarni Þorsteinsson: *Siglufjarðarverzlunarstaður hundrað ára 1818 – 20. maí – 1918.*

Aldarminning. Ágrip af sögu kaupstúns og sveitar, Reykjavík 1918.

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers*, Lund 1967.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.

FHÚ: Sigurjón Sigtryggsson: *Frá Hvanndölum til Úlfsdala. Þættir úr sögu Hvanneyrarhrepps I-II*, Reykjavík 1986.

IK: Ingólfur Kristjánsson: *Siglufjörður 1818-1918-1988. 170 ára verslunarstaður. 70 ára kaupstaðarréttindi*, Endurbætur sömdu Guðmundur Ragnarsson og Benedikt Sigurðsson. Reykjavík 1988.

Ingólfur Kristjánsson: *Siglufjörður. 150 ára verslunarstaður. 50 ára kaupstaðarréttindi*, Siglufirði 1968.

ÍF: Íslenzk fornrit, Rv 1933-.

JÁM IX *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX Skagafjörður*, Kaupmannahöfn 1913-1917.

JÁM X *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín X Eyjafjörður*, Kaupmannahöfn 1913-1917.

JBS IV *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958. Ásamt skrá yfir opinbera starfsmenn o. fl. 1700-1958* IV [Skagfirsk fræði XI] [án útgáfust.] 1949-1959.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Jón Espólin: *Íslands Árbækur í sögu-forni IX*, Kaupmannahöfn 1821-1855.

ÓO: Ólafur Olavíus: *Ferðabók II* bindi Reykjavík 1965.

SS: Steindór Steindórsson: “Um eyfirskan útskaga. Ferðasögubrot frá sumrinu 1941” *Lesbók Morgunblaðsins* 1.3.1942, 21-24.

SSE: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirzk fræði II), Akureyri 1972.

Sturl : *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Rv 1988.

Túnakort. Jarðadeild. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Ámá: Örnefnaskrá Ámá. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands Íslands.

- Ö-Brúnakot:** Örnefnaskrá Brúnakots. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Brúnastaðir HH:** Örnefnaskrá Brúnastaða. Hanes Hannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Brúnastaðir:** Örnefnaskrá Brúnastaða. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Bæir í Héðinsfirði:** Örnefnaskrá yfir bæi í Héðinsfirði. Björn Grímsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Fjallahringur Siglufjarðar:** Örnefni í Fjallahring Siglufjarðar. Gunnlaugur Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands
- Ö-Glaumbær HG:** Örnefnaskrá Glaumbæjar. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Grund HG:** Örnefnaskrá Grundar og Grundarkots. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Héðinsfjörður:** Örnefnaskrá Héðinsfjarðar. Björn Grímsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hlíð:** Örnefnaskrá Hlíðar. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Holtaldalur:** Örnefnaskrá Holtaldals. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hóll HG:** Örnefnaskrá Hóls. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Illugastaðir í Austur-Fljótum:** Örnefnaskrá Illugastaða. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Möðruvellir ath:** Athugasemdir við örnefnaskrá Möðruvalla. Sölvi Sveinsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Möðruvellir HG:** Örnefnaskrá Möðruvalla. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Möðruvellir:** Örnefnaskrá Möðruvalla. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Nes:** Örnefnaskrá Ness. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Ól:** Örnefnaskrá Ólafsfjarðar. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Héraðsskjalasafnið á Akureyri.
- Ö-Ráeyri HG:** Örnefnaskrá Ráeyrar og Saurbæjar. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Saurbær HG:** Örnefnaskrá Saurbæjar. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

- Ö-Saurbær:** Örnefnaskrá Saurbæjar. Guðbrandur Þór Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Siglufjörður, Héðinsfjörður og Úlfsdalir:** Örnefnaskrá yfir Hvanneyrarhrepp. Pétur Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Skarðsdalur:** Örnefnaskrá Skarðsdals. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Stóra Holt ath og viðb:** Athugasemdur og viðbætur við örnefnaskrá Stóra-Holts. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Stóra Holt í Fljótum:** Örnefnaskrá Stóra-Holts. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Vatnsendi HG:** Örnefnaskrá Vatnsenda. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Vatnsendi:** Örnefnaskrá Vatnsenda. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Vík BG:** Örnefnaskrá Víkur. Björn Grímsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Vík HG:** Örnefnaskrá Víkur. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Vík JÓS:** Örnefnaskrá Víkur. Jóhannes Óli Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.